

Ágúst Einarsson



Hagræn
áhrif
tónlistar

Hagræn áhrif
tónlistar

ÁGÚST EINARSSON

Hagræn áhrif tónlistar



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

2012

Hagræn áhrif tónlistar

©Ágúst Einarsson

Útgefandi: Háskólinn á Bifröst, Borgarbyggð

Hönnun og umbrot: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja 

Prófarkalestur: Málvísindastofnun Háskóla Íslands

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

Printed in Iceland

ISBN-978-9935-9093-1-2

*Til
Kolbrúnar*



Efnisyfirlit

Formáli	9
Formáli að rafrænni útgáfu	10
1. Umgjörð tónlistargeirans	11
1.1 Inngangur	11
1.2 Hlutdeild menningar í hagkerfinu	16
1.3 Skapandi atvinnugreinar	21
1.4 Sérstaða tónlistar, erlendar rannsóknir og stefnumótun	26
1.5 Félög tónlistarmanna	32
2. Hagræn umsvif tónlistar	35
2.1 Velta og vinnumarkaður	35
2.2 Útflutningur í tónlistariðnaði	38
3. Umfang einstakra þátta í tónlistariðnaði	45
3.1 Framlög opinberra aðila	45
3.2 Útgáfa tónlistar	49
3.3 Kvikmyndir og myndbönd	52
3.4 Hljóðvarp og sjónvarp	53
3.5 Tónleikahald	57
3.6 Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska óperan	61
3.7 Tónlistarskólar	65
3.8 Tónlistarnám og vímuefnaneysla	71
3.9 Tónlist innan kirkjunnar, kórar og lúðrasveitir	72
4. Niðurstöður og umræða	75
Skrá yfir myndir og töflur	81
Tölulegt gagnasafn mynda	83
Heimildaskrá	92

Aviágrip

Atli Heimir Sveinsson	12
Bjarni Þorsteinsson	13
Björgvin Halldórsson	14
Björk Guðmundsdóttir	15
Bubbi	16
Egill Ólafsson	17
Garðar Cortes	19
Guðmundur Jónsson	21
Guðrún Á. Símonar	22
Gunnar Þórðarson	23
Gylfi Þ. Gíslason	24
Hjálmar H. Ragnarsson	25
Ingi T. Lárusson	26
Ingibjörg Þorbergs	27
Ingimar Eydal	28
Jakob Frímagn Magnússon	30
Jón Ásgeirsson	31
Jón Leifs	37
Jón Múli Árnason	38
Jón Nordal	39
Jón Þórarinnsson	40
Jónas Ingimundarson	42
Jórunn Viðar	43
Kristinn Sigmundsson	48
Kristján Jóhannsson	49
Magnús Kjartansson	50
Margrét J. Pálmadóttir	51
María Markan	52
Oddgeir Kristjánsson	54
Páll Ísólffsson	55
Páll Pampichler Pálsson	56
Pétur W. Kristjánsson	57
Ragnar Bjarnason	58
Ragnar Jónsson í Smára	59
Rúnar Júlíusson	60
Rögnvaldur Sigurjónsson	61
Sigfús Einarsson	62
Sigfús Halldórsson	63
Sigrún Hjálmtýsdóttir	64
Sigurður Þórarinnsson	65
Sigursveinn D. Kristinnsson	66
Sigvaldi Stefánsson Kaldalóns	67
Skúli Halldórsson	68
Stefán Guðmundsson Íslandi	70
Svavar Gests	71
Sveinbjörn Sveinbjörnsson	72
Tómas R. Einarsson	73
Vladimir Ashkenazy	76
Þorgerður Ingólfsdóttir	77
Þorkell Sigurbjörnsson	78

Formáli

Undirritaður hefur unnið að rannsóknum á hagrænum áhrifum menningar undanfarin ár. Þetta er heillandi og umfangsmikið verkefni og kallar á frekari vinnu á komandi árum. Í þessu riti er fjallað um hagræn áhrif tónlistar á Íslandi.

Bókinni er skipt í fjóra kafla. Í fyrsta kafla er umgjörð tónlistargeirans lýst, m.a. meginþáttum menningarhagfræði og hlutdeild menningar í hagkerfinu. Rætt er um skapandi atvinnugreinar og gerð grein fyrir sérstöðu tónlistar, stefnumótun, erlendum rannsóknum og fjallað um félagslegt kerfi tónlistarmanna.

Í öðrum kafla er fjallað um hagræn umsvif tónlistariðnaðar, eins og veltu og vinnumarkað. Tónlistariðnaðurinn er umsvifamikill á vinnumarkaði og skilar umtalsverðu framlagi til landsframléiðslunnar. Í þessum kafla er einnig rætt um áhrif tónlistar á útflutning.

Í þriðja kafla er fjallað um einstaka þætti í tónlistariðnaði, eins og framlög opinberra aðila, útgáfumál, kvikmyndir, hljóðvarp, sjónvarp, leikhús, tónleika, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslensku óperuna og tónlistarskóla. Einnig er fjallað um gildi tónlistar í vímuforvörnum. Jafnframt er í þessum kafla fjallað um tónlist innan kirkjunnar, kóra og lúðrasveitir.

Í fjórða kafla er niðurstöðum lýst og dregnar ályktanir af þessari rannsókn um næstu skref til að efla tónlist í samfélaginu. Einnig eru birtar skrár og tölulegt gagnasafn. Skotið er inn í textann stuttum æviágripum 50 íslenskra tónlistarmanna. Það er gert til að lífga upp á efnið enda er mikið talnaefni í ritinu sem ekki er alltaf auðvelt yfirlestrar.

Fjöldmargir hafa veitt gagnlegar upplýsingar við samningu þessa rits og ber fyrst að geta forvígismanna Samtóns, heildarsamtaka á vettvangi tónlistar, þeirra Björns Th. Árnasonar, Gunnars Guðmundssonar, Kjartans Ólafssonar og Sigurgeirs Sigmundssonar auk Ara Trausta Guðmundssonar. Mikið af þeim upplýsingum um menningu sem hér eru notaðar hefur verið safnað hjá Hagstofu Íslands undir stjórn Ragnars Karlssonar. Honum er þakkað sérstaklega fyrir veitta aðstoð. Aðrir sem hafa lagt til vinnunnar með persónulegum upplýsingum og er þakkað fyrir eru Atli Guðlaugsson fyrir upplýsingar

um rekstur Reykjavíkurborgar, Ása Richardsdóttir um rannsóknir í Danmörku, Bjarni Daníelsson um Íslensku óperuna, Gísli Baldvinsson um kóra, Gunnlaugur A. Júlíusson um rekstur sveitarfélaga, Jón Ásbjörnsson um útflutning, Konráð Ásgrímsson um kóra, Kristján Valur Ingólfsson um tónlistarstarf í kirkjum, Margrét Bóasdóttir um kóra, Margrét Pálmadóttir um kvennakóra, Sigríður Sveinsdóttir um starf tónlistarskólakennara, Sigrún Grendal um starf tónlistarskólakennara, Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir um kvennakóra, Vilborg Jónsdóttir um lúðrasveitir og Þróstur Ólafsson um Sinfóníuhljóm-sveit Íslands.

Einnig er samstarfsfólki mínu í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands þakkað fyrir gagnlegar ábendingar, þeim Helga Tómassyni, Kristínu Klöru Einaradóttur, Kristjáni Jóhannssyni, Margrétu S. Sigurðardóttur og Tryggva Þór Herbertssyni. Þorvaldi Gylfasyni eru færðar sérstakar þakkir fyrir veitta aðstoð. Allar missagnir eru þó á mína ábyrgð. Það er von mín að þessi vinna stuðli að áframhaldandi rannsóknum á sviði menningar og menningarhagfræði, ekki hvað síst á sviði tónlistar.

Reykjavík, í október 2004,

Ágúst Einarsson

Formáli að rafrænni útgáfu

Bókin *Hagræn áhrif tónlistar* kom út árið 2004 og fékk góðar viðtökur. Nú hefur verið ákveðið að gefa hana út með rafrænum hætti í opnum aðgangi og er það í samræmi við þá stefnu Háskólans á Bifröst að útgefið efni skuli helst vera í opnum aðgangi. Þessi bók er að langmestu leyti eins og hin prentaða útgáfa. Það er von mín að rafrókum á ólíkum fræðasviðum fjölgi á næstu misserum enda hefur þetta form útgáfu þegar sannað gildi sitt.

Bifröst, í ágúst 2012

Ágúst Einarsson

1. Umgjörð tónlistargeirans

1.1 Inngangur

Tónlist er hluti listsköpunar og listsköpun er hluti menningar. Það eru til margs konar skilgreiningar á menningu. Menningu hefur verið líkt við súrefni, sem er lífsnauðsynlegt mannum, og að samfélag manna nærast á slíku efni, alveg eins og súrefnið er lífsnauðsynlegt fyrir lífríkið. Hin mannfræðilega skilgreining er að allt sem maðurinn gerir flokkist undir menningu.

Menningarhagfræði, sem er umgjörð þessarar rannsóknar, er tiltölulega ung vísindagrein. Upphaf hennar er rakið til útgáfu bókar Baumols og Bowens *Performing Arts. The Economic Dilemma* árið 1966. Þar er í fyrsta sinn fjallað skipulega um hvernig aðferðafræði hagfræðinnar er beitt á listir (Heilbrun & Grey, 1993). Þar varð til listahagfræði („Economics of the Arts“) sem síðar þróaðist í menningarhagfræði („Cultural Economics“). Menningarhagfræði fjallar um beitingu hagfræðinnar á framleiðslu, dreifingu og neyslu á menningarlegum vörum og þjónustu (Towse, 2003).

Menningarhagfræði er sérgrein innan hagfræðinnar þar sem m.a. er fjallað um hagræn áhrif einstakra þátta eins og tónlistariðnaðarins (Frey, 2000; Held *et al.*, 1999; Bendixen, 1998; Peacock, 1994). Menning er einnig rannsökuð út frá öðrum sjónarhornum og í fjölmörgum öðrum vísindagreinum.

Framleiðsla á vörum og þjónustu, en samheiti þeirra er gæði, er grundvöllur allrar hagrænnar starfsemi. Vörur og þjónusta innan menningargeirans felur m.a. í sér sköpun eða listræna tjáningu. Eins og við aðra framleiðslu byggist menningarleg fram-

leiðsla á hinum þremur hefðbundnu framleiðsluþáttum, þ.e. vinnu, fjármagni og náttúruauðlindum. Einnig skipa aðrir þættir eins og þekking, mannauður, tækni, skipulag og stofnanir verulegu máli og eru þeir einnig tengdir innbyrðis.

Hér er menning skilgreind sem mannleg hegðun sem flyst milli kynslóða en menning mótast fyrst og fremst af reynslu margra kynslóða. Menning lýsir, skapar, varðveitir og miðlar tilfinningum og umhverfi mannlegs samfélags. Það gerist í máli, trú, hugmyndum, venjum, list og íþróttum eða á aðra vegu.

Menning er að miklu leyti almannagæði en með því er átt við vörur og þjónustu sem standa öllum til boða. Það er ekki hægt að útiloka fólk frá því að njóta eða neyta almannagæða og not eins rýrir ekki möguleika annars að neyta þessara gæða. Dæmi um hreinræktuð almannagæði eru landvarnir og vísindarannsóknir sem allir njóta góðs af hvort sem þeir hafa lagt sérstaklega til þeirra með sköttum eða ekki. Almannagæði eru oft framleidd og dreift af opinberum aðilum. Dæmi um það er þegar stjórnvöld fjármagna fornleifarannsóknir af skattfé og gera niðurstöður þeirra aðgengilegar almenningi.

Menning hefur jákvæð ytri áhrif. Ytri áhrif orka á þriðja aðila

Atli Heimir Sveinsson fæddist í Reykjavík árið 1938. Hann lærði í Hollandi og Þýskalandi og hefur samið mjög mörg tónverk, m.a. óperur. Hann var forvígismaður í raftónsmíðum hérlendis. Atli Heimir hlaut tónskáldaverðlaun Norðurlanda árið 1976. Hann hefur jafnframt starfað mikið að félagsmálum tónlistarmanna. Atli Heimir samdi m.a. hluta tónlistarinnar við uppfærslu Leikfélags Reykjavíkur á *Ofvitanum eftir Þórberg Þórðarson* og hann hefur samið mörg lög við texta yngri ljóðskálda.¹

¹ Varðandi hin stuttu æviágrip tónlistarmanna er reynt að velja sem fjölbreyttast úrval einstaklinga. Ekki er unnt að gera öllum til hæfis við slíkar stuttar samantektir, hvorki hvað varðar þá sem taldir eru upp né þau efnisatriði sem drepð er á. Því verður að taka viljann fyrir verkið. Tilgangurinn er sá að fólk hafi, vonandi, gaman af þessum stuttu lýsingum og er þeim ætlað m.a. að sýna fram á fjölbreytileika og breidd í tíma. Við ritun þeirra er stuðst við margar heimildir sem hafa að geyma upplýsingar um æviferil tónlistarmanna (*Tónverkaútgáfan Ísalög*, 2004; *Samtíðarmenn*, 1993, Torfi Jónsson, 1982–1984; *Upplýsingaveita um íslenska músík*, 2004; *Gagnasafn Morgunblaðsins*, 2004).

til góðs eða ills. Dæmi um jákvæð ytri áhrif er menntun. Aukin menntun hefur í för með sér aukna hagsæld. Það eru einnig til neikvæð ytri áhrif í hagkerfinu eins og mengun. Mengun hefur áhrif á þriðja aðila og leiðir til kostnaðar, eins og aukins kostnaðar við heilbrigðisþjónustu. Samfélagslegur kostnaður við framleiðslu vöru sem mengar er því hærri en beinn framleiðslukostnaður þeirrar vöru. Það gæti því verið skynsamlegt af opinberri hálfu að leggja gjald á þá verksmiðju sem mengar. Þar með yrði viðkomandi vara dýrari í samanburði við aðrar vörur og fyrirtækið drægi úr framleiðslu hennar.

Aukin menningarleg umsvif í hagkerfi, þar með talin aukin tónlist, leiða til bættra lífsskjara og aukinna lífsgæða, svipað og aukin menntun. Dæmi um að tónlist auðgi

samfélagið og geri það eftirsóknarverðara er starfsemi Sinfóníu-hljómsveitarinnar. Þannig njóta fleiri starfs Sinfóníuhljómsveitarinnar en þeir sem sækja tónleika hennar og hún eykur lífsgæðin í samfélaginu. Einnig tengist menningu ýmislegt sem er ekki mælanlegt eins og aukin vellíðan einstaklinga, sem er einstaklega augljóst hvað varðar tónlist.

Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, skilgreinir níu flokka menningar til að geta flokkað og skráð menningu (Haydon, 2000). Það eru menjar, eins og fornminjar, prentað efni og bókmenntir, tónlist, leiklist og tengdar listgreinar. Menning er miklu víðtækara hugtak en það sem aðeins felst í list og listgreinum. Starfsemi hljóðvarps og sjónvarps tilheyrir menningu, svo og íþróttir, útivist og málefni umhverfis og náttúru. Til menningar telst einnig allt það starf sem kemur menningu á framfæri og miðlar henni. Þar með er hvert það starf sem miðlar tónlist hluti af tónlistariðnaði (Sigurgeir Sigmundsson, 1993).

Í markaðshagkerfi nútímans gegnir verð á frjálsum markaði meginhlutverki við að stjórna framleiðslunni. Innan menningar-geirans getur þó verið æskilegt að opinberir aðilar styrki menningu eða framleiðslu menningarlegra gæða vegna hinna jákvæðu áhrifa. Hér gegnir sama máli og um menntun en stjórnvöld fjármagna skólakerfið að verulegu leyti af almannafé vegna þess að miklu fleiri njóta ávaxtanna af menntuðu samfélagi en aðeins þeir sem sækja skóla. Aukin menntun í samfélaginu eykur til muna verðmætasköpun, þ.e. landsframleiðslu.

Í mörgum tilvikum innan listageirans er stuðningur opinberra aðila nauðsynlegur vegna þess að annars myndi hin listræna starfsemi alls ekki eiga sér stað. Rekstur Þjóðleikhússins er dæmi um það. Án opinberra styrkja væri ekki hægt að reka þá stofnun sem þó er nauðsynleg sérhverju nútíma-samfélagi og víst myndu Íslendingar, sem sækja leikhús mest allra Norðurlandabúa, ekki vilja vera án öflugra leikhúsa.

Fjárhagsvandi margra þátta í menningu, einkum í listageiranum, stafar einmitt af því að framleiðniaukning, þ.e. aukin afköst, m.a. vegna tækniframfara, er ekki möguleg. Þetta var meðal þess sem kom fram í fyrrnefndri bók Baumols og

***Bjarni Þorsteinsson** fæddist árið 1861 og lést árið 1938. Hann var prestur, lengst af á Siglufríði. Hann var á margan hátt brautryðjandi í íslensku tónlistarlífi. Hann hafði mikil áhrif á messusöng hérlendis en þekktastur er hann fyrir þjóðlagasafn sitt. Þar vann hann þrekvirki með því að safna íslenskum þjóðlögum sem ella hefðu fallið í gleymsku. Hann samdi mörg lög, m.a. við ljóð Davíðs Stefánssonar skálds frá Fagraskógi.*

Bowens (Heilbrun, 2003). Það tekur jafnlangan tíma nú að leika Hamlet og á dögum Shakespeares og það þarf jafnmarga leikara og fyrir 400 árum. Það þarf fjóra hljóðfæraleikara til að leika strengjakvartett eftir Beethoven og þannig hefur það alltaf verið (Þorvaldur Gylfason, 1990, bls. 309).

Framleiðniaukning í hefðbundinni framleiðslu lækkar kostnað og leiðir til hærri launa þeirra sem vinna við framleiðslu og dreifingu. Þessu er ekki þannig varið í mörgum greinum menningar og því verður kostnaðarsamara að halda starfseminni gangandi vegna launa sem verða smátt og smátt almennt hærri í hagkerfinu vegna fyrrgreindrar framleiðniaukningar. Verð á menningar-efni eins og listsýningum hækkar því og verður dýrara í sam- burði við aðrar vörur og þjónustu og þar með dregur úr eftir- spurn. Framleiðniaukning í hagkerfinu leiðir þó almennt til aukins kaupmáttar sem endurspeglast að öðru jöfnu í aukinni eftirspurn eftir menningu. Það reynir þó mjög á opinbera aðila að hafa skilning á sérstöðu menningar innan samfélagsins. Ástæða þess er að innan menningar er rætt um svokallaðar verð- leikavörur („merit goods“). Með því er átt við vörur (og þjónustu) sem við sem þjóðfélagsþegnar viljum að séu framleiddar í samfé- lagi okkar og flest okkar samþykkjum við að hið opinbera noti hluta skatttekna sinna til að tryggja það. Dæmi um slíkt er að við myndum vilja að barist yrði gegn tóbaksreykingum jafnvel þótt þær sköðuðu ekki aðra en þá sem reykja (Þorvaldur Gylfason, 1991). Fólk er almennt reiðubúið til að greiða fyrir listræna starf- semi, ýmist með því að sækja slíka atburði og greiða þá aðgangs- eyri eða í gegnum skattakerfið með því að hluti skattgreiðslna fari til að styrkja slíka starfsemi.

***Björgvin Halldórsson** er fæddur í Hafnar- firði árið 1951. Hann hefur verið ein af mátt- arstöðum íslenska poppsins og lék m.a. með Flowers og hinni vinsælu hljómsveit Ævintýri.*

Björgvin hefur samið mörg lög og hann er einn þeirra sem reyndu fyrir sér erlendis og var það með hljómsveitinni Change. Hann hefur komið nálægt flestu sem hefur verið gert á þessu sviði undanfarna áratugi. Björgvin er mjög fjölbreytilegur tónlistarmaður og hefur m.a. gefið út plötur með trúarlegum söngvum sem hafa orðið vinsælar.

Fjármögnun menningar gerist með ýmsum hætti. Sumt greiða einstaklingar beint og fyrir annað greiða ríki og sveitar- félög. Víða erlendis leggja fyrirtæki og einstaklingar verulegt fjármagn til menn- ingarmála og njóta þá oft sérstakra skatta- ívilnana. Stuðningi hins opinbera er stundum varið beint til einstaklinga (t.d. listamannalaun) en einnig oft til fyrirtækja og stofnana (t.d. í formi framlaga til leik- húsa og safna).

Það eru til margvísleg sjónarhorn á menningu innan hagfræðinnar. Innan rekstrarhagfræðinnar er hægt að skoða rekstur menningarstofnana eða fyrirtækja í menningargeiranum og rannsaka starf frumkvöðla á þeim vettvangi. Velferðarhagfræðin greinir með hvaða hætti best nýting verði á takmörkuðum framleiðsluþáttum og hvernig velferð dreifist meðal þegnanna. Önnur sérvið hagfræðinnar henta vel til greiningar á menningu. Eignarréttur og stofnanir eru mikilvægir þættir í menningarlegu starfi og um það er m.a. fjallað í hinni nýju stofnanahagfræði („New Institutional Economics“). Þar er m.a. rætt um viðskiptakostnað, þ.e. þann kostnað sem fellur til við að koma á viðskiptum, og um ráðstöfunarrétt eða einkarétt, t.d. einkarétt listamanna á hugverkum sínum. Almannafræðin innan hagfræðinnar greinir m.a. þætti sem hafa áhrif á stuðning stjórnámálanna við menningu.

Það þarf að hafa skýrt í huga varðandi menningu og listir sérstaklega að verðmætamat breytist eftir tímabilum, þ.e. frá ári til árs, frá áratugi til áratugar eða jafnvel frá einni öld til annarrar. Það sem er álitid verðlaust á einum tíma getur orðið verulega verðmætt nokkrum árum seinna. Ný verðmætasköpun er einnig alltaf að eiga sér stað innan menningargeirans. Þótt Mozart semdi sína tónlist fyrir margt löngu eru áhrif hennar enn mikil innan hagkerfisins. Enn þann dag í dag er sú tónlist flutt á hljómlaikum, diskum eða á annan hátt. Þannig er tónlistin endurtekin í sífellu, verðmætamatið breytist með tímanum innan samfélagsins og sífellt á sér stað ný verðmætasköpun.

Mikil umræða er víða í nágrannalöndum um eflingu menningar og um menningarstefnu (*Cultural Policies in Europe, 2003; European Community Action in Favour of Culture 1996–1998, 1998*). Í þessu samhengi er rétt að nefna fimm stefnumál í menningarmálum sem höfundur þessa rits hefur vakið athygli á og kölluð eru **S-in fimm**. Með því er átt við í fyrsta lagi að það eigi að auka lista- og menningarkennslu í **skólakerfinu**, sem annars vegar eykur þekkingu almennings á menningu og hins vegar hvetur ungt fólk til að hasla sér völl í þessari umfangsmiklu atvinnugrein. Í öðru lagi á að skoða **stefnur** erlendis, en víða hefur verið unnið

Björk Guðmundsdóttir er fædd árið 1965 og er frægasti tónlistarmaður Íslands fyrr og síðar. Fyrsta plata hennar kom út árið 1977 þegar hún var einungis 12 ára. Hún starfaði í hljómsveitinni *Syurmolunum* frá 1986 til 1992. Hún hefur gefið út fjölmarga diska, m.a. Debut árið 1993 sem markaði upphaf sólóferils hennar. Árið 2000 lék hún titilhlutverkið í myndinni *Dancer in the Dark* sem var margverðlaunuð. Björk er mikill Íslendingur í sér og notar sérhvert tækifæri til að kynna land og þjóð. Hún er fyrirmynd ungs fólks, ekki aðeins hérlendis heldur einnig erlendis.

að markvissri stefnumótun í menningarmálum. Í þriðja lagi eru það endurbætur á **skattkerfinu** og þá ætti að heimila fyrirtækjum sérstakan skattafrádrátt vegna framlaga til menningar og vísinda. Í fjórða lagi á að skoða **skipulag** menningarmála og koma upp menningarmálaráðuneyti eins og margar þjóðir hafa gert með góðum árangri. Í fimmta lagi á að hefja sókn í **sölu** á erlendum mörkuðum, sem getur reynst árangursríkt í sambandi við tónlist (Ágúst Einarsson, 2001; Ágúst Einarsson, 2004).

1.2 Hlutdeild menningar í hagkerfinu

Það er hægt að meta hversu mikla hlutdeild menning hefur í hagkerfinu með því að skoða hverju einstaka þættir hennar skila til landsframleiðslunnar, þ.e. til verðmætasköpunarinnar. Eftirfarandi tafla sýnir hverju einstakir þættir menningar skila til landsframleiðslunnar hérlendis (Hagstofa Íslands, 2004).

Menningarþættir	Hlutdeild af landsframleiðslu árið 2000
Prentverk og útgáfa	1,36%
Listamenn, m.a. tónlistarmenn	0,74%
Útvarp og sjónvarp	0,48%
Íþróttir	0,38%
Trúmál	0,38%
Söfn	0,27%
Kvikmyndaiðnaðurinn	0,14%
Samtals	3,75%


Tafla 1: Hlutdeild menningarþátta til landsframleiðslunnar árið 2000

Í töflu 1 sést að samanlagt er framlag menningarþátta til landsframleiðslunnar 3,75% af heildarlandsframleiðslunni árið 2000. Allt sem viðkemur prentun og útgáfu telst 1,36% framlag en

***Bubbi** eða Ásbjörn Kristinsson Morthens eins og hann heitir fullu nafni fæddist árið 1956. Hann kom fyrst fram 1977 þá rúmlega tvítugur en hann hafði unnið sem farandverkamaður. Það mótaði feril hans og hann varð alþýðutónlistarmaður og mjög vinsæll sem slíkur. Fyrsta lag hans „Ísbjarnarblús“ er ekki aðeins raunsönn lýsing á vinnu fiskverkafólks heldur einnig óður til verkafólks. Bubbi var með hljómsveitinni Utangarðsmönnum um langt skeið. Bubbi er bróðir Tolla listmálara.*

prentverk og útgáfa er umsvifamikill atvinnuvegur hérlendis, m.a. í tengslum við bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu. Framlag listamanna, en mjög margir listamenn starfa hér á landi þar á meðal tónlistarmenn, t.d. í hljómsveitum, er 0,74%. Starfsemi sjónvarps og hljóðvarps, sem er umfangsmikil hérlendis, felur í sér mikla verðmætasköpun og þar vinnur fjöldi manns. Framlag sjónvarps og útvarps er 0,48%. Íþróttir eru flokkaðar til menning-

Hlutfallslegt framlag atvinnuvega til landsframléiðslu 2003



Mynd 1: Hlutfallslegt framlag atvinnuvega til landsframléiðslu árið 2003


arstarfsemi og eru þær umsvifamiklar, einkum á vettvangi sveitarfélaga. Trúmál eru yfirleitt flokkuð undir menningu, en trúmál eru skilgreind með ólíkum hætti í hagkerfi einstakra þjóða. Framlag þeirra er töluvert enda eru töluverð hagræn umsvif við kirkjulega starfsemi. Framlag safna, s.s. bókasafna, er 0,27% og kvikmyndaiðnaðurinn, sem er vaxandi atvinnugrein hérlendis, leggur um 0,14% framlag til landsframléiðslunnar, sbr. töflu 1. Það þarf þó alltaf að hafa skýrt í huga þegar litið er til einstakra atvinnugreina í verðmætasköpuninni að allar atvinnugreinar tengjast og þær styðja hver við aðra.

Það er athyglisvert að lítil og meðalstór fyrirtæki eru uppistaðan í fyrirtækjaflórinni innan menningar. Um 80% af fyrirtækjum í menningargeiranum eru með frá einum upp í fimm starfsmenn. Menningargeirinn einkennist af einyrkjaumhverfi. Einungis 15% fyrirtækja sem starfa innan menningar eru með frá fimm til tuttugu starfsmenn.

Á mynd 1 er sýnt framlag menningar í samanburði við aðrar atvinnugreinar fyrir árið 2003 og er m.a. byggt á ætlun Hagstofunnar um landsframléiðslu þess árs (*Hagtíðindi*, 2004). Á mynd 1 sést að starfsemi hins opinbera telst vera um 21% framlag til landsframléiðslunnar árið 2003. Verslun, veitinga- og hótélrekstur jafn-

Egill Ólafsson er fjölhæfur listamaður. Hann fæddist árið 1953 og nam tónlist hérlendis og víða á Norðurlöndum. Egill hefur verið söngvari með hinni vinsælu hljómsveit Stuðmönnum um langa hríð og samið fjölda laga. Hann er mikilvirkur leikari bæði á sviði og í kvikmyndum en hann hefur leikið í yfir 20 kvikmyndum. Egill hefur sett upp marga söngleiki og verið virkur í félagsmálum tónlistarmanna.

Starfandi fólk eftir atvinnugreinum 2002



Mynd 2: Fjöldi starfsmanna í einstökum atvinnugreinum árið 2002

gildir tæplega 12% framlagi og framlag fiskveiða og fiskvinnslu er um 10%. Það er athyglisvert hvað menningin er stór þáttur í hagkerfi okkar og skilar miklu til verðmætasköpunarinnar, eða 4%, sem er um 32 milljarðar.²


Framlag alls samgöngugeirans er 7,2% og byggingariðnaðarins er 9,3%. Framlag rafveitna, vatnsveitna og hitaveitna til landsframleiðslunnar er minna en menningarinnar. Framlag landbúnaðarins til landsframleiðslu er 1,4%, sem er ekki mikið. Ál- og kísiljárnframleiðsla er með svipað framlag til landsframleiðslunnar og landbúnaður, eða 1,3%.³

Mynd 2 sýnir starfandi fólk í einstökum atvinnugreinum fyrir árið 2002. Sá samanburður gefur góða vísbendingu um það hversu stóran þátt menningin á í hinu hagræna umhverfi. Síðar verður fjallað um hlutdeild tónlistar í þessum efnun.

² Þetta eru tölur fyrir árið 2003 og með því að skoða hvernig breytingarnar hafa verið hin allra síðustu ár og hvar samdráttur hefur orðið er óhætt að álykta, út frá fyrri tölum sem voru örlítið eldri, að framlag menningar til landsframleiðslunnar sé 4% árið 2003 en ekki 3,75% eins og var árið 2000.

³ Hér þarf að hafa í huga að sumar atvinnugreinar njóta sérstakra opinberra framlaga sem eru hluti verðmætasköpunarinnar. Þetta á sérstaklega við landbúnað og menningu. Opinber stuðningur við landbúnað nemur um 1,6% af landsframleiðslunni (*OECD in Figures*, 2003) en það er hærra framlag en sem nemur verðmætasköpuninni og lýsir það vel ógöngum þess atvinnuvegar. Menningin nýtur verulegra opinberra framlaga eins og síðar verður greint nánar og nema þau framlög um 20 milljörðum á ári, sem er þó umtalsvert minna en verðmætasköpunin sem er rúmir 30 milljarðar.

Opinber menningarútgjöld 1980–2001 í milljörðum kr. á verðlagi árs 2003




Mynd 3: Opinber útgjöld til menningarmála 1980–2001 í milljörðum kr. á verðlagi ársins 2003

Samtals eru um 157.000 einstaklingar starfandi á íslenskum vinnumarkaði og er fylgt flokkun Hagstofunnar á atvinnugreinum (*Landshagfir*, 2003) og eru störf í menningargeiranum flokkuð með öðrum atvinnugreinum á mynd 2. Heilbrigðis- og félagsþjónusta, svo og verslun og viðgerðir, eru langfjölmennustu atvinnugreinarnar hérlandis með rúmlega 20.000 starfandi einstaklinga hvor atvinnugrein. Samkvæmt mynd 2 eru 6.400 störf í fiskiðnaði. Fjármálaþjónusta, sem er vaxandi og umtöluð atvinnugrein, er með rúmlega 6.000 störf. Til menningar teljast 5.000 störf eða álíka og til útgerðar, og er það miklu meira en til veitustarfsemi og svipað og til hótél- og veitingareksturs.

Mynd 3 sýnir þróun opinberra útgjalda, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, til menningarmála. Á mynd 3 sést að opinber menningarútgjöld hafa farið úr rúmum 6 milljörðum kr. í um 21 milljarð kr. á 22 árum á sambærilegu verðlagi. Framlög sveitarfélaga eru yfirleitt meiri en framlög ríkisvaldsins. Flest árin eru um 60% útgjalda til menningarmála á vegum sveitarfélaga og um 40% á vegum ríkisvaldsins. Hin allra síðustu ár hefur þó ríkið aukið hlutdeild sína. Það er mikill vöxtur allt þetta tímabil, bæði hjá ríki og sveitarfélögum.

Garðar Cortes fæddist árið 1940 og er þekktur söngvari. Hann var frumkvöðull að stofnun Íslensku óperunnar árið 1978. Hann dreif þá hugmynd áfram af miklum krafti þegar Óperan festi kaup á Gamla bíói sem hefur verið aðsetur hennar síðan. Óperan naut þá veglegs styrks úr Dánargjöf Helgu Jónsdóttur og Sigurlíða Kristjánssonar (*Silla í Silla og Valda*). Garðar var óperustjóri til ársins 1998. Hann er hamhleypa sem hefur komið að mörgu í íslensku tónlistarlífi og m.a. stofnaði hann Söngskólann í Reykjavík árið 1973.

Menningarútgjöld 1980–2001 sem hlutfall af heildarútgjöldum hins opinbera




Mynd 4: Útgjöld til menningarmála 1980–2001 sem hlutfall af heildarútgjöldum hins opinbera

Mynd 4 sýnir útgjöld til menningarmála sem hlutdeild af heildarútgjöldum hins opinbera. Árið 1980 voru útgjöld til menningarmála sem hlutfall af heildarútgjöldum hins opinbera rúm 4% en rúmum 20 árum seinna var þetta hlutfall orðið rúm 6%, sem er mikil aukning, eða um 50%, eins og lýst er á mynd 4. Hlutfall útgjalda hins opinbera til einstakra málaflókka lýsir pólitískri áherslu stjórnmalamanna, hvort sem þeir stjórnmalamenn eru í sveitarstjórnnum eða á Alþingi. Eitt helsta verkefni stjórnmalamanna er gerð fjárhagsáætlana og þess vegna lýsir hlutfall af heildarútgjöldum hversu mikilvægir einstaka þættir eru frá sjónarhorni stjórnmalamanna. Hækkun hlutfallsins, sem er umtalsvert á þessum árum, sýnir vel aukna áherslu á menningarmál af hálfu stjórnmalamanna.

Mynd 5 sýnir útgjöld til menningarmála sem hlutfall af landsframleiðslu en það er ágætur mælikvarði að nota hlutfall af landsframleiðslu sem viðmið. Árið 1980 voru opinber útgjöld til menningarmála, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, 1,37% af landsframleiðslu en árið 2001 eru þau 2,6% og höfðu þau nær tvöfaldast á tímabilinu eins og sést á mynd 5. Hægt er að draga þá ályktun af þeirri þróun sem er sýnd á mynd 5 að undanfarna áratugi hafi opinberir aðilar sýnt menningarmálum vaxandi athygli, hvort sem um sveitarstjórnir eða ríkisstjórnir er að ræða, og ljóst er að vægi menningar í hagkerfinu hefur aukist verulega.

Opinber menningarútgjöld 1980–2001 sem hlutfall af vergi landsframleiðslu




Mynd 5: Opinber útgjöld til menningarmála 1980–2001 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu

1.3 Skapandi atvinnugreinar

Tónlistariðnaðurinn er skapandi iðnaður eða skapandi atvinnugrein („creative industry“). Sköpun er jákvæður þáttur í hagkerfinu. Rannsóknir á sköpun fóru í fyrstu einkum fram innan félagsfræði og sálfræði og þá voru skapandi einstaklingar þungamiðja greiningarinnar. Nú er í vaxandi mæli fjallað um umhverfi sköpunar og skapandi atvinnugreinar (Margrét S. Sigurðardóttir, 2003). Hin hagfræðilega sýn á sköpun og skapandi atvinnugreinar hefur aukist undanfarin ár. Hægt er að líta á skapandi einstaklinga út frá þáttum eins og uppeldisaðstæðum, lífsreynslu eða skapgerðareinkennum. Einnig er hægt að taka tillit til umhverfisáhrifa sem skipta verulega miklu máli, vegna þess að umhverfið er það svið sem utanaðkomandi aðilar eins og stjórnendur og stjórnámálamenn geta breytt.

Sköpun felst í því að skapa eitthvað nýtt. Enska orðið „creativity“ sem ferli eða athöfn tengist þáttum sem eru sterkir í umhverfinu eins og tækniþekking og tæknilegir yfirburðir, sem er þýtt með „sköpun“. Enska hugtakið „innovation“ er afurð en það er þýtt með „nýsköpun“. Skapandi atvinnugreinar tengjast mannaudi, hæfni mannaúds og þekkingu en einnig fjölbreytileika og umburðarlyndi í

Guðmundur Jónsson er fæddur árið 1920 í Reykjavík. Hann er einn ástsælasti söngvari þjóðarinnar. Hann nam söng héraðs og víða erlendis, m.a. í Englandi, Bandaríkjunum og Svíþjóð. Hann starfaði hjá Ríkisútvarpinu lengst af og var m.a. framkvæmdastjóri þess. Guðmundur hefur sungið inn á fjölmargar hljómplötur og söngur hans með Karla-kór Reykjavíkur er mjög lofaður. Hann hefur jafnframt kennt fjölmörgum söng og er mjög virtur af nemendum sínum, sem og öðrum.



Mynd 6: Umgjörð sköpunar (líkan Csikszentimihályis)

samfélaginu. Þetta er umgjörð skapandi atvinnugreina. Hluti af þessu er upplifunariðnaður.

Með sköpun er yfirleitt átt við nýjungar, þótt það þurfi ekki endilega að fela í sér nýjungar fyrir alla, heldur nægir að um nýjung fyrir viðkomandi einstakling sé að ræða. Þetta er því ekki skilgreining sem snýr einungis að listsköpun heldur er hugtakið mun víðara. Hægt er að tengja saman þrjú meginhugtök, þ.e. menningu, bakgrunn einstaklinga og samfélag, og setja þau saman á myndrænan hátt þar sem sköpun er ferli sem verður til á mörkum þessara þriggja meginþátta, sbr. mynd 6 (Csikszentimihályi, 1997; Margrét S. Sigurðardóttir, 2003).

Á mynd 6 sést að menning skiptist í mörg svið, menningarkima,

og upplýsingar berast til og frá einstaklingum. Þar skiptir bakgrunnur miklu máli eins og t.d. tónlistarmenntun. Samfélagið skiptist einnig í mörg félagsleg svið, margs konar vettvang, þar sem framleiðsla einstaklinga, þ.e. sköpun nýjunga, flæðir á milli.

Þetta líkan tengist frekari umfjöllun í þessu riti þannig að skoðaðir eru sérstaklega hagrænir þættir sem marka virði og umfang þeirrar sköpunar sem felst í tónlist og tónlistariðnaði. Lýst er stöðu einstakra þátta í tónlistariðnaði og innan samfélags-

Guðrún Á. Símonar fæddist árið 1924 og lést árið 1988. Hún lærði söng hérlendis, í Bretlandi og á Ítalíu. Hún söng fyrst með dægurlagahljómsveitum, m.a. með hljómsveit Bjarna Böðvarssonar. Guðrún söng síðan mikið í óperum og óperettum en hennar fyrsta hlutverk var í Leðurblökunni eftir Strauss. Hún kenndi söng og var frumkvöðull í kattaræktun hérlendis en hún var mikill kattavinur og hélt fyrstu kattasýninguna hérlendis. Á hinum fræga útifundi kvenna árið 1975 stjórnaði Guðrún tónlistaratriðum og söng þar ógleymanlega fyrir konur í tugþúsunda tali.

ins, rætt er um hvernig einstaklingar starfa í því umhverfi og skýrt hvernig menningarleg áhrif þeir hafa. Þar skiptir vettvangur og umhverfi máli, eins og t.d. tónleikahald, afstaða opinberra aðila og tækniþekking.

Menningu ber að skilja sem afmarkaðan hagrænan þátt. Hún er hins vegar það fjölbreytt að erfitt er að tala um hana sem eitt hugtak. Það er hægt að líta á sköpun, og þar með tónlistariðnað, sem starfsemi í tiltekinni umgjörð menningar. Ef gert er ráð fyrir að samfélagið verði að viðurkenna nýjungina og sköpunina, þá þarf áheyrundur eins og er langalgengast við tónlistarflutning. Sérhvert samfélag er samsett af mörgum smærri hópum og sköpun nær oft yfir langt tímabil, jafnvel mörg ár. Gert er ráð fyrir að einstaklingurinn hafi meginfrumkvæðið en ekki hópurinn. Þó er hægt að líta á það með mismunandi hætti innan tónlistar sem snertir líka aðra þætti sköpunar, eins og vísindastörf þar sem margir vinna að sömu hugmynd. Sú hugsun að greina út frá þremur meginþáttum, eins og lýst er á mynd 6, snýst um samskipti einstaklinga við aðra, en þau móta umgjörð sem örvar sköpun, sem aftur hefur jákvæð hagræn áhrif. Tónlist fellur vel að þessari greiningu.

Mikilvægur þáttur í umræðu um sköpun og þar með tónlistariðnað er að menn geri sér grein fyrir því að sköpun á sér oft stað í klösum, þar sem margir einstaklingar koma fram á sama tíma og breytingar eiga sér stað. Mikilvægt í allri sköpun er að einstaklingar eigi aðgang að frjóu umhverfi, t.d. að fleiri vinni að sambærilegum störfum í næsta nágrenni eins og algengt er þar sem fólk vinnur að vísindarannsóknum innan háskóla. Atriði sem hér skiptir líka máli er tímasetningin, þ.e.a.s. hvenær sköpunin á sér stað. Einnig þarf hóp, einstaklinga eða stofnanir til að taka þátt í þessu og hópurinn þarf að vera það sterkur að hugmyndir fá meðbyr og stuðning til að þeim sé hrint í framkvæmd og þar skipta ólíkar aðstæður miklu máli. Við sköpun þarf áheyrundur til að hún hafi eitthvert gildi. Það er ekki nægjanlegt að sköpun eigi sér aðeins stað gagnvart viðkomandi einstaklingi nema sem hluti í þroskaferli hans heldur verður hún að ná til fleira fólks.

Gunnar Þórðarson fæddist á Hólmavík árið 1945 en flutti sem barn til Keflavíkur. Hann var í hljómsveitinni Hljómum frá 1963 til 1969 þegar hann stofnaði Trúbrot. Hljómar voru fyrsta alvöru bítlahljómsveitin á Íslandi og ruddu brautina fyrir íslenskar bítlahljómsveitir á sjöunda áratug síðustu aldar. Gunnar er mjög afkastamikill tónskáld og hefur spilað lengi á tónleikum og dansleikjum. Lög hans eru yfir 500 talsins og hann hefur samið kvikmyndatónlist og leikið undir í mörgum kvikmyndum.

Tafla 2: Starfandi fólk árið 2002, skipt eftir starfsstéttum

Starfsstéttir	Fjöldi starfandi einstaklinga árið 2002
Kjörnir fulltrúar og stjórnendur	12.700
Sérfræðingar	25.100
Sérmenntað starfsfólk	21.800
Skrifstofufólk	12.600
Þjónustu- og verslunarfólk	30.800
Bændur og sjómenn	9.000
Sérhæft iðnaðarstarfsfólk	22.500
Véla- og vélgæslufólk	9.800
Ósérhæft starfsfólk	12.500
Samtals	156.700

Í Bandaríkjunum, þar sem þessi fræði eru mest þróuð, er unnið út frá atvinnugreinum eða starfsstéttum (*Handbook of Creativity*, 1999). Þegar rætt er um skapandi atvinnugreinar er tvenns konar sjónarhorn uppi. Þar er annars vegar átt við það sjónarhorn að líta til skapandi atvinnugreina sem framleiða vörur og þjónustu sem hafa í sér menningarlegt og listrænt gildi eða afþreyingargildi. Hér eru afurðir framleiðslunnar þungamiðjan. Með þetta sjónarhorn í huga teljast atvinnugreinar eins og kvikmyndir, tónlist og bókaútgáfa til skapandi atvinnugreina (Caves, 2000).


Hins vegar er hægt að líta á einstaklingana í einstökum atvinnugreinum og flokka störf þeirra eftir fjórum flokkum, þ.e. frumframleiðslu, iðnaði, þjónustu og skapandi atvinnugreinum (Florida, 2002). Í umfjölluninni hér um skapandi atvinnugreinar er þeirri aðferð beitt. Atvinnugreinar sem teljast skapandi eru vísindi, kennsla, listgreinar, hönnun, fjölmiðlun, íþróttir, tölvunarfræði, verkfræði, tæknifræði, arkitektúr og stjórnun. Jafnframt teljast til skapandi atvinnugreina stjórnunar- eða yfirmannastörf

Gylfi Þ. Gíslason fæddist árið 1917 og lést árið 2004. Hann átti einstaklega litríkan feril að baki, lauk doktorsprófi í hagfræði og var lengi prófessor í Háskóla Íslands. Gylfi var ráðherra í áraraðir og formaður Alþýðuflokksins. Hann var mikill áhugamaður um tónlist og kom það m.a. fram í stuðningi hans við tónlist er hann gegndi embætti menntamálaráðherra. Hann var frumkvöðull að lagasetningu um tónlistarskóla. Gylfi samdi mörg sönglög og flutti fjölmarga útvarpsþætti um tónlist og tónlistarmenn og skrifaði mikið um það efni.

í heilsugæslu, markaðssetningu og fjármálum. Stjórnunarstörf eru talin vera hluti af skapandi iðnaði, svo og hátækni þar sem nýjar hugmyndir eru mótaðar. Skapandi atvinnugrein snýst m.a. um miðlun þekkingar þar sem alls konar tengslanet eru mynduð og hún varðar einnig upplifun og reynslu.

Í töflu 2 er starfandi fólki skipt eftir starfsstéttum hér á landi árið 2002 (*Lands-hagir*, 2003). Á vinnumarkaði hérlendis eru

Hlutdeild atvinnugreina á vinnumarkaði hérlendis 1991 og 2002 og í Bandaríkjunum 1999



Mynd 7: Hlutdeild atvinnugreina á vinnumarkaði hérlendis árin 1990 og 2002 og í Bandaríkjunum árið 1999

tæp 160 þúsund störf eins og sést í töflu 2. Í þessari rannsókn er lagt mat á það hversu mörg þessara starfa falla að skilgreiningunni um skapandi atvinnugreinar eins og henni er lýst hér að framan. Tölur yfir lengra tímabil eru bornar saman og höfð hliðsjón af mati í Bandaríkjunum og öðrum rannsóknum á þessu sviði (*Denmark's Creative Potential*, 2001).

Mynd 7 sýnir skiptingu starfa hérlendis eftir frumframleiðslu, iðnaði, þjónustu og skapandi atvinnugreinum fyrir árin 1990 og 2002 og samanburð við Bandaríkin árið 1999 (Florida, 2002). Á mynd 7 sést að frumvinnsla lækkar hérlendis frá um 13% árið 1990 í tæp 10% árið 2002. Iðnaðurinn fer úr 33% hlutdeild niður í 32% á þessum 12 árum og þjónusta úr 34% hlutdeild upp í 35%. Skapandi atvinnugreinar fara úr 20% hlutdeild árið 1990 upp í 23% hlutdeild árið 2002. Samsvarandi hlutfall fyrir Bandaríkin árið 1999 er 29%. Árið 1999 var frumvinnsla orðin lítill þáttur á vinnumarkaði í Bandaríkjunum, eða tæp 3%. Iðnaður var þar með 24% hlutdeild. Þjónusta, sem er mjög mikil í bandarísku hagkerfi, er með 44% hlutdeild. Til skapandi atvinnugreina hérlendis telst því tæpur fjórðungur allra starfa, eða um 40.000 manns, og fer hlutur þeirra vaxandi. Þessi nálgun á greiningu vinnumarkaðar

Hjálmar H. Ragnarsson er Ísafirðingur, fæddur árið 1952. Faðir hans Ragnar H. Ragnar var mikill frumkvöðull í tónlistarlífi á Ísafirði um áratuga skeið. Hjálmar hefur verið virkur við tónsmíðar og í félagsstarfi listamanna og m.a. verið forseti Bandalags íslenskra listamanna og formaður Tónskáldafélags Íslands. Hann hefur m.a. samið kvikmyndahandrit og kennt víða en hann lærði í Bandaríkjunum og Hollandi. Hjálmar varð fyrsti rektor Listaháskóla Íslands árið 1999.

endurspeglar vel verkaskiptingu í nútímasamfélögum og nær vel yfir þær miklu breytingar sem hafa átt sér stað í hagkerfum einstakra þjóða undanfarna áratugi.

1.4 Sérstaða tónlistar, erlendar rannsóknir og stefnumótun

Það er margt sem gerist í hagkerfinu þegar tónlist er samin og flutt. Það er hægt að taka dæmi af ítalska tónskáldinu Giuseppe Verdi sem fæddist árið 1813 og dó árið 1901. Ópera hans Aida var frumflutt árið 1871. Verdi var einyrki, eins og á við um flesta tónlistarmenn. Það er áberandi að margir listamenn eru einyrkjar og vinna út af fyrir sig, eins og tónlistarmenn, rithöfundar og ljóðskáld. Sumir vinna í hópum þegar kemur að því að flytja það sem hefur verið skapað af öðrum, t.d. þegar hljómlistarmenn flytja tónlist tónskálds eða leikarar flytja leikrit leikskálds.

Flutningur óperu eins og Aidu krefst mikils fjölda fólks sem er á launum. Það þarf að prenta bæklinga og auglýsingar, ráða hljómsveit og útvega hljóðfæri. Það þarf hljómleikahús, menntaða söngvara, kóra og tónlistarskóla. Það þarf sviðsfólk, stjórnendur, rafvirkja og smíði. Það þarf að hugsa um viðhald hljóðfæra og hljómleikasala. Það þarf verkamenn, matreiðslumenn og bílstjóra. Mikil framleiðsla á því sér stað þegar Aida er sett upp. Það þarf einnig að huga að sjónvarps- og útvarpsendingum en hvorki sjónvarp né útvarp var til þegar Aida var samin.

Sköpun Verdis á þessu tónverki eins og sköpun annarra tónskálda hefur í för með sér mikil umsvif í hagkerfinu og mun meiri en almennt gerist um listgreinar. Tónlist og leiklist hafa

hvað þetta varðar sérstöðu í listaheiminum. Í hverjum mánuði er einhvers staðar í heiminum verið að færa upp Aidu. Það á því sér stað efnahagsleg verðmætasköpun og mikil vellíðan vegna verks sem var frumflutt fyrir meira en 130 árum. Það verða alltaf til verðmæti við það að miðla tónlist til þeirra sem vilja heyra hana.

Rannsóknir sem hafa verið gerðar á norrænum tónlistariðnaði sýna að hann er í miklum vexti, bæði hvað varðar starfsmenn og veltu (*Behind the Music*, 2003).

Ingi T. Lárusson var fæddur á Seyðisfirði árið 1892. Hann starfaði alla sína ævi á Austurlandi og lagði grunn að sterkri tónlistarhefð í þeim landsfjórðungi. Ingi T. var að mestu sjálfmenntaður í tónlist en hann spilaði forkunnarvel á fjölda hljóðfæra. Mörg laga hans lifa góðu lífi meðal þjóðarinnar og eru oft sungin. Hann var kornungur þegar hann samdi lag við ljóð Páls Ólafssonar „Ó, blessuð vertu sumarsól“. Lag Inga T. við ljóð Jónasar Hallgrímssonar „Ég bið að heilsa“ þykir mörgum vera eitt fallegasta lag Íslendinga.

Vaxandi hluti af verðmætasköpuninni innan tónlistariðnaðarins er vegna tengdra atvinnugreina eins og framleiðslu tónlistarmyndbanda, hugbúnaðar, dreifingar á stafrænu efni o.fl. Þess háttar. Það eru yfirleitt skýr skil í atvinnugreininni milli sjálfstæðra plötufyrirtækja og hinna stóru aðila sem jafnframt ráða yfir sérstöku vörumerki. Jafnframt eru skil milli einstakra þátta óljós eins og milli plötufyrirtækja, útgefenda, stjórnunar og kynningar. Þetta blandast saman í eina heild innan einstakra fyrirtækja. Mörg fyrirtæki fást við verkefni af öllum toga. Það má jafnframt segja að tónlistariðnaðurinn sé að ganga í gegnum tíma endurskipulagningar.

Mikilvægt er að menn geri sér sérstaklega grein fyrir hlutverki tengdra atvinnugreina og að tónlist snertir önnur samskiptaform í meiri mæli nú en áður. Með það í huga er hægt að finna ýmiss konar hagkvæmni fyrir tónlistariðnaðinn. Heimamarkaður er lykilatriði fyrir atvinnugreinina. Lækkun skatta eins og virðisaukaskatts á tónlist og tengda framleiðslu myndi skipta miklu máli til að örva atvinnugreinina (Gylfi D. Aðalsteinsson & Helga Björg Ragnarsdóttir, 2003).

Þekkingariðnaður og þar með talinn tónlistariðnaður einkennist af mikilli fjölbreytni, þar sem koma fram mismunandi hæfileikar og eiginleikar. Á Norðurlöndum er tónlistarfólk mjög hæft og menntað en það skilar sér ekki alltaf í auknum viðskiptum. Þar virðist skorta samræmingu innan greinarinnar. Tónlistariðnaðurinn skiptist á milli mjög stórra fyrirtækja sem starfa á alþjóðavettvangi og margra minni fyrirtækja. Þessi skipting hefur leitt til mikillar nýsköpunar og frumkvæðis, sem er mikilvægt til að mæta mismunandi þörfum á markaði.

Meiri samræming milli viðskiptastefnu og menntastefnu í tónlistariðnaði er lykilatriði í eflingu atvinnugreinarinnar. Hér geta opinberir aðilar lagt hönd á plóginn. Til að mynda væri hægt að skiptast betur á upplýsingum um hvað er verið að gera og hvernig menn hafa leyst einstök verkefni innan Norðurlandanna og hægt væri að stuðla að samvinnu um Netið og auka þannig samstarf einstakra aðila á markaðinum, einnig milli landa. Hér þarf að taka tillit til þess að

Ingibjörg Þorbergs fæddist í Reykjavík árið 1927. Hún nam hérlendis, í Bandaríkjunum og á Ítalíu. Ingibjörg starfaði lengi hjá Ríkisútvarpinu og hafði umsjón með mörgum tónlistarþáttum. Hún hefur sungið í mörgum kórum og inn á margar plötur. Ingibjörg hefur samið margs konar tónlist, m.a. barnalög. Hún hefur einnig samið ljóð og sögur og hlotið margvíslegar innlendar og erlendar viðurkenningar.

lítill og sjálfstæð tónlistarfyrirtæki eru viðkvæm og hætt er við að þau þoli ekki mikið röt í nánasta umhverfi sínu.


Meiri og betri menntun innan atvinnugreinarinnar, einnig viðbótarmenntun, endurmenntun eða símenntun, skiptir verulegu máli. Það vantar fleira fólk í greinina með meiri og formlegri menntun á sviði viðskipta samhliða aukinni alþjóðavæðingu og atvinnumennsku. Hér væri til dæmis hægt að efna til námskeiða þar sem aðaláherslan er lögð á útflutning, lýst hvað stýrir honum og hvaða þróun er þar líkleg, auk námskeiða um nýja tækni, viðskipti, markaðsmál og stjórnun. Athyglisvert væri að skoða betur stöðu kvenna innan tónlistargeirans en konur eiga víða erfitt uppdráttar í ráðandi stöðum innan atvinnulífsins. Í tónlistargeiranum virðist þó ríkja meira jafnrétti en víða annars staðar.

Það væri hagkvæmt að miðla upplýsingum betur innan tónlistariðnaðarins, m.a. af opinberri hálfu og af hálfu fyrirtækja og samtaka, um hvað reynist best á alþjóðavettvangi, hvað varðar menntun og samkeppnisstöðu. Víða starfa regnhlífarsamtök á landsvísu þar sem tengd eru saman hin mismunandi samtök innan tónlistargeirans. Það hefur reynst vel á Norðurlöndum að starfandi séu sérstök heildarsamtök sem gera atvinnugreininni kleift að tala einni röddu á landsvísu, bæði heima fyrir og á erlendum vettvangi og vera þannig hagsmunaaðili fyrir atvinnugreinina í heild. Hérlandis hefur Samtónn gegnt þessu hlutverki.

Tónlistarmarkaðurinn á Norðurlöndum er tiltölulega lítill. Það hefur í för með sér að líta verður til útflutnings til að skapa honum

sóknarfæri. Það hefur sumum Norðurlandapjóða tekist. Svíþjóð er til að mynda þriðji stærsti útflytjandi á tónlist í heiminum (*Denmark's Creative Potential*, 2001). Það virðist því hagkvæmt að koma upp einhvers konar stuðningskerfi til að styðja við tónleikaferðir og sýningar erlendis. Fyrirtæki í tónlistariðnaði hérlendis þyrftu að hafa betri aðgang að upplýsingum um möguleika á erlendum mörkuðum, meðal annars hvað varðar menningarlegt umhverfi, viðskiptaleg ráð, skipulagningu og einkenni. Sérstakur stuðningur eða frumkvæði af opinberri hálfu við útflutning gæti

Ingimar Eydal fæddist árið 1936 á Akureyri og lést árið 1993. Ingimar var kennaramenntaður og lærði einnig tónlist. Hann starfaði lengst af á Akureyri og er þekktastur fyrir hljómsveit sína, Hljómsveit Ingimars Eydals. Hún lék á Akureyri um áratugaskeið og dansleikir hljómsveitar hans í *Sjallanum*, *Sjálfstæðishúsinu*, á Akureyri eru löngu landsþekktir. Ingimar tók virkan þátt í félagsmálum og var víða í trúnaðarstörfum fyrir samborgara sína. Hann stjórnaði fjölda kóra og annaðist margvíslegar sýningar, einkum á Akureyri. Margir söngvarar og hljóðfæraleikarar hófu feril sinni undir styrkri stjórn Ingimars og eiga margir honum mikið að þakka.



hjálpað til við þetta. Hægt væri til dæmis að stofna útflutnings-skrifstofu tónlistar. Samvinna við Útflutningsráð Íslands um slíka skrifstofu gæti verið skynsamleg leið.


Samkeppnisstöðu fyrirtækja í tónlistariðnaði er hægt að lýsa í fimm krafta líkani Porters (Porter, 1980). Mynd 8 skýrir þá aðferðafræði.

Tónlistariðnaðurinn er það fjölbreyttur að greina verður milli einstakra fyrirtækja og stofnana til að þessi aðferð sé heppileg. Þó eru mörg atriði sameiginleg, eins og kaupendur. Mest af starfsemi innan tónlistariðnarins snýr að einstaklingum sem kaupendum, sbr. lengst til hægri á mynd 8. Staða neytenda er sterk þar sem tónlist er í samkeppni við aðra fjölbreytta afþreyingu. Sama máli gegnir um staðkvæmar vörur og þjónustu, sem eru margar í tengslum við tónlist, t.d. aðrar listgreinar og ýmiss konar afþreyingu, og eru þær sýndar neðst á myndinni.

Birgjar í tónlistariðnaði, sbr. lengst til vinstri á mynd 8, eru margs konar, t.d. tónlistarmenn gagnvart útgefendum, tónlistarkennarar gagnvart tónlistarskólum og framleiðendur gagnvart fjölmiðlum. Samkeppnisstaða birgja er yfirleitt ekkert sérstaklega sterk í tónlistariðnaði þar sem margir keppa á sama sviði. Lykilþátturinn er í miðju líkansins þar sem sýnt er hversu mikil samkeppni er milli fyrirtækja innan atvinnugreinarinnar. Samkeppni milli fyrirtækja er yfirleitt mikil á flestum sviðum innan tónlistariðnaðarinnar.

Efst á mynd 8 er lýst mögulegum nýjum aðilum á tónlistar-markaðinum. Aðgangshindranir eru yfirleitt litlar. Það á þó ekki

Mynd 8: Fimm krafta líkan Porters um samkeppnisstöðu fyrirtækja í tónlistariðnaði



Mynd 9: Samkeppnishæfi Íslands á tónlistarsviðinu

við þætti sem krefjast mikils stofnkostnaðar eins og óperuhús og tónleikasalir. Greining eftir þessu líkani til að finna samkeppnisforskot getur leitt til þess að byggt er á veikri stöðu á einhverju sviði sem síðar reynist, með markvissum aðgerðum, fela í sér möguleika á samkeppnisforskoti.

Hægt er að yfirfæra þessa hugsun á samkeppnishæfi þjóða (Porter, 1990). Í því líkani er skoðaður svokallaður demantur Porters sem er hér yfirfærður á íslenska tónlistarmarkaðinn og er lýst á mynd 9.

Framleiðslubættir, sem eru sýndir vinstra megin á mynd 9, eru vinnuafli, náttúruauðlindir, fjármagn, þekking, mannauður, skipulag, tækni og stofnanir. Fyrir tónlistariðnaðinn skiptir hæft starfsfólk og fjármagn mestu máli. Ófaglært vinnuafli er til að mynda ekki algengt í tónlistariðnaði. Tónlist er sérstök listsköp-

Jakob Frímann Magnússon fæddist í Kaupmannhöfn árið 1953. Hann nam tónlist héraðs og erlendis, m.a. í Kaliforníu. Hann hefur verið einn helsti forystumaður hljómsveitarinnar Stuðmanna sem var stofnuð árið 1969 og hafa verið geysivinsælir lengi. Jakob hefur unnið lengi sjálfstætt sem tónlistarmaður og upptökustjóri. Hann var um tíma sendifulltrúi við sendiráð Íslendinga í London og vann þá að menningarmálum. Jakob hefur einnig unnið að kvikmyndagerð.

un og hún er auðþekkjanleg og ekki er hægt að endurgera hana nákvæmlega en þó hægt að hafa hana svipaða öðrum verkum.

Eftirspurn, sem er sýnd hægra megin á mynd 9, er nokkuð sérstök fyrir íslenska tónlistarmarkaðinn þar sem heimamarkaður er lítill. Út frá litlum en faglegum heimamarkaði er þó oft hægt að sækja fram á erlendum mörkuðum og höfum við nokkur dæmi um slíkt héraðs. Við

eigum þegar marga tónlistarmenn sem hafa getið sér gott orð erlendis. Árangur einstakra tónlistarmanna á alþjóðamarkaði hjálpar öðrum.

Tengdar atvinnugreinar og stuðningsgreinar, sem eru sýndar neðst á mynd 9, eru t.d. tónlistarkennsla og fjölmiðlar. Tónlistarkennsla er mjög öflug héraðs og styrking hennar myndi þó án efa efla atvinnugreinina enn frekar. Hér vantar ýmsa þætti til að ná betri árangri, t.d. vandaða tónleikasali og óperusvið eða óperuhús. Það hefur dregið mátt úr atvinnugreininni að tónlistarhús vantar eins og sést vel í þessari greiningu. Hvað varðar stefnumótun, skipulag og samkeppni, sem sjást efst á myndinni, er áberandi að fjármálamarkaðurinn er veikur í tónlistariðnaði og erfitt er að afla fjár fyrir nýjar hugmyndir, t.d. á hlutabréfamarkaði. Hér skiptir einnig máli að störf í tónlistariðnaði eru ekki sérstaklega auðþekktanleg og virt á vinnumarkaði og hafa frekar orð á sér fyrir að vera láglaunastörf, sem er að miklu leyti einnig rétt. Samkeppni innan tónlistariðnaðarins getur hjálpað öðrum og stuðlað að aukinni framleiðni og meiri sköpunarkrafti innan listgreinarinnar. Helstu kostir í umhverfi tónlistariðnaðarins eru vel menntað starfsfólk en helsti veikleiki er lítil heimamarkaður sem þó er hægt að nýta til sóknar erlendis enda er fólk á heimamarkaðinum vel upplýst og gerir miklar kröfur.

Stjórnvöld, sem sýnd eru efst til vinstri á mynd 9, geta gert margt til að efla samkeppnishæfi þjóðarinnar á tónlistarsviðinu, t.d. með auknum fjárhagslegum stuðningi, bættum innviðum eða stofnunum, eins og aðstöðu, skattaívilnunum fyrir skapandi atvinnuvegi, eflingu skólakerfisins, miklum kröfum til atvinnugreinarinnar, viðurkenningu á hagrænu mikilvægi tónlistariðnaðar og eflingu rannsóknar.

Samskipti við stjórnvöld eru sýnd með brotinni línu á myndinni, sem þýðir að stjórnvöld geta beitt sér beint að einstökum þáttum í líkaninu. Mikilvægt í því sambandi er að hafa í heiðri „svigrúmsregluna“ eða „regluna um svigrúm“ („arm's length principle“), sem felur í sér það viðhorf gagnvart listum og menningu

Jón Ásgeirsson er Ísafirðingur, fæddur 1928. Hann nam héraðs og í Bretlandi og hefur lengi kennt tónlist. Hann er afkastamikill tónskáld og sækir efni sitt oft í þjóðlög. Jón hefur gert mikið fyrir söfnun og varðveislu íslenskra þjóðlaga. Hann hefur verið stjórnandi fjölmargra kóra og samdi óperurnar Þrymskviðu og Galdrá-Loft. Jón hefur unnið mikið að félagsmálum tónlistarmanna og var m.a. formaður Tónskáldafélags Íslands. Jón hefur verið tónlistargagnrýnandi Morgunblaðsins í áratugi.

að stjórnmaðlamenn eigi einungis að skipta sér af því að útvega fjármagn en ekki að ráðstafa því.

Varðandi styrkveitingar hins opinbera er mikilvægt að hafa í huga að þær bjaga markaðsákvarðanir, eins og almennt gildir um skattlagningu þótt í mismiklum mæli sé. Þannig ýtir aukin skattlagning til að styrkja menningu undir verðmætasköpun í menningargeiranum en dregur hins vegar úr framleiðslu annars staðar í hagkerfinu vegna minna vinnuframboðs, eins og skattlagning hefur almennt í för með sér.

Margvíslegar erlendar rannsóknir hafa verið gerðar á einstökum þáttum tónlistar. Sem dæmi um slíkt má nefna rannsókn á því að hve miklu leyti kenningar um viðskiptakostnað innan stofnana- eða kerfishagfræðinnar nýtast til að skýra samskipti fyrirtækja í tónlistariðnaði (Gander & Riepke, 2004). Annað dæmi er um rannsókn á áhrifum á velferð vegna laga um höfundarrétt og innflutning tónlistar á ástralska tónlistarmarkaðinum (Papadoulous, 2000).

Enn ein rannsókn fjallar um mun á hlustendum klassískrar tónlistar og dægurtónlistar (Rodrigues & Fernandez-Blanco, 2000). Í þeirri rannsókn og öðrum sambærilegum rannsóknum er m.a. skoðað hvaða hópar hlusta á einstaka tegundir tónlistar, t.d. eftir stétt manna, aldri og hjúskaparstöðu. Einnig eru til margar rannsóknir á listmarkaði, t.d. hvernig hægt er að flokka hann og hvað ræður þar framboði og eftirspurn (Schulze, 1999; Steenkamp, 2001). Þessar rannsóknir sýna fram á möguleg rannsóknarefni í íslensku umhverfi.


1.5 Félög tónlistarmanna

Félög tónlistarmanna eru mörg, sbr. mynd 10 (*Fjölmíðlun og menning*, 2003, Björn Th. Árnason, 2004) þar sem þróun félagatals nokkurra félaga er tíunduð.⁴

Félög tónlistarmanna á mynd 10 eru árið 2002 með rúmlega 1.100 félagsmenn og þótt ýmsir séu í fleiri en einu félagi er ljóst að umtalsverður fjöldi tónlistarmanna er í listrænum fagfélögum. Fjöldi þeirra hefur meira en tvöfaldast á síðustu tuttugu árum. Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag íslenskra tónlistar-

⁴ Upplýsingar í mynd 10 eru byggðar á gögnum Hagstofunnar að öðru leyti en því að félagatölur fyrir árin 1995 og 2002 í Félagi íslenskra hljómlistarmanna voru fengnar frá félaginu.

Félagar í félögum tónlistarmanna 1980, 1995 og 2002



Mynd 10: Félagar í félögum tónlistarmanna 1980, 1995 og 2002

manna, Tónskáldafélag Íslands og Félag tónskálda og textahöfunda eru öll í Bandalagi íslenskra listamanna (BÍL) og eru þessi félög með um 25% hlutdeild af öllum félagsmönnum BÍL. Fjögur af ellefu aðildarfélögum BÍL eru félög tónlistarfólks.

Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) er fjölmennasta aðildarfélag BÍL. FÍH var stofnað 1932 og hefur starfað ötullega undanfarna áratugi (Félag íslenskra hljómlistarmanna 50 ára, 1982; Björn Th. Árnason, 2004). FÍH starfar í þremur deildum, klassískri deild sem er með um 55% félagsmanna, djassdeild með 25% og rokkdeild með 20% félagsmanna (*Fjölmiðlun og menning*, 2003).

Félag tónlistarskólakennara (FT) er eitt af sjö aðildarfélögum Kennarasambands Íslands og eru félagsmenn 480 talsins. Margvísleg önnur félög eru starfandi innan tónlistargeirans og hafa mörg þeirra vefsíður sem sjá má á slóðinni www.musik.is en það vefsetur er með afburðavandaða framsetningu á miklum upplýsingum um tónlist (Upplýsingaveita um íslenska músík, 2004). Mörg önnur sjálfstæð félög tónlistarmanna starfa hérlendis, eins og félög karla- og kvennakóra, lúðrasveita, tónlistarskólakennara, tónlistarskólástjóra og kvæðamannafélög.

Auk þeirra starfa hér sértæk hagsmunafélög, eins og Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) og Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH). Aðildarfélög að Stefi eru Tónskáldafélag Íslands og Félag tónskálda og textahöfunda. SFH

skiptist í flytjenda- og framleiðendadeild. Í framleiðendadeild eru fyrirtæki, útgefendur tónlistar, en í flytjendadeild eru einstaklingar. Aðildarfélög að SFH eru Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag íslenskra tónlistarmanna, Félag íslenskra leikara, Samband íslenskra karlakóra, Samband blandaðra kóra, Samband lúðrasveita og Félag hljómplötuframleiðenda. Flóra félaga tónlistarmanna er þannig fjölbreytt og stéttarvitund tónlistarfólks hefur aukist verulega undanfarin ár og hagsmunagæsla orðið markvissari.

Mikilvægur þáttur í tekjuöflun fyrir tónskáld eru greiðslur frá Stefi en tekjur Stefs árið 2002 námu 190 milljónum kr. og höfðu þær vaxið frá árinu 1997 um 70%. Sérstökum styrkjum hefur verið úthlutað úr ríkissjóði til þess að styrkja útflutning íslenskrar dægurtónlistar en styrkirnir eru tiltölulega lágir eða samtals 3,5 milljónir kr. úr tveimur ráðuneytum, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og menntamálaráðuneyti. Árið 2003 voru veittir 20 styrkir þannig að meðalstyrkur var um 170.000 kr. SHF fær greitt vegna flutnings á tónlist í fjölmiðlum og skiptast þær greiðslur til helminga milli flytjenda og framleiðenda.

Tónlistarmenn eru öflugir þátttakendur í samfélaginu en flestar samkomur fólks byggjast á einhverjum tónlistarflutningi. Í öllum tilvikum koma tónlistarmenn að miðlun tónlistar. Einn þáttur tónlistarmanna í samfélaginu er oft vanmetinn en það er framlag þeirra til góðgerðarstarfsemi. Margoft eru haldnar samkomur til að safna fé til góðs málefnis og nær undantekningarlaust er dagskráin byggð á tónlist. Í mörgum tilvikum gefa tónlistarmenn vinnu sína við slíkar samkomur eða veita afslátt af launum sínum. Framlag tónlistarfólks til mannúðar- og góðgerðarmála er vegna þessa verulegt en nær aldrei er minnst á þetta.

Veigamikill þáttur í endurskipulagningu opinbers stuðnings við tónlist er stofnun tónlistarsjóðs sem sameinar fyrri styrki ríkisvaldsins í einn farveg (*Frumvarp til laga um tónlistarsjóð*, 2004). Í tengslum við hinn nýja tónlistarsjóð er jafnframt skipað tónlistarráð sem gerir tillögur um úthlutun úr sjóðnum. Styrkir á árinu 2004 eru um 20–30 milljónir kr. sem eingöngu renna til tónlistarstarfsemi innanlands en enn er ekki fjármagni veitt til útrásar en þess er vænst að fé til sjóðsins verði aukið á næstu árum.

2. Hagræn umsvif tónlistar

2.1 Velta og vinnumarkaður

Eins og fyrr kom fram verja opinberir aðilar rúmunum 20 milljörðum kr. til menningarmála hérlendis á hverju ári. Annar mælikvarði í þessum efnum er að skoða veltu fyrirtækja í landinu út frá skýrslum um virðisaukaskatt. Tafla 3 sýnir veltu fyrirtækja í menningargeiranum frá 1998 til og með 2002 á verðlagi ársins 2003 (*Fjölmíðlun og menning*, 2003; Ragnar Karlsson, 2004).⁵

Velta í fyrirtækjum í menningargeiranum fór úr 37 milljörðum kr. árið 1998 í 41 milljarða árið 2002, sbr. töflu 3. Vöxturinn er um 10% á 4 árum, sem er ekki mikið. Sem hlutdeild af veltu allra fyrirtækja í landinu fór hlutfallið úr 3,09% árið 1998 í 2,99% árið 2002 eins og sést í neðstu línu í töflu 3. Margvísleg önnur starfsemi er vitaskuld innan menningar utan hefðbundinna fyrirtækja og má þar til dæmis nefna starfsemi í opinberri þjónustu.

Árið 2003 var einkaneysla landsmanna um 430 milljarðar kr. (*Frumvarp til fjárlaga 2004*, 2003). Um 10% af einkaneyslu landsmanna er varið til menningarútgjalda, sem eru um 43 milljarðar. Útgjöld til menningarmála jafngilda um helmingi af útgjöldum heimila fyrir mat- og drykkjarvörur og um tvöföldu af því sem varið er til

⁵ Í töflu 3 er tilgreind velta samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum aðila í ÍSAT-atvinnugreinaflokkunarkerfinu (*Fjölmíðlun og menning*, 2003, bls. 142) með tveimur undantekningum. Í fyrsta lagi endurspeglar sú flokkun ekki veltu í smásölu á hljómplötum og geisladiskum. Þar er stuðst við áætlun Alþjóðasamtaka hljómplötuframleiðenda og Félags hljómplötuframleiðenda og kemur sú áætlun fram í röðinni fyrir ofan samtalsröðina í töflu 2 en fyrir árið 2002 er byggt á eigin áætlun. Í öðru lagi sýnir ÍSAT-flokkunin ekki vel veltu í dreifingu kvikmynda og myndbanda sem sýnd er í miðri töflu 3. Þar er því miðað við nákvæmari gögn Hagstofu Íslands um útleigu og sölu myndbanda og andvirði seldra aðgöngumiða í kvikmyndahúsum og á kvikmyndahátíðum (Ragnar Karlsson, 2004).

Velta á verðlagi ársins 2003	1998	1999	2000	2001	2002
Allar atvinnugreinar	1.212.286	1.266.850	1.323.026	1.397.758	1.384.072
Bókaútgáfa	2.845	2.548	2.266	3.623	1.749
Dagblaðaútgáfa	5.310	5.637	5.268	4.825	4.426
Tímaritaútgáfa	1.267	1.618	1.897	1.845	1.983
Útgáfa og fjölföldun á hljóðrituðu efni	108	94	109	142	252
Önnur útgáfustarfsemi	604	656	610	415	2.366
Bóka- og ritfangaverslun	5.177	5.761	6.324	5.284	4.869
Starfsemi auglýsingastofa	4.577	5.301	5.937	4.877	4.114
Önnur auglýsingastarfsemi	1.194	1.473	1.594	2.286	2.852
Framleiðsla kvikmynda og myndbanda	1.643	1.947	2.572	2.187	2.689
Dreifing kvikmynda og myndbanda	2.235	2.446	2.690	2.692	2.909
Rekstur kvikmyndahúsa	1.538	1.701	1.766	1.640	1.311
Myndbandaleiga	1.195	1.375	1.319	1.560	1.540
Starfsemi útvarps- og sjónvarpsstöðva	7.240	7.975	8.339	7.790	7.730
Önnur menningastarfsemi	660	516	490	483	632
Starfsemi safna	192	214	268	286	267
Smásala á hljómplötum og geisladiskum	1.686	1.718	1.525	1.410	1.685
Samtals	37.468	40.979	42.973	41.345	41.374
% af öllum fyrirtækjum	3,09	3,23	3,25	2,96	2,99

Tafla 3: Velta fyrir- tækja í menningargeiranum 1998–2002 á verðlagi ársins 2003 í milljónum kr.

kaupa á fatnaði (*Hagtíðindi*, 2004). Miðað við flokkun á þessum útgjöldum er varlega hægt að áætla að um 8,5 milljarðar, eða um 20%, tengist tónlist. Þetta er í góðu samræmi við veltutölur fyrirtækja. Til samanburðar má nefna að til prentmiðla er varið 8 milljörðum og í kvikmyndahús og myndbandaleigur er varið 2 milljörðum.

Til að sjá umfang menningar og tónlistar í þessum eignum er heppilegt að skoða fjölda starfa í þeim atvinnugreinum sem er lýst í töflu 3. Tafla 4 sýnir fjölda starfa fyrir þessi 5 ár (*Fjölmíðlun og menning*, 2003; Ragnar Karlsson, 2004).

Af um 156 þúsundum manns á vinnumarkaði vinna tæplega 7.000 í þeim greinum sem eru tilgreindar sérstaklega í töflu 4. Margir þeirra eru ekki í fastri vinnu og hafa litlar tekjur af viðkomandi starfi eða starfa einungis í hlutastörfum og á það við um marga listamenn og fólk sem starfar við blaðaútgáfu, t.d. blaða-útburð. Fyrir í þessari rannsókn kom fram að áætlað er að um 5.000 manns starfi við menningu og er það reyndar varlega áætlað, m.a. miðað við þessar tölur.⁶ Hlutdeildin á vinnumarkaði er hér svipuð milli ára eða um 4,4%, sbr. neðstu línu í töflu 4.

⁶ Mannaflí í fyrirtækjum sem selja hljómplötur og geisladiska í smásölu og starfa við dreifingu kvikmynda og myndbanda er meiri en hér er greindur en miðað er við ÍSAT-flokkunina.

Mannaflí í fyrirtækjum	1998	1999	2000	2001	2002
Allar atvinnugreinar	145.470	150.030	154.050	156.500	156.100

Bókaútgáfa	400	350	300	250	200
Dagblaðaútgáfa	1.730	1.740	1.730	1.460	1.790
Tímaritaútgáfa	140	160	180	200	210
Útgáfa og fjölföldun á hljóðrituðu efni	10	10	10	10	20
Önnur útgáfustarfsemi	70	80	80	70	70
Smásala á hljómplötum og geisladiskum	30	40	30	10	20
Bóka- og ritfangaverslun	420	460	520	590	570
Starfsemi auglýsingastofa	350	380	430	460	520
Önnur auglýsingastarfsemi	110	140	170	160	200
Framleiðsla kvikmynda og myndbanda	1.170	190	200	230	240
Dreifing kvikmynda og myndbanda	20	20	20	20	20
Rekstur kvikmyndahúsa	240	260	260	260	220
Myndbandaleiga	170	190	140	120	110
Starfsemi útvarps- og sjónvarpsstöðva	870	890	920	890	810
Starfsemi listamanna	930	990	990	1.010	1.020
Önnur menningarstarfsemi	210	180	170	180	190
Söfn	570	570	610	650	670
Samtals	6.440	6.650	6.760	6.570	6.880
% af vinnurmarkaði	4,4	4,4	4,4	4,2	4,4

Á grunni talnanna í töflum 3 og 4 er áætlað hversu margir vinna í tónlistariðnaði. Þannig er ljóst að allir þeir sem vinna við smásölu á hljómplötum og geisladiskum vinna í tónlistariðnaði og margir þeirra sem vinna að hljóðritun efnis. Hér er farin sú leið að áætla hvað mikið af þeim störfum sem eru tilgreind í töflu 4 falla undir tónlistariðnað, sem er sköpun, miðlun og önnur vinna við tónlist. Tónlist skipar stóran sess í útvarps- og sjónvarpsrekstri og mikill hluti útsendinga er tónlist og er áætlað að um 25% þeirra sem þar vinna starfi innan tónlistariðnaðarins. Um 20% listamanna teljast til tónlistarmanna og er það í samræmi við aðildartölur í listamannafélögum. Um 15% þeirra sem starfa á auglýsingamarkaði teljast vinna við tónlistariðnað, svo og þeir sem starfa við framleiðslu kvikmynda og myndbanda, en einungis 3–5% þeirra sem vinna við dagblaða-, tímarita- og bókaútgáfu. Með þessari aðferð fæst að um 800 manns starfi innan tónlistargeirans á þeim sviðum sem eru tilgreind í töflu 4. Sé sömu flokkun

Tafla 4: Mannaflí í fyrirtækjum innan menningargeirans 1998–2002

Jón Leifs fæddist í Húnavatnssýslu árið 1899 og lést árið 1968. Hann var eitt helsta tónskáld Íslendinga á fyrri hluta 20. aldar. Verk hans hafa einkum fengið góða dóma hin seinni ár en hann var mikill framúrstefnumaður á sinni tíð. Jón lærði í Þýskalandi og starfaði þar lengi. Hann var forvígismaður í félagsmálum tónlistarmanna og var helsti hvatamaður að stofnun Tónskáldafélags Íslands árið 1945 og Stefs árið 1948. Jón var óþreytandi í baráttu fyrir hagsmunamálum tónlistarinnar hérlandis og vann einnig mikið að söfnun þjóðlaga.

beitt á veltu fyrirtækja fæst út að tónlistariðnaðurinn velti 6,5 milljörðum á ári.

Auk þessara 800 starfsmanna vinna fjölmargir að tónlist innan kirkna, kóra, stjórnslu, hagsmunasamtaka og á fleiri stöðum í samfélagi okkar. Það má varlega áætla að um 1.200 manns vinni við tónlistariðnaðinn hérlendis og er það umtalsvert á vinnu-markaði. Það eru um 25% af þeim sem starfa innan menningar-geirans. Sé hliðstæða dregin við verðmætasköpunina er framlag tónlistariðnaðarins um 1% af landsframleiðslunni eða fjórðungur af heildarframlagi menningarinnar. Hér vegur auk þess þungt sú efnahagslega starfsemi sem á sér stað í tengslum við ólaunuð störf innan tónlistargeirans eins og við kórastarf. Það eru þúsundir Íslendinga sem taka þátt í slíku starfi og vitaskuld koma þar fram efnahagsleg áhrif, t.d. við að fara milli staða, neysla á mat og drykk, ferðalög, fatnaður og ýmislegt fleira. Tónlistin stendur þó vitaskuld ekki ein innan atvinnulífsins heldur er hún að hluta til sjálfstæð en að hluta til þáttur í öðrum atvinnugrein-um.⁷ Þetta mat er í samræmi við upplýsingar frá tónlistarfélögum og félagatali þeirra og styðst jafnframt við mat á upplýsingum í erlendum rannsóknum (*Behind the Music*, 2003; *Denmark's Creative Potential*, 2001).

2.2 Útflutningur í tónlistariðnaði


Útflutningur á tónlist, sem er hér skilgreindur sem gjaldeyrstekj-ur, er með margvíslegum hætti. Það getur verið um að ræða sölu á diskum og hljómléikahald íslenskra tónlistarmanna erlendis.

Jón Múli Árnason fæddist 1921 á Vopnafirði og lést árið 2002. Hann nam söng og lærði á trompet. Hann starfaði hjá Ríkisútvarpinu í áratugi sem þulur og fréttamaður. Hann var sérstakur áhugamaður um djass og frumkvöðull í að kynna þá tónlist hérlendis. Hann sá um marga tónlistarþætti í útvarpi og samdi ásamt bróður sínum, Jónasi Árnasyni, fjölmarga vinsæla söngleiki eins og *Deleríum Búbónis*. Hann var einn af stofnendum Lúðrasveitar verkalýðsins og tók virkan þátt í stjórnmála-umræðunni. Lög Jóns Múla eru oft sungin eins og hið fagra lag hans „Einu sinni á ágúst-kvöldi“ við texta Jónasar, bróður hans.

Einnig leiða tónlistarviðburðir hérlendis, s.s. Listahátíð, til að útlendingar koma sérstaklega til landsins til að fylgjast með og taka þátt í þeim atburðum. Þeir gestir bera oft landinu vel söguna erlendis, auk þess sem fjöldi þeirra eyðir oft umtals-verðu fé hér á landi.

⁷ Nokkur hluti hagkerfisins er ekki mældur af opinberum aðilum, svokallað neðanjarðarhagkerfi eða nótalaus viðskipti. Ekki er fjarri lagi að álykta að nokkuð sé um slík viðskipti sem tengjast tónlistarflutningi. Hér er ekki reiknað með þeim umsvifum og ekki er lagt mat á þau en þau eru ekki óveruleg. Aukning á rafrænum viðskiptum undanfarin ár hefur þó dregið úr nótulausum viðskiptum.

Gjaldeyrstekjur vegna erlendra ferðamanna 1985–2003



Mynd 11: Gjaldeyrstekjur í milljörðum kr. vegna erlendra ferðamanna 1985–2003 á verðlagi ársins 2003 og sem hlutfall af gjaldeyrstekjum

Ýmiss konar starfsemi telst til útflutnings og gjaldeyrisöflunar í tengslum við tónlist. Sem dæmi um það er fyrirtækið Mr. Destiny sem skipuleggur tónleika og miðlar upplýsingum erlendis um tónlistaraburði hérlendis. Fyrirtækið skipuleggur einnig Iceland-airwaves-hátíðina sem er haldin árlega, m.a. í samvinnu við Icelandair. Margir koma þess vegna til landsins, meðal þeirra eru fjölmargir erlendir blaðamenn sem leita upplýsinga um íslenska tónlist (Destiny, 2004).

Annar þáttur er þegar erlendir ferðamenn koma hingað vegna óbeinna áhrifa íslenskra tónlistarmanna. Dæmi um þetta er þegar ungir ferðamenn koma frá Bretlandi vegna þess að þeir eru að heimsækja heimaland Bjarkar, sem Icelandair hefur þar að auki markaðssett sem land fjörugs skemmtanalífs þar sem tónlist skiptir vitaskuld miklu máli.⁸

Mynd 11 sýnir þróun gjaldeyrstekna vegna ferðamanna frá 1985 til og með 2003 á verðlagi ársins 2003 (*Gjaldeyrstekjur*, 2004; *Landshagir* 2003; *Hagskinna*, 1997). Á mynd 11 sést að gjaldeyrstekjur á föstu

Jón Nordal fæddist í Reykjavík árið 1926. Hann nam við tónlistarskóla m.a. í Sviss og hefur starfaði mikið að félagsmálum tónlistarmanna. Verk hans hafa verið flutt víða um heim. Jón var skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík í rúm 30 ár. Hann var frumkvöðull í nútímatónlist hérlendis og einn af stofnendum Musica Nova og fyrsti formaður þess. Jón hefur hlotið fjölmargar erlendar viðurkenningar.

⁸ Dæmi um útflutningsiðnað sem sjaldan eða aldrei er rætt um er skáklistin. Fjölmargir erlendir skákmeistarar koma hingað á hverju ári og eyða hér töluverðu fé. Þessir einstaklingar hafa nær undantekningalaust hrifist af landinu og bera því vel söguna erlendis, sem aftur hefur áhrif á þekkingu á landi og þjóð og skapar jákvæða mynd gagnvart ferðalögum til landsins og þeim afurðum sem Íslendingar selja erlendis.

Tafla 5: Útflutningur þjónustu og útflutningur menningar í milljónum kr. á verðlagi ársins 2003 og hlutdeild menningar 1995–2002

Ár	Útflutningur þjónustu	Menningar-útflutningur	Hlutdeild af heildarútflutningi
1995	58.587	188	0,3%
1996	65.644	227	0,3%
1997	74.935	426	0,6%
1998	83.854	505	0,6%
1999	80.608	627	1,0%
2000	94.025	589	0,6%
2001	113.955	852	0,7%
2002	106.705	502	0,5%

verðlagi (verðlagi ársins 2003) hafa farið úr rúnum 12 milljörðum árið 1985 upp í 37 milljarða árið 2003. Hæstar voru tekjurnar árið 2001 eða samtals 40 milljarðar. Gjaldeyrstekjur vegna erlendra ferðamanna sem hlutdeild af heildargjaldeyrstekjum þjóðarinnar (vöruútflutningur og þjónustuútflutningur) hefur farið úr um 6% í um 13%, eins og sést á mynd 11. Síðustu 10 árin hefur hlutdeildin verið um 12%. Menningin getur hrósað sér af hluta þessa og tónlistin á sinn þátt í þeirri ímynd sem gerir landið að eftir-sóknarverðu ferðamannalandi.


Þættir sem gætu stuðlað að meiri útflutningi innan tónlistar-iðnaðarins felast að ýmsu leyti í sameiginlegu átaki opinberra aðila og einkaaðila. Sem dæmi í tengslum við dægurtónlist er sú hugmynd að hafa sérstaka kynningarskrifstofu á íslenskri tónlist og tónlistarmönnum erlendis, t.d. í Bretlandi (*Útflutningur á íslenskri dægurtónlist*, 2002). Önnur atriði sem skipta máli er að efla viðskiptalega fagþekkingu innan atvinnugreinarinnar, hafa öfluga styrki í upphafsfasa útflutnings og styrkja innviði til að styðja við starfsemi erlendis. Ísland hefur að mörgu leyti góða ímynd erlendis í dægurtónlist, sbr. Björk og Sigur Rós hin seinni ár, og skynsamlegt er að nýta það, þótt ekki megi ofmeta stöðu Íslands í þessum efnunum. Hugsanlega eru möguleikar á því að ná

samkeppnisforskoti héraðs á alþjóðlegum markaði með tónlist í rafrænu formi (Jón Garðar Hreiðarsson & Ingi Geir Hreinsson, 2000).

Tafla 5 sýnir menningarútflutning frá 1995 til 2002 í milljónum kr. á verðlagi ársins 2003 skv. tölum frá Seðlabanka Íslands (Jón Ásbjörnsson, 2004).

Jón Þórarinsson er fæddur í Eiðapinghá árið 1917. Hann var í tónlistarnámi héraðs og í Bandaríkjunum og lauk meistaraþrófi frá Yale-háskóla árið 1947. Jón hefur ritað mikið um tónlist og var m.a. framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hefur auk þess samið fjölda sönglaga. Hann hefur starfað mikið að hagsmunamálum listamanna og var m.a. forseti Bandalags íslenskra listamanna.

Framlög ríkisins í Kvikmyndasjóð 1991–2004 á verðlagi ársins 2003



Mynd 12: Framlög ríkisins í Kvikmynda-sjóð í milljónum kr. 1991–2004 á verðlagi ársins 2003

Beinn útflutningur á menningu og afþreyingu er enn ekki mikill í hagtölum eða vel innan við einn milljarður kr. síðustu ár, sbr. töflu 5. Mikilvægt er að hafa í huga að margir Íslendingar starfa að mestu erlendis og áhrif þeirra á útflutning kemur einungis fram með óbeinum hætti. Sem dæmi um þetta er Björk en hún hefur selt yfir 15 milljónir diska erlendis sem jafngildir sölu innlendrar tónlistar í 45 ár (Gunnar Guðmundsson, 2004). Mikilvægt í þessu samhengi er að búa listamönnum okkar á heimsmælikvarða þau skilyrði að sem mest af verðmætasköpuninni fari fram hérlendis.

Dæmi um atvinnugrein innan menningargeirans sem hlaut mun meiri opinberan stuðning eftir vísindalega rannsókn á mikilvægi hennar er kvikmyndaiðnaðurinn. Árið 1998 kom út skýrsla sem Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands vann fyrir Aflvaka um kvikmyndaiðnaðinn (*Kvikmyndaiðnaðurinn á Íslandi*, 1998). Þar kom m.a. fram að hagnaður ríkisins af kvikmyndagerð var umtalsverður, m.a. vegna þess að margir útlendingar ákváðu Íslandsferð eftir að hafa séð íslenska kvikmynd í sjónvarpi eða kvikmyndahúsi. Þessir ferðamenn eyddu það miklu fé hérlendis að árlegar skatttekjur ríkissjóðs vegna virðisaukaskatts af því sem þessir ferðamenn keyptu námu mun hærri fjárhæð en þáverandi árlegu framlagi ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs.

Mynd 12 sýnir framlög úr ríkissjóði til Kvikmyndasjóðs frá 1985 til 2004 í milljónum kr. á verðlagi ársins 2003 (*Fjölmíðlun og menning*, 2003; *Fjárlög*, 2002–2004). Eins og sést á mynd 12 varð umtals-

verð aukning á framlagi í Kvikmyndasjóð eftir 1998. Árið 1998 var framlagið 186 milljónir kr. en 6 árum síðar, árið 2004, var það komið í 362 milljónir kr. á sambærilegu verðlagi. Hina miklu aukningu á opinberum framlögum til Kvikmyndasjóðs frá 1998 má að miklum hluta rekja til þeirrar jákvæðu umræðu sem fylgdi fyrrgreindri rannsókn á kvikmyndaiðnaðinum. Engin listgrein getur státað af meiri aukningu á opinberum framlögum á jafnskömmum tíma enda mikil sóknarfæri í kvikmyndum sem varða tónlistariðnaðinn miklu.

Tengingin við Ísland hefur skipt tónlistarmenn sem hafa haslað sér völl erlendis miklu máli, sbr. Jón Leifs, Kristján Jóhannsson, Kristinn Sigmundsson, Sykurmolana, Mezzoforte, Björk, Sigur Rós og Quarashi. Fjarlægð frá Íslandi að helstu markaðssvæðum veldur þó oft erfiðleikum, m.a. vegna ferðakostnaðar. Til að fá opinberan stuðning við tiltekna atvinnugrein er mikilvægt að sýna fram á ávinning fyrir opinbera aðila. Það hefur tekist vel hvað varðar Listahátíð, sem er orðin mikilvægur hluti af menningarlegri starfsemi Reykjavíkurborgar og ríkisins.

Innan markaðsfræðinnar er lögð mikil áhersla á að framleiðendur á stórum markaði, eins og tónlistarmarkaðurinn er, finni sérstöðu og markaðskima og hlutfallslegir yfirburðir þeirra komi fram þar sem tækifæri eru til sóknar. Áhersla á hið íslenska er vafalítið árangursrík, bæði við sölu á tónlistinni sjálfri og til að hafa jákvæð áhrif á aðra þætti sem eru landinu mikilvægir.⁹


Skrifstofa erlendis, sem einbeitir sér að markaðssetningu og upplýsingaöflun fyrir skapandi iðnað hérlendis, getur m.a. miðlað upplýsingum um markaðsstöðu. Þekkingu hérlendis, t.d. innan Útflutningsráðs, mætti vafalítið virkja í slíku skyni. Í þessu

Jónas Ingimundarson fæddist árið 1944.

Hann er fyrst og fremst píanóleikari og nam hérlendis og í Víðnarborg. Hann hefur lengi kennt tónlist en einnig haldið fjölda tónleika um allan heim. Þekktastur er hann fyrir að leika undir hjá einsöngvurum og hafa margir söngvarar hafið feril sinn við undirleik Jónasar. Hann hefur skemmt víða um land og verið söngstjóri margra kóra. Jónas hefur starfað að félagsmálum tónlistarmanna og m.a. verið formaður Félags íslenskra tónlistarmanna.

sambandi er einnig rétt að hafa í huga að aukin þekking á viðskiptum með tónlist kemur með aukinni menntun, t.d. með starfsemi Listaháskóla Íslands og námskeiðum á háskólastigi um menningarmál innan Háskóla Íslands, m.a. í Viðskipta- og hagfræðideild og Heimspekideild. Hægt er

⁹ Dæmi um erlenda tónlistarhátíð sem skilar viðkomandi landi verulegum gjaldeyristekjum og er Íslendingum vel kunn er Hróarskelduhátíðin í Danmörku en í mörg ár hefur fjöldi íslenskra ungmenna farið sérstaklega héðan til þeirrar hátíðar.



Mynd 13: Staða tónlistar á markaði í tvívíðu líkani

sýna aðgreiningu á markaði með einfaldri, tvívíðri mynd, sbr. mynd 13.

Tónlist Bjarkar hefur sterk þjóðleg einkenni og í fyrstu var framsetningin ekki mjög flókin eða umfangsmikil en hin síðari ár hefur hún orðið flóknari með sífellt fjölbreyttari undirleik. Hægt er að segja að þróunin hafi verið frá B1 til B2 eins og sýnt er á mynd 13. Tónlist Sigur Rósar (SR á mynd 13) hefur líka sterk þjóðleg einkenni og framsetningin er hér sett í miðjuna. Sinfóníuhljómsveit Lundúna (LS á mynd 13) er með flókna framsetningu og fjölda hljóðfæraleikara og leikur yfirleitt tónlist með alþjóðleg einkenni eins og klassíska tónlist. Dægurtónlist (DT á mynd 13) er oftast spiluð með tiltölulega fáum hljóðfæraleikurum en hefur skýr alþjóðleg einkenni og fylgir alþjóðlegum straumum.

Þetta er einfalt dæmi innan markaðsfræðinnar og hægt er að nota það til að greina stöðu á markaði og er hér einungis tekið sem dæmi um möguleika fræðanna. Út frá slíkri greiningu væri hægt að ákveða hvaða staða á markaði sé vænleg til sóknar. Til að mynda væri líklega erfitt að hasla sér völl með alþjóðlegum einkennum á hinum risastóra tónlistarmarkaði. Mjög flókin framsetning kostar mikið, sérstaklega við tónleikahald.

Nú orðið skiptir ekki aðeins notagildi vöru og þjónustu máli fyrir neytendur

Jórunn Viðar er fædd árið 1918. Hún hefur samið fjölda tónverka og er lærður píanóleikari. Hún hefur gefið út fjölmörg lög og samið tónverk fyrir mörg hljóðfæri og einnig fyrir kvikmyndir, listdans og leikhús. Móðir hennar, Katrín Viðar píanóleikari, kenndi henni fyrst á píanó þegar hún var 5 ára en síðan tók Páll Ísólffsson við. Jórunn fór síðar til Þýskalands til náms í píanóleik og einnig í framhaldsnám í Bandaríkjunum og Austurríki. Hún kenndi í áratugi við Söngskólann í Reykjavík. Jórunn hefur hlotið margvíslega viðurkenningu og fékk m.a. Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2004.

heldur upplifunin við neysluna. Þessari þörf nútímafólks er hægt að mæta með tónlistarviðburðum og með því að flétta tónlist inn í notkun annarra vara og þjónustu. Tónlist er upplifun og felur í sér sérstakan og nútímalegan reynsluheim.¹⁰

Íslensk utanríkisþjónusta hefur ekki skipt sér sérstaklega af tónlistariðnaði nema við að kynna tónlistarmenn við einstök tækifæri. Sérstakur menningarfulltrúi var um tíma starfandi við sendiráð Íslands í London en því starfi hefur ekki verið haldið áfram með sama hætti, hvorki þar né annars staðar hjá sendiráðum Íslands. Menntamálaráðuneytið veitir styrki til tónlistarstarfsemi. Á 8 árum, frá 1995 til og með 2002, veitti ráðuneytið 8 milljónum kr. samtals í styrki til einstaklinga og hljómsveita á sviði dægur-tónlistar til verkefna erlendis (*Svar menntamálaráðherra*, 2003).

Í alþjóðlegri samkeppni innan tónlistariðnaðarins er verðið ekki aðalatriði til aðgreiningar. Samkeppnin kemur fyrst og fremst fram í tónlistinni sjálfri, gæðum hennar og/eða færni flytjenda. Sú aðgreining sem felst í verði á diskum kemur þó fram í því að diskar frá rótgrónum og öflugum útgefendum eru dýrari en frá öðrum og kostnaður við að sækja tónleika fer mikið eftir frægð viðkomandi tónlistarmanns. Meginmálið er þó að hjá þeim sem ná góðum árangri seljast miklu fleiri einingar hvort sem um er að ræða sölu diska eða fjölda tónleika og aðsókn á þá.

¹⁰ Dæmi um frumleika í útflutningi á sviði tónlistar er þegar íslenskur athafnamaður, Óttar Felix Hauksson, gaf árið 2003 út disk með úrvali laga ítölsku barnastjórnnunnar Robertino og seldi með góðum árangri hérlendis og erlendis.

3. Umfang einstakra þátta í tónlistariðnaði

3.1 Framlög opinberra aðila

Opinberir aðilar verja umtalsverðu fé til menningarmála. Árið 2002 voru fjárlögin 239 milljarðar kr. Þar af ráðstafaði menntamálaráðuneytið 28,3 milljörðum kr. Af þeim fóru 5,9 milljarðar kr. í menningarmál eða 21% af fjárveitingum menntamálaráðuneytis en það er 2,4% af fjárlögum það ár.

Í töflu 6 eru þau útgjöld sundurliðuð (*Menning*, 2002).¹¹ Mynd 14 sýnir dregna saman helstu þætti úr töflu 6.¹²

Á mynd 14 og töflu 6 sést að framlag ríkisvaldsins til menningarmála í gegnum menntamálaráðuneytið er einkum vegna reksturs Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið fær yfir 2 milljarða kr. á ári úr ríkissjóði en þessar greiðslur eru fjármagnaðar með afnotagjöldum (*Ársreikningur 2002, 2003*). Á mynd 14 sést einnig að söfn (menningararfur) og leiklist eru með nokkuð stóran hlut.

Til tónlistar er varið 403 milljónum kr., sem fara að stærstum hluta til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Framlög til tónlistar birtast

¹¹ Ríkisútvarpið er fjármagnað að miklu leyti með afnotagjöldum og er tilgreint á fjárlögum. Það er matsatriði hvort flokka beri afnotagjöldin eins og önnur framlög ríkisins sem eru fjármögnuð með skatttekjum. Afnotagjöldin er þó byggð á skylduáskrift en meðal hagstofa í Evrópu eru þessar tekjur lagðar að jöfnu við áskriftartekjur einkarekinna stöðva (Ragnar Karlsson, 2004). Hér er valin sú leið að sýna útgjöld Ríkisútvarpsins eins og önnur útgjöld til menningarmála þótt uppspretta þeirra sé að mestu leyti afnotagjöld. Ástæða þessa er að menntamálaráðuneytið er með slíka framsetningu og rétt þykir að hafa samræmi við það hér.

¹² Hér er sérstaklega tekið tillit til þess í töflu 6 og á mynd 14 að Ríkisútvarpið er skuldbundið til að greiða til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sú greiðsla var á árinu 2002 133 milljónir kr. og er hún dregin frá framlagi til Ríkisútvarpsins á fjárlögum í töflu 6 og færð beint á framlög til tónlistar í sömu töflu.

Útgjöld á fjárlögum til menningarmála árið 2002 í milljónum kr.


Listir og almenn menningarmál	445,5
· Listamannalaun	246,9
· Akureyri vegna menningar	63,7
· Annað	134,9
Bókmenntir	478,8
· Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn	379,6
· Blindrabókasafn	50,8
· Annað	48,4
Leiklist	687,2
· Þjóðleikhúsið	454,3
· Íslenska óperan	107,1
· Annað	125,8
Myndlist	129,0
· Listasafn Íslands	85,9
· Annað	43,1
Tónlist	402,3
· Sinfóníuhljómsveit Íslands	371
· Annað	31,5
Kvikmyndalist	328,0
· Kvikmyndasjóður	323,9
· Annað	4,1
Menningararfur	1.024,1
· Þjóðminjasafn	226,6
· Þjóðskjalasafn	115,6
· Endurbótasjóður	349
· Annað	332,9
Ríkisútvarp	2.022,0
Íþróttir	213,2
Æskulýðsmál	86,9
Ýmislegt	55,1
Samtals	5.872,3

Tafla 6: Útgjöld á fjárlögum til menningarmála árið 2002 í milljónum kr.

þó einnig á öðrum sviðum eins og til Ríkisútvarpsins og vegna listamannalauna. Listamannalaun eru 1.200 mánaðarlaun sem skiptast þannig að Launasjóður rithöfunda fær 480 mánaðarlaun, Launasjóður myndlistarmanna 320, Tónskáldasjóður 100 og Listasjóður, sem styrkir m.a. leikhópa, fær 300 mánaðarlaun. Auk hefðbundinna listamannalauna eru heiðurslaun listamanna greidd sérstaklega á fjárlögum. Ríkisvaldið varði auk þess um 3,3 milljörðum kr. til kirkjumála árið 2002 en þar á sér stað umtalsverð tónlistarstarfsemi.

Sundurliðunin í töflu 6 og á mynd 14 fyrir árið 2002 sýnir 5,9 milljarða kr. framlag ríkisvaldsins til menningarmála af hálfu

Útgjöld á fjárlögum til menningarmála árið 2002



Mynd 14: Útgjöld menntamálaráðuneytisins á fjárlögum til menningarmála árið 2002 í milljónum kr.

menntamálaráðuneytis. Sambærileg fjárhæð fyrir árið 2004 (*Frumvarp til fjárlaga 2004*, 2003) er 6,5 milljarðar og hefur vaxið verulega. Á árinu 2004 er auk þess áætlað að verja 3,9 milljörðum til kirkjumála. Til Listaháskóla Íslands, Tónlistarskólans í Reykjavík og Listdansskólans er varið 500 milljónum kr. árið 2004, langmest til Listaháskólans. Á fjárlögum fyrir árið 2004 er því varið yfir 11 milljörðum til menningarmála.

Árið 2002 vorðu sveitarfélögin í landinu samtals 10,9 milljörðum kr. til menningarmála (*Ársreikningar 2002*, 2004). Þar af var varið 7,4 milljörðum kr. til æskulýðs- og íþróttamála og til annarra menningarmála 3,5 milljörðum kr. Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar (*Fjárhagsáætlun 2004*, 2004), sem er langstærsta sveitar-


Hluti útgjalda til menningarmála í Reykjavík árið 2004 í milljónum kr.

Borgarbókasafn	387
Leikfélag Reykjavíkur	211
Húsnæðisstyrkir	186
Listasafn Reykjavíkur	174
Önnur söfn	148
Árbæjarsafn	118
Sinfóníuhljómssveit Íslands	83
Aðrir styrkir	55
Listahátíð	32
Annað	112
Samtals	1.506

Tafla 7: Útgjöld til annarra menningarmála í Reykjavík árið 2004 í milljónum kr.

Skipting innlands útgefins efnis 1979, 1990 og 2001

1979 1990 2001



Mynd 15: Hlutfallsleg skipting innlands útgefins tónlistarefnis 1979, 1990 og 2001

félagið, er gert ráð fyrir 650 milljóna kr. framlagi til tónlistar fyrir árið 2004, þ.e. til tónlistarskóla (575 milljónum kr.) og skólahljóm-sveita (75 milljónum kr.). Önnur útgjöld til hefðbundinna menningarmála í Reykjavík árið 2004 eru 1,5 milljarðar kr. og eru þau sundurliðuð í töflu 7.

Reykjavíkurborg ver auk þess 2,6 milljörðum kr. til æskulýðs-, tómstunda- og íþróttamála á árinu 2004. Samtals eru því framlög Reykjavíkurborgar á árinu 2004 til menningarmála um 4,8 milljarðar kr.


Það er ljóst af þessari umfjöllun að framlög opinberra aðila til menningarmála eru veruleg og fjölbreytileg. Þessi framlög nema meira en 20 milljörðum kr. á hverju ári og hafa aukist verulega undanfarin ár eins og var rakið í fyrsta kafla.¹³ Margvíslegir

Kristinn Sigmundsson er fæddur árið 1951. Hann lærði söng hérlendis, í Vín og Washington. Fyrsti kennari hans var Guðmundur Jónsson söngvari og hafði Guðmundur mikil áhrif á Kristin. Kristinn hefur sungið í virtustu óperuhúsum heims og er mikið á ferðinni vegna starfs síns. Hann syngur þó alltaf öðru hverju hér heima og er samvinna hans og Jónasar Ingimundarsonar rómuð. Kristinn er mikill frásögumaður og ein helsta fyrirmynd hans er söngvarinn frægi Dietrich Fischer-Dieskau.

styrktarsjóðir eru í landinu á sviði menningar, bæði opinberir og á vegum fyrirtækja og örfáir á vegum einstaklinga (*Styrkir til menningarmála á Íslandi árið 2002, 2003*). Sárafáir sjóðanna eru nær eingöngu fyrir tónlist. Fyrirtæki styrkja

¹³ Hefðbundið vandamál við aðgreiningu menningar og menntunar er að skólar á listasviðinu, eins og tónlistarskólar og aðrir listaskólar, s.s. Listaháskóli Íslands, eru flokkaðir í hagtölum undir fræðslumál en ekki menningarmál. Hér er rekstur slíkra skóla flokkaður til menningarmála.

Hlutdeild fyrirtækja í innlendum útgáfum 1990 og 2001



tónlistarviðburði nokkuð, t.d. með heimsóknum frægra tónlistarmanna og starfsemi í tengslum við Listahátíð og einstaka tónlistarviðburði.

3.2 Útgáfa tónlistar


Um 200 titlar eru gefnir út sem hljóðrit árlega og er dægurtónlist lang umfangsmest. Í öðru sæti er ljóða- og kórsöngur og síðan sígild tónlist. Útgefin hljóðrit eru að langmestu leyti diskar en smávægilegt af hljóðsnældum.

Mynd 15 (*Fjölmíðlun og menning*, 2003; Ragnar Karlsson, 2004)¹⁴ sýnir breytingu á 22 ára tímabili frá 1979 til 2001. Eins og sést á mynd 15 hafa á þessu 22 ára tímabili orðið nokkrar breytingar. Hlutfall sígildrar tónlistar fer úr 10% í 8%. Hlutfall dægurtónlistar hækkar úr 53% í 66% og hlutfall djass lækkar úr 8% í 4%. Fjöldi titla á þessu tímabili hefur vaxið umtalsvert, eða úr 51 í 197, sem er nær fjórföldun. Dægurtónlist ber höfuð og herðar yfir aðrar greinar.

¹⁴ Í þessum kafla er að mestu leyti stuðst við gögn frá Hagstofu Íslands eins og þau eru birt í *Fjölmíðlun og menning* (Hagstofa Íslands. Reykjavík 2003) en einnig er stuðst við ný, óbirt gögn frá Ragnari Karlssyni á Hagstofu Íslands.

Kristján Jóhannsson er fæddur á Akureyri árið 1949. Hann var iðnaðarmaður og nam plötusmíði en alltaf blundaði í honum að læra til söngs sem varð þó ekki fyrr en hann var um tvítugt. Kristján er af mikilli söngætt á Akureyri og hafa ættmenn hans sungið í margar kynslóðir. Hann lærði hjá Sigurði Demetz söngvara og fór síðan til Ítalíu til náms. Kristján hefur sungið í þekktustu óperuhúsum heims og er hann nú einn eftirsóttasti tenórsöngvari í heimi. Hann býr á Norður-Ítalíu en heldur góðum tengslum við Ísland og kemur oft og heldur tónleika hérlandis og ætíð fyrir fullu húsi. Kristján er opinskár maður og hrífur fólk með sér.

Þróun sölu diska frá 1991 til 2001 á föstu verðlagi (2003)



Mynd 17: Söluverðmæti diska 1991 til 2001 á verðlagi ársins 2003 í milljónum kr. og á hvern íbúa í kr.

Það er bæði mikil dreifing og samþjöppun í útgáfu tónlistar. Árið 2001 var 201 titill gefinn út og útgefendur voru 93 en 80 þeirra gáfu aðeins út einn titil. Diskaútgáfa einkennist því af einyrkjum. Dreifendur hljóðrita eru einnig flestir aðeins tengdir einum titli eða 54 af 66 dreifendum árið 2002. Samþjöppunin sést vel á mynd 16 þar sem skoðað er 12 ára tímabil frá 1990 til 2001 eftir útgáfufyrirtækjum og útgáfuhlutdeild þeirra.

Á mynd 16 sést að einyrkjarnir, sem gefa út aðeins einn titil hver, eru með stærstan hlut útgáfunnar eða rúm 55%. Hlutdeild Skífunnar hefur vaxið úr 16% í 22% á þessum 12 árum en Spor var sameinað Skífunni árið 1998.

Hvað dreifingu varðar er þar svipuð samþjöppun. Skífan dreifði árið 2000 um 38% af útgefnum titlum, Japis 13% en aðrir,

Magnús Kjartansson fæddist árið 1951 í Keflavík. Hann lærði á trompet og píanó og hefur starfað sem hljómlistarmaður frá 15 ára aldri. Hann hefur verið með eigin hljómsveitir og leikið í öðrum en einnig verið stórvirkur við undirleik, útsetningu og upptökustjórn. Meðal hljómsveita sem hann lék með eru Óðmenn, Júdas og Trúbrot. Magnús hefur komið að yfir 200 diskum á starfsævi sinni og starfað við kvikmyndir og í leikhúsum. Magnús hefur verið mjög virkur í félagsstarfi tónlistarmanna og verið formaður Stefs og Félags íslenskra tónlistarmanna.

sem eru mest einstaklingar, 49% af útgefnum titlum. Í hljóðritaútgáfu er algengt að nokkur mjög stór fyrirtæki séu á markaðinum og fjöldi smárra fyrirtækja. Hagkvæmni stærðarinnar er mikil á þessu sviði í framleiðslu, dreifingu og fjármögnun. Á sama tíma og inn- og útgönguhindranir eru yfirleitt litlar hjá tónlistarmönnum, einkum í dægurtónlist, er því öfugt farið hvað varðar útgáfufyrirtækin. Stóru fyrirtækin hafa sterka stöðu og víða hafa litlar breytingar orðið á fjölda þeirra

(Burke, 2003). Athyglisvert er að skoða þróun söluverðmætis diska síðasta áratug eða frá 1991 til 2001 á verðlagi ársins 2003, sbr. mynd 17.

Eins og sést á mynd 17 eykst smásala diska úr 1,3 milljörðum kr. árið 1991 upp í 1,4 milljarða kr. árið 2001 og fer hæst í 1,7 milljarða kr. árið 1999. Samdráttur hefur orðið í sölu diska síðustu ár og er líkleg skýring aukinn aðgangur tónlistarefnis á Netinu. Enn athyglisverðari er þróun á sölu diska á hvern íbúa á þessu ellefu ára tímabili. Árið 1991 var salan 5.000 kr. á hvern íbúa og er sú sama í krónutölu tíu árum seinna, árið 2001, á sambærilegu verðlagi (verðlag ársins 2003). Hæst urðu útgjöldin árið 1999 eða 6.200 kr. en lægst árið 1993 eða 3.100 kr. á hvern íbúa. Það eru því verulegar sveiflur á kaupum á tónlistarefni á þessum tíma. Þróunin sýnir þó ótvírætt að diskamarkaðurinn er síður en svo vaxandi.

Veruleg aukning hefur orðið á hlutdeild innlendra diska þessi ár. Árið 1991 var hlutdeild innlendra diska í sölunni 32% og hlutdeild erlendra diska 68% en árið 2001 var hlutdeild innlendra diska komin í 49% og hlutdeild þeirra erlendu í 51%. Markaðurinn skiptist því nú jafnt milli innlands og erlends efnis. Minni verðmunur er á diskum heima og erlendis en var áður og hefur það fært hluta sölunnar á erlendum diskum inn í landið.

Smásala á diskum, innlendum sem erlendum, árið 2001 var 1,4 milljarðar kr. eins og fyrr segir og heildsöluvirði á því ári var 780 milljónir kr. á verðlagi ársins 2003. Skífan var með yfirburðastöðu, eða 69% markaðshlutdeild það ár. Skífan náði ráðandi stöðu á markaðinum eftir að hún yfirtók Spor árið 1998. Skífan er með tæp 60% af söliverðmæti á heildsölustigi og Edda næst með 10% markaðshlutdeild árið 2001 (*Upplagseftirlit*, 1995–2001) en Edda er nú hætt þessari starfsemi.

Sama er uppi á teningnum ef nýjustu tölur fyrir innlent efni eru skoðaðar (Icelandic National Group of IFPI (FHF), 2004). Sala hljóðrita eftir dreifendum í heildsölu árið 2003 var samtals 704 milljónir kr. og var innlent efni 53% og erlent efni 47%. Hlutdeild Skífunnar það ár var 79%. Þessar upplýsingar eru byggðar á upplagseftirliti Félags hljómplötuframleiðenda en Wigelund ehf. er fyrir utan það

Margrét J. Pálmadóttir fæddist árið 1956. Hún nam sönglist hérlendis og á Ítalíu og söng mikið en þekktust er hún fyrir starf sitt að kvennakórum. Þar hefur hún verið hinn mesti eldhugi og frumkvöðull. Hún stofnaði Kvennakór Reykjavíkur árið 1993 og stjórnaði honum til 1997. Hún hefur stofnað fjölmarga kóra og stjórnað þeim. Þar á meðal eru *Vox feminae* og *Stúlnakór Reykjavíkur*. Fyrir daga Margrétar var ekki mikið um sjálfstæða kvennakóra en nú eru slíkir kórar víða um land með öflugra starfsemi.

upplagseftirlit en að þeirra sögn nam innflutningur þess fyrirtækis allt að eitt hundrað milljónum kr. árið 2003 (Gunnar Guðmundsson, 2004). Markaðshlutdeild vörumerkja í diskasölu hérlendis sýnir mikla dreifingu en þó sterka stöðu Skífunnar. Skífan er með um 35% hlutdeild, Universal 11%, Sony Music 7% og EMI-Virgin 10% og önnur merki minna.

Þótt flestir hlusti eitthvað á tónlist af diskum og snældum hefur salan dregist aðeins saman síðustu árin. Árið 1998 var talið að 78% landsmanna á aldrinum 14 til 80 ára væru kaupendur að geisladiskum (*Fjölmíðlun og menning*, 2003). Líklegt er að þessi hlutdeild hafi lækkað nokkuð og sé nú um 65%.

Miklar breytingar hafa einnig orðið á sölu tónlistarefnis með tilkomu Netsins. Á vefsetrinu www.tonlist.is er seld ýmiss konar tónlist hérlendis og erlendis og DVD-diskar njóta sífellt meiri vinsælda (Stefán Hjörleifsson, 2004). Margvísleg vandamál hafa jafnframt skapast vegna sölu á Netinu erlendis, m.a. vegna ólöglegar afritunar sem er með ýmsum hætti og af ólíkum ástæðum (Marshall, 2004). Ef ólögleg afritun á sér stað á Netinu veldur það minni sölu á hefðbundnum diskum og dregur úr greiðslum til rétthafa tónlistar, höfunda og flytjenda. Slík þróun er því grafalvarleg og brýnt er að Netið sé notað til viðskipta þannig að rétthafagreiðslur séu tryggðar enda er Netið mjög góður vettvangur fyrir sölu á tónlist og annarri listframleiðslu.

3.3 Kvikmyndir og myndbönd


Kvikmyndir tengjast tónlist enda er nær engin kvikmynd framleidd án tónlistar. Oftast er tónlist veigamikill þáttur í umgjörð og efnisþræði kvikmynda. Framboð af kvikmyndasölum og sætum

hefur staðið í stað síðasta áratug en nú eru um 50 kvikmyndasalir á landinu og 10.000 sæti í þeim. Aðsókn að kvikmyndahúsum hefur einnig verið svipuð síðasta áratug eða um 1,5 milljón gesta á ári.

Gerð innlendra kvikmynda skiptir verulegu máli fyrir tónlistarmenn. Fjöldi leikinna íslenskra kvikmynda frá 1985 til 2002, eða í átján ár, er 58, sem er að meðaltali 3,2 nýjar íslenskar kvikmyndir á ári (*Lands-*

María Markan fæddist 1905 og lést árið 1995. Hún nam m.a. í Noregi og Þýskalandi og var bæði píanóleikari og óperusöngkona. Hún söng óperuhlutverk víða um heim og var fastráðin við Metropolitan-óperuna í New York árið 1941. Frami hennar er hvað glæsilegastur allra íslenskra óperusöngvara. Eftir starf hennar erlendis flutti hún heim en söng ekki mikið eftir það en stundaði þeim mun meiri kennslu og lærðu margir okkar bestu óperusöngvara hjá henni.

Fjöldi hljóðvarpsstöðva 1983, 1993 og 2003



Mynd 18: Fjöldi hljóðvarpsstöðva 1983, 1993 og 2003

hagir, 2003). Á árinu 2004 er varið til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands (Kvikmyndasjóðs) skv. fjárlögum 370 milljónum kr., sem er umtalsvert sé miðað við að framlag í Rannsóknasjóð, sem er langstærsti vísindarannsóknasjóður landsins, er fyrir sama ár 415 milljónir kr. Kvikmyndagerð er mikilvæg fyrir íslenskt þjóðarþú, m.a. vegna jákvæðra áhrifa á ferðamannastraum til landsins eins og fyrr er rakið. Þáttur tónlistar og tónlistarmanna í kvikmyndum er því mikilvægur í efnahagslegu tilliti.

Myndbandsmarkaðurinn er mikilvægur þáttur í nútímasamfélagi þótt hann hafi ekki vaxið síðustu ár. Leigumyndir á íslenska markaðinum eru 600 talsins og sölumyndir rúmlega 100. Um helmingur sölumyndbanda hefur áður verið sýndur í kvikmynda-húsum og um þriðjungur leigumyndbanda. Íslensk myndbönd eru lítill hluti markaðarins en þó eru myndbönd sem framleidd eru hérlendis árlega á annan tug. Tónlist kemur hér við sögu eins og annars staðar, m.a. með sérstökum tónlistarmyndböndum.


3.4 Hljóðvarp og sjónvarp

Hljóðvarpsstöðvar skipta verulegu máli fyrir dreifingu tónlistar. Þróunin hefur verið ör á þessum markaði. Á 20 ára tímabili frá 1983 til 2003 hefur hljóðvarpsstöðvum fjölgað mikið, einkum staðbundnum einkastöðvum.

Mynd 18 sýnir þróunina. Ríkisútvarpið er með 1–2 landsrásir allt þetta tímabil og upp í 4 svæðisstöðvar, sbr. mynd 18. Einka-

Útsendingartími hljóðvarpsstöðva 1985, 1993 og 2002

1985 1993 2002



Mynd 19: Útsendingartími hljóðvarpsstöðva í þúsundum klukkustunda 1985, 1993 og 2002

aðilar eru með 2 landsstöðvar (Bylgjan og FM 95,7) frá árinu 1999 en staðbundnum einkastöðvum hefur fjölgað mikið, eða úr engri árið 1983 í 13 árið 1993 og 18 árið 2003. Athyglisvert er einnig að skoða þróunina á útsendingartímum þessara stöðva í þúsundum klukkustunda á ári, sbr. mynd 19.

Ríkisútvarpið hefur staðið í stað síðustu tíu ár hvað varðar útsendingartíma og staðbundnar útsendingar þess eru óverulegar. Einkastöðvar á landsvísu hafa ívið meiri útsendingartíma en Ríkisútvarpið en staðbundnar einkastöðvar bera höfuð og herðar yfir aðrar hljóðvarpsrásir hvað varðar umfang útsendinga. Útsendingartíminn var enginn árið 1985, 55 þúsund klst. árið 1993 og fór upp í 118 þúsund klst. árið 2002.


Margar hljóðvarpsstöðvarnar eru tónlistarstöðvar, eins og FM 95,7 sem sendir út á landsvísu. Dæmi um staðbundnar

Oddgeir Kristjánsson fæddist árið 1911 og lést árið 1966. Nafn hans verður ætíð tengt Vestmannaeyjum og þjóðhátíðinni þar. Oddgeir bjó í Eyjum og samdi snemma lög, m.a. til flutnings á þjóðhátíð, hinni miklu skemmtun Eyjamanna sem er einn elsti hátíðarfagnaður Íslendinga. Venja var að hafa sérstakt þjóðhátíðarlag og var Oddgeir oft fenginn til að semja það. Rómuð var samvinna Oddgeirs og textahöfundarins Ása í Bæ. Lög Oddgeirs eru enn oft sungin.

einkastöðvar sem útvarpa fyrst og fremst tónlist eru FM 91,1, Létt, Muzik, Radíó Reykjavík, Radio-X (áður X-ið FM), Steríó og FM Akureyri. Af þeim 23 einkarekn-um stöðvum sem sendu út árið 2001 voru 13 þeirra tónlistarstöðvar. Flestar einkastöðvanna eru hluti af Norðurljósum.

Tónlist er mikilvægasti þátturinn í starfsemi Ríkisútvarpsins. Tónlistarflutningur nær yfir um 40% af útsendingartíma Rásar

Sjónvarpsútsendingar í þús. klst. 1986, 1991 og 2001



Mynd 20: Umfang sjónvarpsútsendinga í þúsundum klukkustunda 1986, 1991 og 2001

1 og rúm 50% af dagskrá Rásar 2. Hjá einkareknu stöðvunum er tónlist frá 60% upp í 95% dagskrár. Það er því ljóst að meginstarfsemi hljóðvarps hérlendis er innan tónlistariðnaðarins.


Af hljóðvarpsstöðvunum voru Rás 2 og Bylgjan með um 60% uppsafnaða hlustun síðastliðin 5 ár, frá apríl 1999 til mars 2004. Rás 1 er með 45% uppsafnaða hlustun, FM 95,7 er með um 30% hlustun og aðrar stöðvar minna. Ungt fólk hlustar aðallega á FM 95,7 og eldra fólk á hljóðvarpsrásir Ríkisútvarpsins (*Fjölmíðlakannanir*, 2004).

Fjöldi innlendra sjónvarpsstöðva hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár eða um 8–11 talsins. Þær eru nú 11 og hafa aldrei verið fleiri. Þar af er ein ríkisstöð á landsvísu og 10 einkastöðvar, þar af eru 3 á landsvísu (Stöð 2, Skjár 1 og Sýn). Auk þess eru 5 svæðisbundnar stöðvar, þ.e. Omega, Fjölsýn, Popp Tíví, Bíórásin, Sjónvarp Hafnarfjarðar og Aksjón. Allar stöðvarnar senda út frá höfuðborgarsvæðinu nema Aksjón, sem er á Akureyri. Popp Tíví er hreinræktuð tónlistarstöð en aðrar stöðvar hafa aðrar áherslur en tónlist skiptir alls staðar miklu máli.

Útsendingartími sjónvarps hefur stóru aukist síðasta áratug. Þróunin frá 1986 til 2001 í þúsundum klukkustunda sést á mynd 20. Framboð á efni hefur margfaldast, eða meira en átjánfaldast frá 1986 til

Páll Ísólfsson fæddist á Stokkseyri árið 1893. Hann var þekktastur fyrir orgelleik sinn og tónsmíðar fyrir orgel. Páll var dómorganisti í aldarfjórðung og fyrsti skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík og gegndi þeirri stöðu í 30 ár. Hann var jafnframt fyrsti tónlistarstjóri Ríkisútvarpsins. Páll samdi sín fyrstu lög aðeins 10 ára gamall. Hann setti mikinn svip á íslenskt tónlistarlíf og veglegt minnismerki er um hann á Stokkseyri. Páll lést árið 1974.

Mynd 21: Hlutdeild sérhæfðar tónlistar á einstökum sjónvarpsstöðvum árið 2002



2001. Efni í opinni dagskrá hefur sautjánfaldast og efni í lokaðri dagskrá tuttugufaldast. Athyglisvert í þessu sambandi er að hlutdeild Ríkisútvarpsins nú í útsendingartíma allra innlendra sjónvarpsstöðva er einungis um 7%. Einkareknu sjónvarpstöðvarnar eru með 93% markaðarins hvað útsendingartíma varðar. Stöð 1 eða Ríkisútvarpið voru með útsendingar í 3.500 klst. árið 2001 en Popp Tíví var með útsendingar í 8.800 klst. það ár. Sú stöð, eins og fleiri, er með útsendingar allan sólarhringinn sjö daga vikunnar.

Sérhæft tónlistarefni er ekki fyrirferðarmikið í almennum sjónvarpsdagsskrám. Mynd 21 sýnir hlutdeild nokkurra stöðva árið 2001. Einungis 1,3% af útsendingarefni Stöðvar 1 (Ríkisútvarpsins – Sjónvarps) er tónlistarefni og hjá Stöð 2 er einnig 1,3% af útsendingarefni tónlist. Hlutdeild tónlistar hjá Popp Tíví, sem

Páll Pampichler Pálsson fæddist árið 1928 í Austurríki. Hann fluttist til Íslands á fimmta áratuginum og hefur verið mikilvirkur hljómsveitarstjóri auk þess sem hann leikur á trompet. Hann var stjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar um árabíl og stjórnaði Lúðrasveit Reykjavíkur áratugum saman. Hann hefur jafnframt stjórnað karlakórum og samið margs konar tónverk. Páll er einn þeirra þýskumælendi manna sem settu sterkan svip á tónlistarlíf Íslendinga á 20. öld.

fyrst og fremst sýnir tónlistarmyndbönd, er 67% og hjá Skjár 1 er hlutfallið 56%. Hér er leikið efni og skemmtiefni ekki flokkað með tónlist þótt tónlistaratriði séu þar veigamikill þáttur. Fylgt er hér hefðbundnu flokkunarkerfi Samtaka evrópskra útvarpsstöðva.

Stöð 2 er með nær tvöfalt lengri útsendingartíma en Stöð 1. Hlutdeild innlends efnis á Stöð 1 er um 35% en 20% á Stöð 2. Skjár 1 sem sendir út næstum því jafnlengi

og Stöð 1 er með 30% innlent efni og sama á við Sýn sem er fyrst og fremst íþróttastöð. Tónlist gegnir veigamiklu hlutverki á öllum sjónvarpsstöðvunum. Sjónvarp er á nær öllum heimilum og 45% heimila eru með tvö eða fleiri sjónvarpstæki. Áskriftarsjónvarp er mjög útbreitt hérlendis og rúmlega 40% heimila eru með áskrift að Stöð 2 og tæplega 30% heimila eru með áskrift að Sýn. Um 70% landsmanna horfa daglega á Stöð 1, um 50% á Stöð 2, um 35% á Skjá 1 og um 10% á Sýn.

Áhorf helstu 5 sjónvarpsstöðvanna í tæp 2 ár frá október 2002 til mars 2004 sýnir að uppsafnað áhorf á Ríkissjónvarpið er um 94%, Skjár 1 og Stöð 2 eru með 70% áhorf og Sýn og Popp Tívi eru með um 22%. Áhorf í einni viku í mars 2004 sýnir að áhorf á Stöð 1 er 470 mínútur, 350 mínútur á Stöð 2, 190 mínútur á Skjá 1, 70 mínútur á Sýn og 45 mínútur á Popp Tívi. Stöð 1 höfðar miklu meira til eldri kynslóða en aðrar stöðvar til yngri hópa (*Fjölmíðlakannanir*, 2004).

Tekjur allra útvarpsstöðva árið 2002 voru um 8 milljarðar, þar af er Ríkisútvarpið með 3 milljarða og einkastöðvar með 5 milljarða. Þetta er því umtalsverður rekstur og verulegur hluti hans tengist tónlist.


3.5 Tónleikahald

Leikhús eru mikilvægur vettvangur fyrir tónlist. Þó eru innan við 10% af uppfærslum leikhúsa söngleikir, óperur og óperettur. Auk þess eru um 10% uppfærslna listdans. Ef skoðaður er fjöldi sýninga er hlutfall sérstakra tónlistarsýninga um 7%. Hins vegar sækja um 15% áhorfenda söngleiki, óperur og óperettur í leikhúsum. Söngleikir hafa þó einstök ár náð feiknaaðsókn eða um og yfir 30% leikhúsgesta sem sýnir að markaður fyrir slíkar sýningar er fyrir hendi.

Aðstaða fyrir tónlistarmenn til æfinga er mikilvæg, einkum fyrir þá sem eru að taka sín fyrstu skref. Merkilegur áfangi í því að efla þá aðstöðu náðist þegar Tónlistarþróunarmiðstöðin var stofnuð árið 2003. Það er Félag um tónlistarþróunarmiðstöð sem rekur miðstöðina úti í Örfirisey en í félag-

Pétur W. Kristjánsson fæddist í Reykjavík árið 1952 og lést árið 2004. Hann var einn litríkasti persónuleiki íslenska poppsins. Pétur lék í mörgum hljómsveitum, m.a. Pops, Náttúru og Pelikan. Hann var mjög vel liðinn í þessum geira, glaðvær og hjálpsamur. Hann átti stutt að sækja tónlistarhæfileikana en faðir hans er Kristján Kristjánsson hljómsveitarstjóri. KK-sextettinn sem Kristján stjórnaði markaði að mörgu leyti tímamót í tónlist hérlendis fyrir fagmannleg vinnubrögð og góða tónlist. Pétur rak síðustu starfsárin eigin fyrir-tæki sem gaf út og seldi tónlist. Hann gegndi mörgum trúnaðarstörfum fyrir Félag íslenskra hljómlistarmanna.

Fjöldi tónleika á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni 1995 og 2000



Mynd 22: Fjöldi tónleika á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni 1995 og 2000


inu eru um 250 félagar. Það eru einkum popphljómsveitir sem þarna æfa og oftast eru félagarnir ungir að árum. Hugtakið bílskúrshljómsveit er oft notað til að lýsa hljómsveitariðkun yngstu kynslóðarinnar en þar er vísað til þess að æft er í slöku húsnæði á borð við bílskúra. Rekstur Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar er því mikilvægur þáttur í bættri umgjörð fyrir þessar hljómsveitir en árið 2004 æfðu 34 hljómsveitir í miðstöðinni (Gylfi Blöndal, 2004). Einnig rekur Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) 5 æfingarsali auk hljóðvers fyrir félagsmenn sína í Rauðagerði í Reykjavík.

Ragnar Bjarnason fæddist árið 1934 og er fyrir löngu orðinn þjóðsagnapersóna í söngnum. Hann átti stutt að sækja sönghæfileikana en móðir hans, Lára Magnúsdóttir, var söngkona og faðir hans, Bjarni Böðvarsson, var þekktur hljómsveitarstjóri og fyrsti formaður Félags íslenskra hljóðfæraleikara, sem síðar varð að Félagi íslenskra hljómlistarmanna. Raggi Bjarna, eins og hann er oftast kallaður, söng með hinum þekktu KK-sextett en var lengi með eigin hljómsveit. Hann hefur sungið með þremur kynslóðum tónlistarmanna. Dansleikjum hans á Hótel Sögu fylgja góðar minningar tugþúsunda Íslendinga og enn eru oft spilaðar upptökur með Ragnari Bjarnasyni í útvarpi.

Svokallaðar Músíktílaunir eru athyglisverður vettvangur fyrir tónleikahald. Þær hafa verið haldnar í rúm 20 ár og hófust með samstarfi Sambands alþýðutónskálda og tónlistarmanna og Tónabæjar. Þar fá ungar hljómsveitir að spreyta sig og eru meðlimir þeirra á aldrinum 13 til 15 ára. Krýndir eru sigurvegarar hátíðarinnar og margar hljómsveitir hafa síðar náð frama eins og Greifarnir, Kolrassa krókríðandi, Maus, Botnleðja, Mínus og XXX Rottweil er hundarnir (*Saga Músíktílauna*, 2004).

Stórir listviðburðir eins og Listahátíð í Reykjavík eru mikilvægir en hún hefur verið haldin um árabil. Stór hluti atriða á

Hlutdeild tegundar tónlistar í heildarfjölda tónleika 1995 og 2000



Mynd 23: Hlutdeild tegundar tónlistar í heildarfjölda tónleika 1995 og 2000


Listahátíð eru tónleikar og aðrir tónlistarviðburðir. Nú hefur verið ákveðið að Listahátíð verði árlega og hafa ríki og Reykjavíkurborg gert samkomulag um að leggja til Listahátíðar sem nemur 66 milljónum kr. á árinu 2004 (RÚV, 2004). Annar mikilvægur atburður er Íslensku tónlistarverðlaunin sem er árleg hátíð sem Samtónn stendur fyrir og er sjónvarpað beint og hefur mjög mikið áhorf.

Tónleikahald jókst nokkuð frá árinu 1995 til ársins 2000 eins og sést á mynd 22 (*Fjölmiðlun og menning*, 2003; Margrét Bóasdóttir, 2004). Tónleikar eru yfir 1.500 talsins á landinu á ári. Hlutfallsleg aukning frá 1995 er ívið meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsvísu, sbr. mynd 22. Mynd 23 sýnir um hvers konar tónleika er að ræða.

Á mynd 23 sést að klassískir tónleikar bera höfuð og herðar yfir aðra tónleika. Klassískir tónleikar eru um 55% allra opinberra tónleika hérlendis þótt þeim hafi hlutfallslega fækkað nokkuð síðustu ár. Næst koma dægurtónleikar sem hafa tvöfaldast á tímabilinu. Nemendatónleikar hafa örlítið aukist á þessu tímabili en æ algengara er að tónlistarskólar standi fyrir nemendatónleikum. Af klassískum tónleikum eru tónleikar kóra langalgengastir, eða tæplega 40% allra klassískra tónleika

Ragnar Jónsson í Smára fæddist á Eyrarbakka árið 1904 og lést árið 1984. Hann hóf að starfa í smjörlikisgerðinni Smára eftir verslunarskólapróf en hann var síðan alltaf kenndur við það fyrirtæki. Ragnar var sérstakur áhugaður um tónlist og frumkvöðull að stofnun Tónlistarskólans í Reykjavík og Tónlistarfélags Reykjavíkur. Áhugi hans einskorðaðist ekki við tónlist heldur safnaði hann málverkum og rak umsvifamikla bókaútgáfu og var m.a. útgefandi að bókum Halldórs Laxness. Hann var mikill stuðningsmaður lista og fjölmargir listamenn áttu honum að þakka feril sinn.

Tónleikar á 1.000 íbúa í einstökum landshlutum árið 2000



Mynd 24: Tónleikar á hverja 1.000 íbúa í einstökum landshlutum árið 2000

árið 2000. Næst koma kammertónleikar með 30% hlutdeild og síðan söngtónleikar með tæplega 20% hlutdeild. Önnur tónlist er með minni hlutdeild. Djasstónleikar hafa lítilla dregist saman á þessum árum. Opinberir tónleikar lúðrasveita eru sjaldgæfir miðað við aðra tónleika.

Til viðbótar þessum 1.565 tónleikum á árinu 2000 eru 104 óperur og söngleikir og 54 aðrir tónlistarviðburðir. Þessi tónlist er að langmestu leyti flutt á höfuðborgarsvæðinu. Samtals voru því tónlistarviðburðir 1.723 talsins árið 2000 eða tæplega 5 atburðir hvern einasta dag ársins.¹⁵

Mynd 24 sýnir athyglisverða dreifingu tónleikahalds um landið á árinu 2000 og er miðað við alla tónleika. Á mynd 24 kemur fram að meðaltal tónleika á hverja 1.000 íbúa árið 2000 er 6 og þar af er höfuðborgarsvæðið með 6,1 tónleika á hverja 1.000 íbúa. Suðurnesin skera sig verulega úr með lítið tónleikahald (2,3 tónleikar á hverja 1.000 íbúa) og er ein möguleg skýring sú að fólk þaðan sækir tónleika til höfuðborgarsvæðisins. Vestfirðir eru með minni umsvif en aðrir landshlutar en Norðurland trónir á toppn-

Rúnar Júlíusson er Keflvíkingur í húð og hár, fæddur árið 1945. Hann fékk snemma áhuga á tónlist og fylgdist vel með hinni nýju bítla-tónlist sem barst frá Englandi í byrjun sjöunda áratugarins. Hann var einn stofnanda Hljóma árið 1963, fyrstu alvöru bítlahljómsveitarinnar á Íslandi. Hún varð geysivinsæl, og ekki síst vegna kraftmikillar sviðsframkomu Rúnars. Hann spilaði síðar í Trúbroti og fleiri hljómsveitum. Rúnar hefur spilað á dansleikjum á hverjum einasta stað á landinu og líklega í öllum samkomuhúsum landsins. Hann þykir einstaklega ljúfur og hógvær tónlistarmaður og hann hefur notið geysimikilla vinsælda í fjóra áratugi.

¹⁵ Þessi tala er þó enn hærrí því algengt er að tónleikar, einkum dægurtónleikar, séu ekki skráðir sérstaklega og eru því ekki inni í þessum tölum.

um. Skýringin á því er sterk staða tónlistar á Akureyri. Austurland er einnig með mjög sterka stöðu og hefur fjöldi tónleika þar vaxið verulega frá árinu 1995. Mikill tónlistaráhugi er á Austurlandi, eins og kemur fram síðar þegar fjallað verður um starfsemi tónlistarskóla.

3.6 Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska óperan


Sinfóníuhljómsveit Íslands skiptir miklu máli í tónleikahaldi landsmanna. Hún var stofnuð árið 1950 og þar starfa um 80 fast-ráðnir hljóðfæraleikarar (Sinfóníuhljómsveit Íslands, 2004). Opinberum framlögum til hljómsveitarinnar er skipt þannig að ríkið greiðir 56% rekstrarkostnaðar, Ríkisútvarpið 25%, Reykjavíkurborg 18% og Seltjarnarnesbær 1%. Sjálfsaflafé hljómsveitarinnar hefur verið um 13% en opinber framlög hafa verið 87% rekstrarkostnaðar (Þróstur Ólafsson, 2004). Rekstrarkostnaður árið 2002 var um 530 milljónir kr. og rekstrartekjur um 500 milljónir kr. þannig að rekstrarhalli var um 30 milljónir kr. það ár. Til viðbótar er hljómsveitin með lífeyrisskuldbindingar upp á 115 milljónir kr. þannig að brýnt er að finna skuldbindingum vegna lífeyrismála hljómsveitarinnar annan farveg. Sinfóníuhljómsveitin hefur átt í verulegum fjárhagserfiðleikum sem stafa einkum af skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Sinfóníuhljómsveitin hefur gott orð á sér og hefur oft fengið lofsamleg ummæli varðandi frammistöðu sína hjá erlendum gestaleikurum eða gestastjórnendum eða í umsögnum um útgefna diska og hljómplötur (Bjarki Bjarnason, 2000). Um helmingur þjóðarinnar hefur sótt klassíska tónleika. Brýnasta hagsmunamál hljómsveitarinnar nú er, auk uppgjors á lífeyrisskuldbindingum, nýtt tónlistarhús en það er í undirbúningi og mun væntanlega rísa árið 2009. Bygging fullkomins tónlistarhúss hefur lengi verið á döfinni, en það hús verður ásamt öðru aðsetur Sinfóníuhljómsveitar Íslands (*Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð*, 1998).

Mynd 25 sýnir þróun tónleikahalds Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 1965. Á mynd 25 sést að fjöldi tónleika hjá Sinfóníuhljómsveitinni hefur sveiflast

Rögvaldur Sigurjónsson fæddist á Eskifirði árið 1918 og lést árið 2004. Hann er einn ástsælasti píanóleikari Íslendinga. Rögvaldur lærði píanóleik hérlendis og í Bandaríkjunum og lauk prófi í hljómsveitarstjórn í París. Rögvaldur hélt fjölmarga einleikstónleika víða um heim. Hann var lengi tónlistargagnrýnandi og er mjög þekktur fyrir útvarpsþætti sína um sígilda tónlist sem þóttu afburðagóðir og var útvarpað á níunda áratug síðustu aldar. Rögvaldur kenndi mörgum píanóleik og hlaut fjölmargar viðurkenningar. Hann starfaði jafnframt mikið að hagsmunamálum tónlistarmanna.

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar samtals 1965–2002



Mynd 25: Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands samtals 1965–2002

mikið. Fyrstu 30 árin voru haldnir frá 25 til 45 tónleikar á ári en eftir 1995 verður mikil breyting. Þá verða tónleikarnir um 90 á ári og eru flestir árið 2000 eða 93 talsins. Síðan þá hafa verið haldnir um 75 tónleikar á ári.


Mynd 26 sýnir skiptingu þessara tónleika frá 1965 til 2002. Töluvert margir almennir tónleikar eru haldnir utan Reykjavíkur en dregið hefur úr þeim. Skólatónleikum fjölgar nokkuð eins og sést á mynd 26. Tónleikahald á sjúkrahúsum og vinnustöðum hefur verið sveiflukennt undanfarnir ár. Auk þeirra tónleika sem eru sýndir í mynd 25 og mynd 26 hefur Sinfóníuhljómsveitin haldið tónleika erlendis og hefur þá verið farið í sérstakar hljómleikaferðir og haldnir margir tónleikar. Síðasta árið sem það var gert var árið 2000 en þá voru 15 tónleikar erlendis. Árið 1977 var fyrsta árið sem var farið í slíka ferð og síðan þá hefur verið farið í 6 hljómleikaferðir á 25 árum. Það er ljóst að tónleikahald Sinfóníuhljómsveitarinnar er umfangsmikið og

Sigfús Einarsson fæddist á Eyrarbakka árið 1877 og lést árið 1939. Hann var í tónlistarnámi í Kaupmannahöfn og var fyrstur til að útsetja íslensk þjóðlög. Sigfús starfaði sem kennari, söngstjóri og orgelleikari. Hann ritaði kennslubækur í tónlist og gaf út bækur um sönglög og kirkjutónlist. Sigfús var einn helsti forvígismaður okkar Íslendinga í tónlist í upphafi 20. aldarinnar.

er hún með tónleika nær fjórða hvern dag ársins. Hljómsveitin hefur einnig leikið undir við erlendar hljóðritanir, sem er vitaskuld útflutningur á tónlist, og sú starfsemi getur vaxið mikið á næstu árum.

Umræða er nú í gangi um þátttöku í kostnaði við Sinfóníuhljómsveitina. Reykjavíkurborg hefur talið eðlilegt að ríkisvaldið

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar sundurliðaðir 1965 til 2002



Mynd 26: Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands sundurliðaðir 1965–2002


sjái um alla fjármögnun. Sömu sjónarmið hafa komið fram hjá Ríkisútvarpinu og Seltjarnarnesbæ.

Mynd 27 sýnir fjölda tónleikagesta hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, í Salnum í Kópavogi og í Ými, félagsheimili Karlaórs Reykjavíkur. Samkvæmt mynd 27 hefur fjöldi tónleikagestanna tvöfaldast á þessum rúmu 20 árum, eða úr 33.000 í 66.000. Aukningin hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands er úr 30.000 gestum árið 1980 í 40.000 gesti árið 2002. Árið 1966 voru hins vegar gestir Sinfóníunnar 30.000 sem var þá stærri hluti þjóðarinnar en er nú (*Hagskinna*, 1997). Miklar sveiflur hafa verið á aðsókn á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Árið 1976 sóttu aðeins 14.000 manns tónleika hljómsveitarinnar en árið 1998 voru þeir 61.000.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, sem hóf starfsemi árið 1994, hefur vaxið umtalsvert á tiltölulega fáum árum. Enn athyglisverðari er nýting Salarins, hins nýja tónlistarhúss í Kópavogi, en um 15.000 gestir sóttu þar tónleika árið 2002. Salurinn var tekinn í notkun árið 1999. Það er augljóst af góðri nýtingu Salarins og aðsókn þar að brýn þörf hefur verið fyrir vandað tónlistarhús sem Salurinn er. Félagshheimili Karlaórs Reykjavíkur, Ýmir, er með í þessum samanburði en þar eru haldnir um 40 tónleikar á ári með um 3.000 gesti samtals.

Sigfús Halldórsson fæddist árið 1920 og er um margt óvenjulegur listamaður. Hann lærði héraðs, í London og Stokkhólmi og hefur samið fjöldann allan af fallegum sönglögum sem oft eru sungin, m.a. við ljóð Tómasar Guðmundssonar. Sigfús hlaut verðlaun fyrir leiktjaldamálun á námsárum sínum og hann hefur haldið fjölmargar málverkasýningar og ótal söngskemmtanir. Flugan hans Fúsa er hugtak sem flestir Íslendingar þekkja en með því er átt við lagið „Litla flugan“ eftir Sigfús við ljóð Sigurðar Elíassonar.

Fjöldi gesta á tónleikum 1980, 1995 og 2002



Mynd 27: Fjöldi tónleikagesta 1980, 1995 og 2002

Fjöldmargir íslenskir tónlistarmenn starfa erlendis. Það er talið að um 40 söngvarar syngi við óperuhús erlendis og meðal þeirra eru mörg þekktustu óperuhús í heimi (Gunnar Guðmundsson, 2004). Áhrif þessara tónlistarmanna til gjaldyrstekna eru margvísleg, auk þess sem þeir ýta undir gott álit á landinu erlendis. Staða Íslensku óperunnar er athyglisverð í þessu sambandi. Hún er atvinnumannafyrirtæki í tónelsku umhverfi en býr við fjárskort. Veltan er talin verða um 200 milljónir kr. á árinu 2004 og þar af nema opinberir styrkir um 150 milljónum kr. (Bjarni Daníelsson, 2004).

Óflug ópera hérlendis er forsenda fyrir miklu og fjölbreyttu tónlistarlífi. Kennsla í óperusöng hefur alltaf verið mikil hérlendis

Sigrún Hjálmtýsdóttir fæddist í Reykjavík árið 1955. Hún nam söng hérlendis, í Bretlandi og á Ítalíu. Sigrún er þekktust undir gælunafninu Diddú og þykir einstaklega hlý og opinská persóna. Hún söng fyrst á jólaböllum í Útvegsbankanum en faðir hennar, Hjálmtýr E. Hjálmtýsson, starfaði þar lengi og var góður söngmaður. Diddú hefur sungið alls konar tónlist hérlendis og erlendis, m.a. í fjölmörgum óperum og óperettum og er mjög vinsæl. Hún er ein þeirra mörgu söngvara sem hafa starfað lengi og farsælega með Jónasi Ingimundarsyni. Páll Óskar söngvari er bróðir Sigrúnar.

og það er sterk hefð fyrir óperusöng, sem sést m.a. á góðum árangri íslenskra óperusöngvara erlendis. Forsenda fyrir sterkri stöðu í framtíðinni er öflug, íslensk ópera. Þessu má líkja við nauðsynlega stuðningsatvinnugrein. Margvíslegar hugmyndir hafa komið fram um framtíðarstað fyrir Íslensku óperuna, m.a. í nýju tónlistarhúsi við höfnina eða í Borgarleikhúsinu (Stefán Hermannsson & Stefán Eggertsson, 2003). Óperan er dæmi um grein tónlistar sem skortir nægjanlega sterka innviði, en í

þeim felst betri aðstaða og meiri fjárhagslegur stuðningur af hálfu opinberra aðila. Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem er undirstaða í tilteknum mikilvægum þáttum íslensks tónlistarlífs, er annað dæmi um skort á sömu þáttum (*Álitsgerð nefndar um tónlistarhús*, 1997). Einnig hefur verið skortur á nægjanlegu skipulögðu samstarfi milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Óperunnar.

3.7 Tónlistarskólar

Umsvifamikill þáttur í tónlistargeiranum eru tónlistarskólarnir. Þeir eru samtals 80 á landinu og stöðugildi í þeim eru 630 en kennarar eru um 700. Það er því ljóst að hér er um að ræða umtalsverðan þátt í menntakerfi okkar, bæði hvað varðar umfang og fjölda starfsmanna. Nemendur í tónlistarskólum um allt land eru um 12.000 talsins.¹⁶

Tónlistarskólar hérlendis hafa þróast sem opinberir skólar og einkaskólar um langa hríð og þetta fyrirkomulag tónlistarskóla, þar sem er blandað saman opinberu kerfi og einkaskólum, hefur reynst vel. Þannig eru flestir tónlistarskólarnir einkaskólar sem taka skólagjöld en sveitarfélögin greiða stóran hluta starfseminnar eins og laun kennara að vissu marki. Þetta fyrirkomulag hefur stuðlað að fjölbreyttu og blómlegu tónlistarlífi (Þorvaldur Gylfason, 2004). Það hafa orðið gífurlegar breytingar á tónlistarkennslu síðustu áratugi.

Tafla 8 sýnir þróunina síðustu 40 ár (Þórir Þórisson, 2003). Árið 1962 voru tónlistarskólarnir aðeins 14 talsins með 1.100 nemendur eins og sést í töflu 8. Þá voru einungis 0,6% þjóðarinnar sem sóttu tónlistarskóla. Þróunin er sérstaklega ör fram til 1980 og jókst hlutfallið í 3,2%. Síðan verður aftur mikil aukning eftir 1991 og nú eru 12.000 nemendur í tónlistarskólum, en það er 4,1% af landsmönnum. Í töflu 8 sést að á þessum 40 árum hefur fjöldi skóla fimmfaldast, nemendafjöldi ellefufaldast og hlutfall af landsmönnum sem eru í tónlistarskólum hefur sjöfaldast. Sveitarfélögin vörðu 2 milljörðum til

Sigurður Þórarinnsson fæddist árið 1912 og lést árið 1983. Hann var lengst af prófessor í jarðfræði við Háskóla Íslands og heimspektur fyrir rannsóknir sínar á gosstöðvum. Sigurður var mjög söngelskur og bjó til fjölmarga texta við erlend lög sem eru sungin í hvert skipti sem Íslendingar koma saman til að skemmta sér. Má þar nefna „Að lífið sé skjálfandi lítið gras“, „Vorkvöld í Reykjavík“, „Það gerðist hér suður með sjó“ og „Þórsmerkurljóð.“ Sigurður þótti skemmtilegur og félagslyndur með afbrigðum og var einstaklega vinsæll kennari.

¹⁶ Félag tónlistarskólakennara hefur unnið vandaða skýrslu um starf tónlistarkennara *Niðurstöður úr könnun á starfi tónlistarkennara, þjónustu og umfangi tónlistarskóla skólaárið 2002–2003* (Félag tónlistarskólakennara. Reykjavík 2003) og eru myndir í þessum kafla byggðar á þeim upplýsingum.

Tafla 8: Fjöldi tónlistarskóla, nemenda og hlutfall af íbúafjölda 1962–2003

Ár	Fjöldi tónlistarskóla	Fjöldi nemenda	Hlutfall nemenda af íbúafjölda
1962	14	1.100	0,60%
1972	30	3.000	1,40%
1981	56	7.500	3,20%
1991	67	8.700	3,30%
2003	80	12.000	4,10%

tónlistarskóla á árinu 2002 og var Reykjavík með um þriðjung af þeirri upphæð (Gunnlaugur A. Júlíusson, 2004).

Höfuðborgarsvæðið er með hlutfallslega færri tónlistarskóla en landsbyggðin en skólarnir eru almennt stærri á höfuðborgarsvæðinu. Af 80 tónlistarskólum eru 30 á höfuðborgarsvæðinu, þar sem 2/3 af landsmönnum búa. Nemendafjöldi utan höfuðborgarsvæðisins er 6.800 og þar eru skólarnir 50. Fleiri stöðugildi eru á höfuðborgarsvæðinu, eða 330, en utan höfuðborgarsvæðisins eru stöðugildin 300.


Mynd 28 sýnir meðalfjölda nemenda í tónlistarskólum, skipt eftir landshlutum. Á mynd 28 sést að meðalfjöldi nemenda er mun meiri í tónlistarskólum á höfuðborgarsvæðinu en á landinu í heild, en flestir nemendur eru þó að meðaltali í tónlistarskólum á Suðurlandi en fæstir á Vestfjörðum. Tónlistarskólar eru stórar stofnanir eins og sést vel á mynd 28. Meðalstór tónlistarskóli á höfuðborgarsvæðinu er með 183 nemendur, en utan höfuðborgarsvæðisins er meðalnemendafjöldi 136. Það starfa að meðaltali 8,5 manns, þ.e. stöðugildi, í tónlistarskólum á landinu öllu, 12,3 á höfuðborgarsvæðinu og 6,3 á landsbyggðinni. Um helmingur tónlistarskólanna starfrækir forskóla þar sem nemendur eru um 2.000 talsins. Flestir tónlistarkennarar, eða um 80%, vinna í einum tónlistarskóla. Meirihluti tónlistarkennara hefur kennaramennt-

Sigursveinn D. Kristinsson fæddist í Skaga-firði árið 1911 og lést árið 1980. Hann stofnaði og stjórnaði Tónskóla Siglufjarðar en stofnaði síðan árið 1964 Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar sem hefur verið með öflugt tónlistarstarf í áratugi. Sigursveinn samdi mörg lög, m.a. við ljóð Þorsteins Erlingssonar. Sigursveinn fékk mænuveiki sem barn og vann mikið að málefnum fatlaðra og var m.a. fyrsti formaður Sjálfsbjargar.

un eða próf í uppeldis- og kennslufræðum. Langflestir nemendur í tónlistarskólum eru 15 ára og yngri og er það hlutfall rúmlega 80%. Tæplega 20% af þeim eru í forskólum.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir því að tónmennt sé kennd sem skylda að jafnaði tvær kennslustundir á viku en reyndin er ein kennslustund og einungis í um 80% skólanna. Í sumum

Meðalfjöldi nemenda í tónlistarskólum 2002–2003




Mynd 28: Meðalfjöldi nemenda í tónlistarskólum skólaárið 2002–2003, skipt eftir landshlutum

tilvikum þar sem tónmennt er ekki kennd í grunnskólum er um að ræða samstarf við nálæga tónlistarskóla. Tónmennt á að vera valgrein í 9. og 10. bekk en einungis um 50% grunnskóla bjóða upp á slíkt valnám. Aðeins um 60% þeirra sem kenna tónmennt í grunnskólum hafa sérmenntun á því sviði (*Tónlistarkennsla í grunnskólum skólaárið 2002–2003*, 2003). Það er ljóst af þessu að almenn markmið í tónmenntakennslu í grunnskólum nást ekki með þessu móti.

Reykjavíkurborg er mjög umsvifamikil í rekstri tónlistarskóla og stendur undir launakostnaði við 18 tónlistarskóla á höfuðborgarsvæðinu og er unnið eftir opinberri stefnumótun innan sveitarfélagsins (*Stefnumörkun um rekstur tónlistarskóla og skólahljómsveita í Reykjavík*, 1999). Um 2.800 nemendur stunda nám við þessa skóla en samtals stunda 5.500 nemendur nám við tónlistarskóla á höfuðborgarsvæðinu. Þar af eru 78% í for- eða grunnnámi, 14% í miðnámi, 5% á framhaldsstigi og 3% á háskólastigi (Magnús Árni Skúlason, 2004). Reykjavík býr við gott skipulag tónlistarskóla miðað við slíka skóla erlendis (Haukur F. Hauks- son, 2004).

Sigvaldi Stefánsson Kaldalóns var fæddur í Reykjavík árið 1881 og lést árið 1946. Hann er eitt ástsælasta tónskáld þjóðarinnar og eftir hann liggja fjölmörg verk sem eru enn mikið sungin, til að mynda lagið við kvæði Eggerts Ólafssonar „Ísland ögrum skorið.“ Sigvaldi var læknir og starfaði sem slíkur. Hann var bróðir Eggerts Stefánssonar söngvara sem er fyrirmynd Halldórs Laxness að heimssöngvaranum *Garðari Hólmi* í *Brekkukotsannál*. Sigvaldi tók upp ættarnafnið Kaldalóns eftir Kaldalóni á *Snæfjallaströnd* í *Ísafjarðardjúpi*.

Meðalfjöldi nemenda á hvern kennara (stöðugildi) 2002–2003



Mynd 29: Meðalfjöldi nemenda á hvern kennara skólaárið 2002–2003, skipt eftir landshlutum

Mynd 29 sýnir fjölda nemenda á hvern kennara í tónlistarskólum, skipt eftir landshlutum. Fjöldi nemenda á hvern kennara er breytilegur eftir landssvæðum, sbr. mynd 29. Á hvern tónlistarkennara á Suðurnesjum eru 30 nemendur en einungis 18 á Vestfirðum. Mynd 30 sýnir stöðugildi tónlistarkennara á hverja 1.000 íbúa, skipt eftir landshlutum.


Fjöldi stöðugilda tónlistarkennara á hverja 1.000 íbúa er með ólíkum hætti eftir landshlutum eins og sést á mynd 30. Á höfuðborgarsvæðinu eru 1,9 stöðugildi á hverja 1.000 íbúa en á Austurlandi eru 4 stöðugildi á hverja 1.000 íbúa. Hér er mikill munur milli landshluta. Austfirðir hafa sterka stöðu í þessu eins og á öðrum sviðum tónlistar.¹⁷ Mynd 31 sýnir nemendur í tónlistarskólum sem hlutfall af börnum á grunnskólaaldri, skipt eftir landshlutum.

Skúli Halldórsson fæddist á Flateyri árið 1918 og lést árið 2004. Hann lærði héraendis, m.a. hjá Rögnavaldi Sigurjónssyni. Skúli hefur samið yfir eitt hundrad sönglög, fjölmörg píanóverk, kantötur og sínfóníu, auk annarra tónverka. Hann starfaði lengst af sem skrifstofustjóri hjá Strætisvögnum Reykjavíkur og það var þekkt að hann hafði píanó á skrifstofu sinni. Skúli var mjög virkur í félagsmálum tónlistarmanna og var formaður Stefs í tæpa tvo áratugi, auk þess sem hann var nær fjóra áratugi í stjórn Tónskáldafélags Íslands.

Mynd 31 sýnir nemendur í tónlistarskólum sem hlutfall af börnum á grunnskólaaldri, skipt eftir landshlutum.

Það er mismunandi fjöldi nemenda í tónlistarskólum eftir einstökum landshlutum sem hlutfall af börnum á svæðinu eins og sést á mynd 30. Þar kemur fram að 45% barna á Austurlandi eru í tónlistarskólum á sama tíma og þetta hlutfall er einungis 16% fyrir höfuðborgarsvæðið. Tónlistarkennsla virðist standa með mun meiri blóma utan höfuðborgarsvæðisins.


Stöðugildi tónlistarkennara á hverja 1.000 íbúa 2002–2003



Mynd 30: Stöðugildi tónlistarkennara á hverja 1.000 íbúa skólaárið 2002–2003, skipt eftir landshlutum

Ef höfuðborgarsvæðið er greint nánar, og Reykjavík þá sérstaklega, þá er 14% barna í Reykjavík í tónlistarnámi, 12% í Hafnarfirði, 21% í Garðabæ, 22% í Bessastaðahreppi, 14% í Kópavogi, en


Nemendur í tónlistarskólum 15 ára og yngri sem hlutfall af börnum á grunnskólaaldri 2002–2003



Mynd 31: Nemendur í tónlistarskólum, 15 ára og yngri, sem hlutfall af börnum á grunnskólaaldri skólaárið 2002–2003, skipt eftir landshlutum

¹⁷ Sem dæmi um frumkvæði Austfirðinga í tónlist er alþjóðleg djasshátíð sem Árni Ísleifsson tónlistarmaður hefur skipulagt með miklum ágætum á Egilsstöðum um áraáðir.

Nemendur í tónlistarskólum sem hlutfall af íbúafjölda 2002–2003



Mynd 32: Nemendur í tónlistarskólum sem hlutfall af íbúafjölda skólaárið 2002–2003 skipt eftir landshlutum

66% á Seltjarnarnesi. Hið háa hlutfall á Seltjarnarnesi er athyglisvert en það er hægt að skýra með umfangsmikilli forskólakennslu. Hér er skýrt dæmi um hvernig örva má þátttöku ungs fólks í tónlist, þ.e. með forskólakennslu. Annað dæmi um hið sama er á Húsavík, þar sem 62% barna eru í tónlistarnámi.

Mynd 32 sýnir nemendur í tónlistarskólum sem hlutfall af íbúafjölda, skipt eftir landshlutum. Mikill munur er á tónlistarnámi eftir landshlutum, sbr. mynd 32, þegar skoðað er hlutfall nemenda af íbúum viðkomandi svæðis. Fyrir höfuðborgarsvæðið er þetta

hlutfall 3% en 6,3% utan höfuðborgarsvæðisins. Hér skera Austfirðir sig aftur úr, þar sem 8,8% af íbúunum eru í tónlistarskóla. Til samanburðar má geta þess að í Reykjavík eru 2,7% íbúa í tónlistarskólum. Tónlistarkennsla er í mun meiri blóma á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, að Seltjarnarnesi þó undanskildu.

Tónlistarkennsla er dreifð hérlendis og er það bæði styrkur og veikleiki: styrkur vegna fjölbreytni og nálægðar en veikleiki vegna óhagkvæmni í rekstri. Hugmyndir hafa komið fram um endurskipulagningu

Stefán Guðmundsson Íslandi var Skagfirðingur eins og þeir gerast bestir, fæddist árið 1907 og var söngurinn honum í blóð borinn. Hann varð snemma vinsæll hérlendis og söng alltaf mikið með Karlakór Reykjavíkur. Hann nam á Ítalíu, m.a. fyrir stuðning Richards Thors, forstjóra Kveldúlfs. Stefán söng mörg óperuhlutverk á Ítalíu. Hann tók sér listamanns nafnið Íslandi og varð víða þekktur, m.a. í Danmörku. Hann var konunglegur hirðsöngvari í Danmörku og fastráðinn við Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn. Eftir stríð bjó hann hérlendis og söng mikið, m.a. í Þjóðleikhúsinu. Stefán lést árið 1994.

tónlistarkennslu með færri og stærri skólum, m.a. þannig að einn eða tveir framhaldsskólar myndu sérhæfa sig í listsköpun (Hjálmar H. Ragnarsson, 2004). Það er ljóst að Íslendingar hafa byggt upp mikinn mannauð í tónlist í gegnum tónlistarskólana undanfarin 40 ár. Þótt sá mannauður hafi skilað sér í mikilli verðmætasköpun er sá auður enn vannýttur.

3.8 Tónlistarnám og vímuefnaneysla

Tónlist og tónlistarnám hefur margvísleg jákvæð áhrif. Þannig hafa áhrif tónlistarnáms á ýmsa þætti hjá ungmennum, eins og einkunnir, reykingar, áfengisneyslu og hassneyslu, verið rannsökuð (Þórólfur Þórlindsson *et al.*, 2000; Inga Dóra Sigfúsdóttir & Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2004). Þessar rannsóknir hafa leitt í ljós að þeir sem stunda tónlistarnám reykja miklu síður en aðrir og bendir margt til þess að þeir ánetjist tóbaki þess vegna síður seinna á ævinni. Grunnskólanemar sem stunda tónlistarnám reykja 60% minna en aðrir. Um 20% af nemendum, 15 ára og yngri, stunda tónlistarnám hérlendis að meðaltali á landinu. Ekki er eins sterkt samband milli tónlistarnáms og áfengisneyslu og er gagnvart reykingum. Ungmenni sem stunda tónlistarnám drekka um 40% minna en önnur ungmenni (Inga Dóra Sigfúsdóttir & Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2004). Fyrrgreindar kannanir meðal unglinga sem stunda tónlistarnám sýna einnig að einkunnir þeirra eru vel yfir meðaltali. Þótt hér sé ekki lagt út af því er rétt að benda á að unglingar sem leita til Samtaka áhugamanna um áfengisvandamálið (SÁÁ) vegna fíkniefnavandamála eru langoftast nemendur sem hafa átt í erfiðleikum í námi og margir þeirra hafa flosnað upp úr því (Ársrit SÁÁ, 2002).

Það er umtalsverður kostnaður við vímuefnaneyslu í íslensku hagkerfi. Beinn kostnaður við tóbaksreykingar er mjög hár. Kostnaður við reykingar vegna sjúkrahúsvistunar, lyfja, hjúkrunar og eignataps er áætlaður 4,9 milljarðar á verðlagi ársins 2003 (*Kostnaður vegna reykinga á Íslandi árið 2000*, 2003). Óbeinn kostnaður vegna ótímabærra dauðsfalla, örorku, veikinda og vinnutaps er áætlaður í sömu rannsókn 11,1

Svavar Gests fæddist árið 1926 og lést árið 1996. Hann var einn vinsælasti tónlistarmaður landsins. Hann nam hérlendis og í Bandaríkjunum. Auk þess að leika á hljóðfæri stjórnaði hann hljómsveitum. Hljómsveit Svavars Gests var um árabíl þekktasta danshljómsveit landsins. Svavar var mjög umsvifamikill í plötuútgáfu. Hann stjórnaði einnig mjög vinsælum útvarpsþáttum í fjölmörg ár. Síðari eigin kona Svavars var hin ástsæla söngkona Elly Vilhjálms, systir hins ágæta söngvara Vilhjálms Vilhjálmssonar. Svavar vann mikið að félagsmálum tónlistarmanna og var formaður Félags íslenskra hljómlistarmanna, auk þess sem hann var forustumaður í Lions-hreyfingunni.

milljarður kr. Það eru því samtals 16 milljarðar á ári sem reykingar kosta samfélagið og þótt ríkið hafi nokkuð upp í þann kostnað með miklum álögum á sölu tóbaks er ljóst að þetta er einn alvarlegasti og dýrasti heilbrigðisvandi þjóðarinnar.

Áætlaður kostnaður vegna áfengisneyslu er um 9 milljarðar á ári á verðlagi ársins 2003 og er þá miðað við framreikning á rannsókn Hagfræðistofnunar frá 1991 (*Kostnaður og tekjur þjóðfélagsins vegna áfengisneyslu árin 1985–1989*, 1991). Þetta er í samræmi við aðrar rannsóknir (*The World Health Report 2001*, 2004) sem benda til þess að kostnaður vegna áfengisvandamála sé um 1% af landsframleiðslu, sem er hérlendis árið 2003 um 8 milljarðar kr., þannig að fyrrgreint mat upp á 9 milljarða kr. á ári er nærri lagi. Til er nýrra mat á kostnaði við áfengisneyslu Íslendinga upp á 10,5 milljarða kr. (Guðmundur Ólafsson, 2004) en hér verður áfram gert ráð fyrir 9 milljarða árlegum kostnaði.

Það hvað tóbaksneysla er miklu minni meðal tónlistarnemenda miðað við meðaltal sparar umtalsverða fjármuni, eða um 800 milljónir kr. árlega eða sem svarar um 5% af árlegum kostnaði við reykingar. Tónlistarnám hefur því jákvæð áhrif hvað tóbaksneyslu varðar. Það má áætla að sparnaður vegna minni áfengisneyslu þeirra sem stunda tónlistarnám sé um 300 milljónir á ári eða um 3,3% af heildarkostnaði við áfengisneyslu. Samtals er því þessi sparnaður vegna tónlistarnámsins um 1,1 milljarður kr. á ári.

Hér er því ekki haldið fram að með því að auka tónlistarnám dragi verulega úr kostnaði við vímuefni. Þetta er flókara samband en svo, enda má benda á sérstakar hættur í rokk- og poppheiminum sem stuðla að aukinni vímuefnaneyslu. Öguð vinnubrögð eins og krafist er í tónlistarnámi gerir þó miklar kröfur til nemenda. Það eru vitanlega einnig aðrar ástæður en tónlistarnám fyrir því að fólk sé bindindisfólk. Tónlistarnám hefur þó

margvísleg jákvæð áhrif og ein þeirra eru að forvarnargildi tónlistarnáms gagnvart vímuefnum er umtalsvert.

3.9 Tónlist innan kirkjunnar, kórar og lúðrasveitir

Mikil starfsemi fer fram innan kirkjunnar á sviði tónlistar. Tæplega 200 organistar eru starfandi innan þjóðkirkjunnar (*Árbók*

Sveinbjörn Sveinbjörnsson fæddist árið 1847 og lést í Kaupmannahöfn árið 1927. Hann var fyrsti Íslendingurinn sem gerði tónlist að ævistarfi sínu og var brautryðjandi á margan hátt. Hann starfaði nær allt sitt líf erlendis, m.a. í Skotlandi, Kanada og Danmörku. Hann samdi fjölmörg lög, m.a. við „Lofsöng“ Matthíasar Jochumssonar, sem er þjóðsöngur Íslendinga.

kirkjunnar, 1998). Kórar eru fjölmargir í tengslum við kirkjustarf, m.a. barnakórar. Stjórnendur þeirra eru margir í hlutastarfi eða jafnvel í fullu starfi. Mikil aukning hefur orðið á margs konar starfi sjálfstæðra safnaða og byggja samkomur margra þeirra á tónlist. Hægt er að telja að um 300 manns hafi meira eða minna fulla vinnu við tónlistarstarf innan trúfélaga. Starf presta þjóðkirkjunnar er t.d. að miklu leyti helgað tónlist.

Geysimargir kórar starfa hérlendis. Karlakórar starfa í tveimur landshlutasamtökum. Hekla er samband norðlenskra karlakóra og Katla er samband sunnlenskra karlakóra (Konráð Ásgrímsson, 2004). Samband íslenskra karlakóra (SÍK) er landssamband karlakóra hérlendis. Nú eru 20 karlakórar innan SÍK með um 1.000 félagi. Af þessum 20 kórum eru 12 þeirra með söngstjóra í einum þriðja hluta af fullu starfi, þrír kórar eru með söngstjóra í tveimur þriðju hluta af fullu starfi og fimm stærstu kórarnir eru með söngstjóra í fullu starfi (Gísli Baldvinsson, 2004).

Sama máli gegnir um kvennakóra. Þeir eru mjög öflugir víða um land og hefur orðið ör þróun í starfi þeirra (Margrét Pálmadóttir, 2004). Kvennakórar starfa víða í deildum, þ.e. hefðbundnir kvennakórar, stúlnakórar og kórar fyrir eldri kórfélaga. Skil milli stúlnakóra og barnakóra og stúlnakóra og kvennakóra eru ekki alltaf nákvæm. Í landssambandi kvennakóra, Kvennakórasambandi Íslands, eru 18 kvennakórar og eru stjórnendur þeirra 17 (Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir, 2004). Félagar í kvennakórum eru um 1.000 talsins. Fyrir utan þessa kóra eru fjölmargir fyrirtækjakórar og starfsgreinakórar, t.d. Lögreglukórinn. Margir kóranna starfrækja einnig svokallaðar eldri deildir. Kórar halda marga tónleika en kórfélagar syngja einnig oft mikið færri saman, t.d. við jarðarfirir. Félagar í kórum hérlendis, sem eru aðilar að landssamböndum, eru a.m.k. 3.000 talsins. Líklega veit enginn hversu margir Íslendingar syngja í kórum en nefnt hefur verið að kórar og sönghópar séu vel á þriðja hundraðið og þeir sem syngja með þeim séu 8 til 10 þúsund (*Vantar alltaf góða tenóra*, 2004).

Það er því ljóst að efnahagsleg umsvif kóra hérlendis eru mikil og miklu meiri en flestir hefðu talið að óreyndu, t.d. vegna

Tómas R. Einarsson er fæddur á Blönduósi árið 1953 og er einn fremsti djassleikari okkar Íslendinga. Hann hefur lært víða og leikið með mörgum frægum erlendum djassleikurum. Hann er með B.A.-próf í sagnfræði með spænsku sem aukagrein og hefur unnið mikið í tengslum við spænska tónlist og þýtt mörg bókmenntaverk úr spænsku. Tómas, sem er kontrabassaleikari, hefur gefið út fjölmargar plötur og farið víða um heim í tengslum við starf sitt. Hann hefur m.a. tekið upp disk á Kúbu og samið tónlist við margar sjónvarpsmyndir.

ferðalaga, leigu á húsnæði, undirleikara, margvíslegrar neyslu í tengslum við kórastarf, auk marga sem hafa fulla vinnu við kórastarf. Einnig er útgáfustarf á vegum kóra mikið og fjölbreytt.

Lúðrasveitir eru dæmi um umfangsmikla tónlistarstarfsemi hérlandis. Nú eru 11 starfandi lúðrasveitir í landinu með um 300 félagi. Allar sveitirnar hafa fastráðna stjórnendur. Lúðrasveitirnar tengjast oft starfi skólahljómsveita. Lúðrasveitir starfa innan landssambands, Sambands íslenskra lúðrasveita, sem var stofnað árið 1954 (Vilborg Jónsdóttir, 2004).

4. Niðurstöður og umræða

Meðal niðurstaðna þessa rits er að tónlist sem hluti menningar og skapandi atvinnugreina er umfangsmikil í hagkerfi okkar. Framlag menningar til landsframleiðslunnar er 4%, sem er meira en öll veitustarfsemi og nær þrefalt meira en landbúnaður annars vegar og ál- og kísiljárnframleiðsla hins vegar. Um 5.000 manns starfa við menningu hérlendis, sem er álíka fjöldi og starfar í útgerð annars vegar og í hótél- og veitingarekstri hins vegar.

Hið opinbera tekur virkan þátt í menningarstarfsemi hérlendis og hafa opinber menningarútgjöld aukist úr 6 milljörðum frá árinu 1990 í 21 milljarð árið 2001 á sambærilegu verðlagi og opinber menningarútgjöld sem hlutfall af heildarútgjöldum hins opinbera hafa aukist úr 4% í 6% frá árinu 1990 til ársins 2001. Jafnframt hafa opinber menningarútgjöld sem hlutfall af vergri landsframleiðslu vaxið úr 1,4% árið 1990 í 2,6% árið 2001.

Skapandi atvinnugreinar eru mjög umfangsmiklar hérlendis og er menningarstarfsemi hluti þeirra. Skapandi atvinnugreinar eru nú með um 23% af vinnumarkaði og hafa aukið hlutdeild sína úr 20% frá því fyrir 10 árum.

Í menningarhagfræði er m.a. fjallað um þá sérstöðu í listsköpun að framleiðniaukning á sér þar ekki stað í sama mæli og í öðrum atvinnugreinum. Þannig er t.d. fjöldi hljóðfæraleikara í strengjakvartett ætíð hinn sami. Vísindaleg vinnubrögð í stefnumótun henta mjög vel fyrir tónlistariðnaðinn. Tónlist er flutt aftur og aftur, jafnvel öldum saman og þar með á sér stað sífelld verðmætasköpun.

Tónlistarfólk er vel skipulagt í mörgum fagfélögum og nær allar samkomur hérlendis byggjast að einhverju leyti á tónlist og þátt-

töku tónlistarmanna. Tónlistarmenn taka einnig mikinn þátt í góðgerðarsamkomum og gefa þar oft vinnu sína. Um 1.200 manns vinna við tónlistariðnað sem er tæplega 1% af íslenskum vinnumarkaði.

Fyrirtæki í tónlistargeiranum velta um 6,5 milljörðum kr. á ári og framlag tónlistar til landsframleiðslunnar er um 1%, sem er umtalsvert borið saman við aðrar atvinnugreinar. Um 43 milljörðum kr. var varið í einkaneyslu árið 2003 í menningu og er hlutur tónlistar þar af um 8,5 milljarðar kr. Beinn útflutningur á tónlist er enn sem komið er óverulegur en óbein áhrif eru mikil, m.a. í ferðaþjónustu.

Auknar rannsóknir skila miklu fyrir listgreinar, sbr. áhrif skýrslu Aflvaka um kvikmyndaiðnaðinn árið 1998 en hún, ásamt öðru, leiddi til verulegrar aukningar á opinberum framlögum til kvikmyndagerðar næstu ár á eftir. Innan markaðsfræðinnar eru til fjölmörg líkön sem henta vel fyrir tónlistariðnaðinn.

Útgáfa innlands tónlistarefnis hefur aukist verulega undanfarna tvo áratugi, m.a. á Netinu, og er langmest gefið út af dægur-tónlist. Útgáfa tónlistar einkennist af mjög mörgum aðilum sem gefa aðeins út einn disk. Hinn hluti markaðarins skiptist milli örfárra fyrirtækja. Söluverðmæti diska hefur þó staðið í stað síðasta áratug. Kvikmynda- og myndbandamarkaðurinn skiptir verulegu máli fyrir tónlistariðnaðinn.

Hljóðvarpsrásur hefur fjölgað verulega síðustu tvo áratugi og útsendingartími sautjánfaldast og tónlist er mjög stór þáttur í útsendu efni. Sjónvarpsútsendingar hafa tuttugufaldast síðastlið-

in 15 ár og er tónlist vaxandi þáttur í útsendu efni. Árleg velta sjónvarps og útvarps er um 8 milljarðar kr. Þar af er Ríkisútvarpið með 3 milljarða kr. og einka-stöðvar með 5 milljarða kr.

Tónleikum hefur fjölgað verulega undanfarin ár, sérstaklega á landsbyggðinni, og er klassísk tónlist langalgengust. Meira en 5 opinberir tónleikar eru að meðaltali auglýstir á hverjum degi allt árið um kring en mikill munur er á fjölda tónleika á íbúa eftir landshlutum. Sinfóníuhljómsveit Íslands skiptir verulegu máli

Vladimir Ashkenazy er fæddur árið 1937 í Rússlandi. Hann er einn þekktasti píanóleikari heims og víðfrægur hljómsveitarstjóri. Hann kvæntist íslenskri konu, Þórunni Jóhannsdóttir píanóleikara, og þau bjuggu lengi á Íslandi og Vladimir varð íslenskur ríkisborgari. Hann hefur haldið tónleika víða um heim og gefið út fjölmargar plötur. Hann hefur verið stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og er nú heiðursstjórnandi hljómsveitarinnar. Hann var frumkvöðull þess að Listahátíð var haldin hérlendis en hún er nú orðin árlegur viðburður. Hann hefur í áratugi verið óþreytandi að berjast fyrir bættum aðbúnaði tónlistarfólks hérlendis.

í íslensku tónlistarlífi og hefur tónleikum fjölgað mikið síðustu fjóra áratugi. Gestum á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar fjölgaði um þriðjung síðustu tvo áratugi. Starfsemi Íslensku óperunnar skiptir miklu máli í tónlistarlífi landsmanna og hérlendis er sterk hefð fyrir óperusöng.

Fjöldi tónlistarskóla hefur nær sexfaldast síðustu fjóra áratugi og eru þeir nú 80. Nemendafjöldi í tónlistarskólum hefur elleufaldast síðustu fjóra áratugi og nemendur eru nú 12.000. Skipulag tónlistarskóla hérlendis, með sambland af einkaskólum og opinberum rekstri, er mjög gott miðað við útlönd. Lykillinn að því er góð verkaskipting almannavaldsins og einstaklinga. Tónmennt í grunnskólum er þó ekki kennd samkvæmt aðalnámskrá og aðeins hluti kennara þar hefur sérmenntun á því sviði. Mikill munur er á umfangi tónlistarkennslu eftir landshlutum og er hún hlutfallslega mest á Austurlandi og minnst á höfuðborgarsvæðinu. Þau ungmenni sem stunda tónlistarnám neyta mun síður tóbaks og áfengis en jafnaldrar þeirra og er ávinningur vegna þessa umtalsverður.

Mjög mikið tónlistarstarf er í kirkjustarfi hérlendis og fjöldi manns vinnur við það. Tugir kóra starfa á landinu og eru kórfélagar yfir 3.000 talsins. Margir hafa fulla vinnu við starf kóra og óbein efnahagsleg áhrif þeirra eru mikil.

Miðað við vöxt tónlistariðnaðarins og annarra skapandi atvinnugreina og stuðning og skilning á stöðu tónlistar, m.a. af hálfu opinberra aðila, er líklegt að um 1.500 manns muni vinna í tónlistariðnaði innan 5 ára og framlag til landsframleiðslunnar verði um 1,2%.

Tónlistin skiptir miklu máli í íslensku hagkerfi eins og rakið er í niðurstöðum hér að framan auk þeirrar ánægju sem flestir landsmenn hafa af því að hlusta á tónlist. Hægt er að draga nokkrar ályktanir af þessum niðurstöðum um næstu skref til að efla enn frekar þátt tónlistar í samfélaginu og er þeim tillögum skipt í sjö þætti.

Í fyrsta lagi er mikilvægt að vekja athygli á umfangi tónlistariðnaðarins innan menningargeirans og gagnvart umhverfinu, s.s. almenningi og stjórnámálamön-

***Þorgerður Ingólfsdóttir** er fædd í Reykjavík árið 1943. Hún er úr mikilli tónlistarfjölskyldu. Faðir hennar, Ingólfur Guðbrandsson, hefur lengi verið forvígismaður í íslenskri tónlist og var m.a. stofnandi og stjórnandi Pólyfónkórins. Systur Þorgerðar eru hljóðfæraleikarar og hún lærði tónlist hérlendis og í Bandaríkjunum. Hún hefur starfað lengst sem tónlistarkennari við Menntaskólann við Hamrahlíð og er stofnandi og stjórnandi Kórs Menntaskólans við Hamrahlíð. Þorgerður hefur starfað að mörgum hagsmunamálum tónlistarmanna og hlotið margar viðurkenningar.*

um. Tónlistariðnaðurinn er ekki þiggjandi í samfélagi okkar heldur gefandi og skilar umtalsverðu framlagi til landsframléiðslunnar.

Í öðru lagi er brýnt að auka menntun í markaðsmálum og stjórnun innan tónlistariðnarins. Betri viðskiptaþekking er nauðsynleg á öllum sviðum þjóðlífsins og ekki hvað síst innan menningargeirans. Sama máli gegnir um aukna listmenntun í almenna skólakerfinu. Hún skilar fljótt góðum árangri.

Í þriðja lagi ætti að hugleiða alvarlega að koma upp útflutningsskrifstofu fyrir tónlist erlendis, t.d. í samráði við Útflutningsráð Íslands. Hér væri Bretland líklega besti vettvangurinn.

Í fjórða lagi er brýnt að auka rannsóknir á menningarmálum og þá sérstaklega á tónlist. Hér geta stjórnvöld verið í fararbroddi en lítið fer enn fyrir áhuga þeirra á skipulögðum vísindarannsóknum í tengslum við menningu. Í öðrum löndum eru vísindarannsóknir um menningarmál, sem eru langoftast gerðar innan háskóla, mikilvægur þáttur í starfsemi hins opinbera.

Í fimmta lagi er mikilvægt að bæta aðstöðu fyrir Sinfóníuhljóm-sveitina og Íslensku óperuna. Nú hillir undir lausn á húsnæðisvanda Sinfóníuhljómsveitarinnar með byggingu nýs tónlistarhúss en það er mikilvægt að innviðir, eins og aðstaða, séu viðunandi fyrir sérhverja atvinnugrein.

Í sjötta lagi er mikilvægt að fara yfir löggjöf um tónlist. Hægt er að breyta skattalöggjöf til þess að efla enn frekar tónlistargeirann og aðra menningarstarfsemi. Hagkvæm og árangursrík leið í þeim efnum er að heimila fyrirtækjum að draga frá tekjum sínum framlög til menningar og vísinda með tilteknu álagi. Það að góð löggjöf

getur verið mikilvæg sést vel á tónlistarskólunum sem eru öflugir hérlendis en þeir búa við gott lagaumhverfi.

Í sjöunda lagi er brýnt að stofna tónlistarsjóð með umtalsverðu fjármagni sem getur styrkt atvinnugreinina enn frekar (*Framtíð íslenskrar tónlistar*, 2004). Miklu fé er varið af hálfu hins opinbera til menningarmála hérlendis og enn meiri áhersla á tónlist er mjög af hinu góða og skilar sér fljótt til hagsbóta fyrir hið opinbera og landsmenn alla.

Porkell Sigurbjörnsson fæddist í Reykjavík árið 1938. Hann er hálærður tónlistarmaður, nam í Bandaríkjunum þar sem hann lauk meistaraþrófi en einnig hefur hann lært tónlist í Frakklandi og Þýskalandi. Porkell hefur starfað ötullega að tónsmíðum og kynningu íslenskrar tónlistar erlendis en hefur einnig starfað að félagsmálum og var forseti Bandalags íslenskra listamanna og formaður Musica Nova. Porkell er sonur Sigurbjörns Einarssonar biskups sem hefur unnið mikið að framgangi tónlistar innan kirkjunnar og samið fjölda sálma.

Í þessu riti er farin sú leið að sýna tölulegar upplýsingar á myndrænan hátt enda er sú framsetning skýrari en eintómar tölur. Hins vegar er sérstakur kafli í lok ritsins með öllu því tölulega efni sem liggur til grundvallar einstökum myndum. Mikilvægt er að smátt og smátt verði byggður upp öflugur gagnagrunnur um tónlist.

Einnig er mikilvægt að vinna góða skrá um þau rit sem til eru á íslensku um tónlist. Í heimildaskránni sem fylgir þessu riti er vísað til fjölmargra innlendra heimilda auk erlendra og vonandi verður þessi vinna til þess að áframhald verði á því að draga saman upplýsingar um íslenska tónlist. Slíkt auðveldar síðar vísindalega greiningu á efninu.

Velgengni tónlistar á Íslandi liggur, auk góðra tónlistarskóla, vafalítið að hluta til í því að tónlistin er í nánú sambandi við umheiminn. Algengt er að erlendir tónlistarmenn komi hingað til lands, margir íslenskir tónlistarmenn hafa lært og starfað í útlöndum og stór hluti hljóðfærleikara Sinfóníuhljómsveitarinnar er útlendingar.

Tónlistin er alþjóðleg og hún er fyrsta sameiginlega mál heimsbyggðarinnar. Svipuðu máli gegnir um vísindarannsóknir. Þær eru alþjóðlegar, ekki aðeins fjölþjóðlegar. Frekari rannsóknir um tónlist og aðra þætti menningar héraendis verða að uppfylla tvö viðmið, þ.e. að taka tillit til og lýsa íslenskum aðstæðum og vera hluti af alþjóðlegum heimi rannsókna.

Skrá yfir myndir og töflur

Mynd 1

Hlutfallslegt framlag atvinnuvega til landsframleiðslu árið 2003

Mynd 2

Fjöldi starfsmanna í einstökum atvinnugreinum árið 2002

Mynd 3

Opinber útgjöld til menningarmála 1980–2001 í milljörðum kr. á verðlagi ársins 2003

Mynd 4

Útgjöld til menningarmála 1980–2001 sem hlutfall af heildarútgjöldum hins opinbera

Mynd 5

Opinber útgjöld til menningarmála 1980–2001 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu

Mynd 6

Umgjörð sköpunar (líkan Csikszentimihalyis)

Mynd 7

Hlutdeild atvinnugreina á vinnumarkaði hérlendis árin 1990 og 2002 og í Bandaríkjunum árið 1999

Mynd 8

Fimm krafta líkan Porters um samkeppnisstöðu fyrirtækja í tónlistariðnaði

Mynd 9

Samkeppnishæfi Íslands á tónlistarsviðinu

Mynd 10

Félagar í félögum tónlistarmanna 1980, 1995 og 2002

Mynd 11

Gjaldeyrstekjur í milljörðum kr. vegna erlendra ferðamanna 1985–2003 á verðlagi ársins 2003 og sem hlutfall af gjaldeyrstekjum

Mynd 12

Framlög ríkisins í Kvikmyndasjóð í milljónum kr. 1991–2004 á verðlagi ársins 2003

Mynd 13

Staða tónlistar á markaði í tvívíðu líkani

Mynd 14

Útgjöld menntamálaráðuneytisins á fjárlögum til menningarmála árið 2002 í milljónum kr.

Mynd 15

Hlutfallsleg skipting innlands útgefins tónlistarefnis 1979, 1990 og 2000

Mynd 16

Hlutdeild fyrirtækja í útgáfu innlendra hljóðrita 1990 og 2001

Mynd 17

Söluverðmæti diska 1991 til 2001 á verðlagi ársins 2003 í milljónum kr. og á hvern íbúa í kr.

Mynd 18

Fjöldi hljóðvarpsstöðva 1983, 1993 og 2003

Mynd 19

Útsendingartími hljóðvarpsstöðva í þúsundum klukkustunda 1985, 1993 og 2002

Mynd 20

Umfang sjónvarpsútsendinga í þúsundum klukkustunda 1986, 1991 og 2001

Mynd 21

Hlutdeild sérhæfðrar tónlistar á einstökum sjónvarpsstöðvum árið 2002

Mynd 22

Fjöldi tónleika á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni 1995 og 2000

Mynd 23

Hlutdeild tegundar tónlistar í heildarfjölda tónleika 1995 og 2000

Mynd 24

Tónleikar á hverja 1.000 íbúa í einstökum landshlutum árið 2000

Mynd 25

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands samtals 1965–2002

Mynd 26

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands sundurliðaðir 1965–2002

Mynd 27

Fjöldi tónleikagesta 1980, 1995 og 2002

Mynd 28

Meðalfjöldi nemenda í tónlistarskólum skólaárið 2002–2003, skipt eftir landshlutum

Mynd 29

Meðalfjöldi nemenda á hvern kennara skólaárið 2002–2003, skipt eftir landshlutum

Mynd 30

Stöðugildi tónlistarkennara á hverja 1.000 íbúa skólaárið 2002–2003, skipt eftir landshlutum

Mynd 31

Nemendur í tónlistarskólum, 15 ára og yngri, sem hlutfall af börnum á grunnskólaaldri skólaárið 2002–2003, skipt eftir landshlutum

Mynd 32

Nemendur í tónlistarskólum sem hlutfall af íbúafjölda skólaárið 2002–2003, skipt eftir landshlutum

Tafla 1

Hlutdeild menningarþátta til landsframleiðslunnar árið 2000

Tafla 2

Starfandi fólk árið 2002, skipt eftir starfsstéttum

Tafla 3

Velta fyrirtækja í menningargeiranum 1998–2002 á verðlagi ársins 2003 í milljónum kr.

Tafla 4

Mannaflí í fyrirtækjum innan menningargeirans 1998–2002

Tafla 5

Útflutningur þjónustu og útflutningur menningar í milljónum kr. á verðlagi ársins 2003 og hlutdeild menningar 1995–2002

Tafla 6

Útgjöld á fjárlögum til menningarmála árið 2002 í milljónum kr.

Tafla 7

Útgjöld til annarra menningarmála í Reykjavík árið 2004 í milljónum kr.

Tafla 8

Fjöldi tónlistarskóla, nemenda og hlutfall af íbúafjölda 1962–2003

Tölulegt gagnasafn mynda

Atvinnuvegir	Hlutfallslegt framlag til landsframleiðslu (%)
Ál- og kísiljárnframleiðsla	1,3
Landbúnaður	1,4
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	3,4
Menning	4,0
Samgöngur	7,7
Byggingastarfsemi	9,3
Fiskveiðar og fiskvinnsla	9,6
Verslun, veitinga- og hótélrekstur	11,7

Mynd 1: Hlutfallslegt framlag atvinnuvega til landsframleiðslu árið 2003

Atvinnugrein	Fjöldi starfsmanna
Veitustarfsemi	1.500
Menning	5.000
Fiskveiðar	5.300
Hótel- og veitingarekstur	5.500
Landbúnaður	6.000
Fjármálþjónusta	6.100
Fiskiðnaður	6.400
Samgöngur og flutningar	9.700
Mannvirkjagerð	12.200

Mynd 2: Fjöldi starfsmanna í einstökum atvinnugreinum 2002

Mynd 3: Opinber útgjöld til menningar- mála 1980–2001 í millj- örðum kr. á verðlagi ársins 2003

Ár	Menningarútgjöld á verðlagi ársins 2003	Menningarútgjöld á verðlagi hvers árs	Vísitala neysluverðs
1980	6.202	221	8,1
1981	6.968	374	12,2
1982	7.622	617	18,4
1983	6.799	1.014	33,9
1984	6.850	1.317	43,7
1985	7.559	1.926	57,9
1986	10.111	3.124	70,2
1987	10.402	3.817	83,4
1988	11.940	5.497	104,6
1989	12.938	7.212	126,7
1990	12.273	7.856	145,5
1991	13.176	9.008	155,4
1992	13.180	9.347	161,2
1993	15.096	11.144	167,8
1994	15.261	11.434	170,3
1995	13.802	10.517	173,2
1996	13.824	10.771	177,1
1997	15.388	12.206	180,3
1998	16.986	13.698	183,3
1999	18.471	15.407	189,6
2000	20.008	17.526	199,1
2001	20.656	19.302	212,4
2002			222,6
2003			227,3

Ár	Hundraðshluti útgjalda (%)
1980	4,14
1981	4,33
1982	4,47
1983	4,05
1984	4,38
1985	4,39
1986	5,05
1987	5,17
1988	5,35
1989	5,5
1990	5,21
1991	5,35
1992	5,48
1993	6,34
1994	6,18
1995	5,61
1996	5,44
1997	5,90
1998	5,92
1999	6,09
2000	6,43
2001	6,15

Ár	Hlutfall af vergri landsframleiðslu (%)
1980	1,37
1981	1,48
1982	1,56
1983	1,49
1984	1,48
1985	1,59
1986	1,94
1987	1,83
1988	2,14
1989	2,34
1990	2,1
1991	2,3
1992	2,3
1993	2,7
1994	2,6
1995	2,3
1996	2,2
1997	2,4
1998	2,4
1999	2,5
2000	2,7
2001	2,6

Mynd 4: Útgjöld til menningarmála 1980–2001 sem hlutfall af heildarútgjöldum hins opinbera

Mynd 5: Opinber útgjöld til menningarmála 1980–2001 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu

Atvinnugrein	1991	2002	USA 1999
Frumvinnsla	12,6	9,9	2,6
Iðnaður	33,3	31,6	24,5
Þjónusta	34,1	35,1	44,1
Skapandi greinar	20,0	23,4	28,8

Mynd 7: Hlutdeild atvinnugreina á vinnu-markaði hérlendis árin 1991 og 2002 og í Bandaríkjunum árið 1999

Ár	1980	1995	2002
Félag íslenskra hljómlistarmanna	380	282	494
Félag íslenskra tónlistarmanna	27	93	125
Tónskáldafélag Íslands	24	41	45
Félag tónskálda og textahöfunda	0	58	145

Mynd 10: Félagar í félögum tónlistarmanna 1980, 1995 og 2002

Mynd 11: Gjaldeyristekjur í milljörðum kr. vegna erlendra ferðamanna 1985–2003 á verðlagi ársins 2003 og sem hlutfall af gjaldeyristekjum

Ár	Gjaldeyristekjur í milljörðum kr. á verðlagi ársins 2003	Gjaldeyristekjur sem hlutfall af gjaldeyristekjum
1985	12,2	6,36
1986	13,3	6,65
1987	14,7	7,50
1988	16,0	9,02
1989	16,8	8,82
1990	21,2	10,86
1991	20,7	11,27
1992	18,8	10,99
1993	21,3	11,60
1994	23,8	11,31
1995	26,1	12,35
1996	26,6	11,74
1997	28,1	11,68
1998	32,7	12,93
1999	33,0	12,96
2000	34,8	13,15
2001	40,4	12,45
2002	37,9	12,02
2003	37,3	13,10

Mynd 12: Framlög ríkisins í Kvikmyndasjóð í milljónum kr. 1991–2004 á verðlagi ársins 2003

Ár	Í milljónum kr. á verðlagi ársins 2003
1991	162
1992	141
1993	154
1994	139
1995	118
1996	178
1997	179
1998	186
1999	251
2000	234
2001	338
2002	331
2003	331
2004	362

Mynd 14: Útgjöld menntamálaráðuneytisins á fjárlögum til menningarmála árið 2002 í milljónum kr.

Menningargreinar	Milljónir kr.
Ríkisútvarpið	2.022,0
Menningararfur	1.024,1
Leiklist	687,2
Bókmenntir	478,8
Listir og almenn menningarmál	445,5
Tónlist	403,0
Kvikmyndalist	328,0
Ípróttir	213,2
Myndlist	129,0
Æskulýðsmál	86,9
Ýmislegt	55,1

Ár	1979	1990	2001
Andleg tónlist	2,0	4,8	4,1
Þjóðlög	5,9	2,4	1,0
Djass	7,8	4,8	4,1
Sígild tónlist	9,8	4,8	8,1
Ljóða- og kórsöngur	13,7	10,8	10,2
Dægurtónlist	52,9	62,7	66,0
Annað	7,8	9,6	6,6

Mynd 15: Hlutfallsleg skipting innlends útgefins tónlistarefnis 1979, 1990 og 2001 (%)

Ár	1990	2001
Japis	0,0	3,0
Skífan	15,7	22,3
Spor	22,9	0,0
Smekkleysa	4,8	6,1
Aðrir	56,6	56,3

Mynd 16: Hlutdeild fyrirtækja í útgáfu innlendra hljóðrita 1990 og 2001 (%)

Ár	Smásala í milljónum kr. á verðlagi ársins 2003	Smásala í kr. á íbúa á verðlagi ársins 2003	Smásala í milljónum kr. á verðlagi hvers árs	Smásala í kr. á íbúa á verðlagi hvers árs	Vísitala neysluverðs
1991	1.292	4.976	883	3.402	155,4
1992	1.043	3.979	740	2.822	161,2
1993	813	3.068	600	2.265	167,8
1994	1.148	4.303	860	3.224	170,3
1995	1.304	4.871	994	3.712	173,2
1996	1.412	5.234	1.100	4.078	177,1
1997	1.445	5.310	1.146	4.212	180,3
1998	1.686	6.126	1.360	4.940	183,3
1999	1.718	6.163	1.433	5.141	189,6
2000	1.525	5.392	1.336	4.723	199,1
2001	1.410	4.927	1.318	4.604	212,4
2002					222,6
2003					227,3

Mynd 17: Söluverðmæti diska 1991 til 2001 í milljónum kr. og á hvern íbúa í kr.

Teigund stöðva	1983	1993	2003
Ríkisútvarpið á landsvísu	1	2	2
Staðbundið ríkisútvarp	1	3	4
Einkastöðvar á landsvísu	0	1	2
Staðbundnar einkastöðvar	0	13	18

Mynd 18: Fjöldi hljóðvarpsstöðva 1983, 1993 og 2003

Ár	1985	1993	2002
Ríkisútvarpið á landsvísu	9	16,0	16,0
Staðbundið ríkisútvarp	0	0,3	0,5
Einkastöðvar á landsvísu	0	9,0	18,0
Staðbundnar einkastöðvar	0	55,0	118,0

Mynd 19: Útsendingartími hljóðvarpsstöðva í þúsundum klst. 1985, 1993 og 2002

Mynd 20: Umfang sjónvarpsútsendinga í þúsundum klst. 1986, 1991 og 2001

Ár	1986	1991	2001
Samtals	2,7	6,7	49,6
Opin dagskrá	1,8	2,6	30,1
Áskriftarsjónvarp	0,9	4,1	19,4

Mynd 21: Hlutdeild sérhæfðrar tónlistar á einstökum sjónvarpsstöðvum árið 2002

Stöð 1 (Ríkisútvarpið – Sjónvarp)	1,3
Stöð 2	1,3
Sýn	0,9
Skjár 1	55,9
Popp Tívi	67,4
Bíórásin	1,7

Mynd 22: Fjöldi tónleika á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni 1985 og 2000

Ár	1995	2000
Samtals	1.385	1.565
Höfuðborgarsvæðið	846	962
Landsbyggðin	539	603

Mynd 23: Hlutdeild tegundar tónlistar í heildarfjölda tónleika 1995 og 2000

Ár	1995	2000
Klassísk	66,1	55,3
Djass	10,3	8,9
Dægurtónlist	8,8	17,8
Nemendatónleikar	13,2	13,7
Lúðrasveitir	1,4	0,6
Annað	0,2	3,7

Mynd 24: Tónleikar á hverja 1.000 íbúa í einstökum landshlutum árið 2000

Landið allt	6,0
Höfuðborgarsvæðið	6,1
Suðurnes	2,6
Vesturland	5,2
Vestfirðir	4,7
Norðurland	7,7
Austurland	5,6
Suðurland	6,1

Ár	Tónleikar alls	Almennir tónleikar í Reykjavík
1965	34	31
1966	38	35
1967	40	34
1968	39	29
1969	26	21
1970	26	23
1971	30	22
1972	35	25
1973	42	29
1974	36	31
1975	35	20
1976	37	22
1977	43	20
1978	46	21
1979	46	28
1980	43	24
1981	29	29
1985	41	28
1990	46	31
1995	89	34
1996	90	36
1997	83	36
1998	84	31
1999	70	30
2000	93	43
2001	72	55
2002	76	37

Mynd 25: Tónleikar
Sinfóníuhljómsveitar
Íslands samtals 1965–
2002

Mynd 26: Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands sundurliðaðir 1965–2002

Ár	Almennir tónleikar utan Reykjavíkur	Skóla- og barna-tónleikar	Tónleikar á sjúkrahúsum og víðar
1965	3	–	–
1966	3	–	–
1967	6	–	–
1968	10	–	–
1969	5	–	–
1970	3	–	–
1971	8	–	–
1972	10	–	–
1973	13	–	–
1974	5	–	–
1975	8	7	–
1976	9	6	–
1977	17	–	–
1978	14	11	–
1979	16	2	–
1980	–	10	–
1981	–	–	–
1985	13	–	–
1990	2	–	7
1995	9	22	24
1996	5	18	22
1997	12	17	10
1998	9	44	–
1999	7	13	20
2000	–	16	19
2001	5	12	–
2002	–	19	20

Mynd 27: Fjöldi tónleikagesta 1980, 1995 og 2002

Ár	1980	1995	2002
Sinfóníuhljómsveit Íslands	30.000	38.600	40.100
Sinfóníuhljómsveit Norðurlands		2.400	7.900
Salurinn			14.800
Ýmir			3.100

Svæði	Meðalfjöldi nemenda í tónlistarskólum	Nemendur á hvert stöðugildi kennara	Stöðugildi kennara á hverja 1.000 íbúa	Nemendur sem hlutfall af börnum á grunnskólaaldri	Nemendur sem hlutfall af íbúafjölda
Landið allt	154	19	2,19	22	4,3
Höfuðborgarsvæðið	183	16	1,89	16	3,0
Landsbyggðin	136	23	2,77	31	6,3
Vesturland	135	23	2,91	32	6,5
Vestfirðir	76	18	3,59	33	6,6
Norðurland	138	21	2,69	28	5,7
Austurland	86	22	4,06	45	8,8
Suðurland	283	25	2,10	27	5,3
Suðurnes	274	30	2,35	33	6,9

Myndir 28-32:
Tónlistarskólar
skólaárið 2002–2003

Heimildaskrá

Appadurai, A. *Modernity at Large: Cultural Dimensions of Globalization*. University of Minnesota Press. Minneapolis 1996.

Ágúst Einarsson. Global Cultural Economics. Í Valur Ingimundarson, Kristín Loftsdóttir & Irma Erlingsdóttir (ritstjórar), *Topographies of Globalization: Politics, Culture, Language*. Háskóli Íslands. Reykjavík 2004.

Ágúst Einarsson. *The Economic Contribution of SMEs within the Cultural Sector of SMEs in a Small Society in a Global Context*. 3rd International Conference on Cultural Policy Research (ICCPR'04), HEC Montréal. Montreal 25. til 28. ágúst 2004.

Ágúst Einarsson. *Hagræn áhrif menningar*. Erindi í málstofu Viðskipta- og hagfræðideildar. Reykjavík 31. mars 2004.

Ágúst Einarsson. Umfang menningar í íslensku hagkerfi. *Tímarit Máls og menningar*, 62 (3), 2001.

Álitsgerð nefndar um tónlistarhús. Nefnd um tónlistarhús. Reykjavík 1997.

Árbók kirkjunnar. Biskupsstofa. Reykjavík 1998.

Ársreikningar 2002. Samband íslenskra sveitarfélaga. Reykjavík 2004.

Ársreikningur 2002. Ríkisútvarpið. Reykjavík 2003. Sótt af Netinu. Slóðin er www.ruv.is

Ársrit SÁÁ 2001–2002. SÁÁ. Reykjavík 2002.

Baumol, W.J. & Bowen, W.G. *Performing Arts: The Economic Dilemma*. Twentieth Century Fund. New York 1966.

Behind the Music. Profiting from Sound: A Systems Approach to the Dynamics of the Nordic Music Industry. Nordic Industrial Fund. Kaupmannahöfn 2003.

Bendixen, P. *Einführung in die Kultur- und Kunstökonomie*. Westdeutscher Verlag. Opladen 1998.

Bjarki Bjarnason. *Sinfóníuhljómsveit Íslands*. Sögustein. Reykjavík 2000.

Bjarni Daníelsson. *Upplýsingar um Íslensku óperuna*. Reykjavík 2004.

Björn Th. Árnason. *Upplýsingar um skipulag tónlistarmanna*. Reykjavík 2004.

Burke, A.E. Music business. Í R. Towse (ritstjóri), *A Handbook of Cultural Economics*. Edward Elgar Publishing. Cheltenham 2003.

- Caves, R.E. *Creative Industries. Contracts between Art and Commerce*. Harvard University Press. Cambridge 2000.
- Csikszentimihályi, M. Implications of a Systems Perspective for the Study of Creativity. Í R.J. Sternberg (ritstjóri), *Handbook of Creativity*. Cambridge University Press. New York 1999.
- Cultural Policies in Europe*. Council of Europe. Strasbourg 2003. Sótt af Netinu. Slóðin er <http://www.culturalpolicies.net/>
- Denmark's Creative Potential. Culture and Business Report 2000*. The Ministry of Trade and Industry and the Ministry of Culture. Kaupmannahöfn 2001.
- Destiny. *Upplýsingar til útlendinga um tónleikahald*. Sótt af Netinu. Slóðirnar eru www.destiny.is og www.icelandairwaves.com
- European Community Action in Favour of Culture 1996–1998*. European Commission. Brussel 1998.
- Félag íslenskra hljómlistarmanna 50 ára. *Tónamál. Rit Félags íslenskra hljómlistarmanna*. Nr. 15. Reykjavík 1982.
- Fjárhagsáætlun 2004*. Reykjavíkurborg. Reykjavík 2004.
- Fjárlög 2002–2004*. Alþingi. Reykjavík 2002–2004.
- Fjölmíðlakannanir*. IMG Gallup. Reykjavík 2004. Sótt af Netinu. Slóðin er www.img.is/indiex/jsp
- Fjölmíðlun og menning*. Hagstofa Íslands. Reykjavík 2003.
- Florida, R. *The Rise of the Creative Class*. Basic Books. New York 2002.
- Framtíð íslenskrar tónlistar. Stefnumótun. Framtíðarsýn*. Samtónn. Reykjavík 2004.
- Frey, B.S. *Arts and Economics*. Springer. Berlín 2000.
- Frumvarp til laga um tónlistarsjóð*. Alþingi, 130. löggjafarþing, þskj. 1382. Reykjavík 2004.
- Frumvarp til fjárlaga 2004*. Alþingi. Reykjavík 2003.
- Gagnasafn Morgunblaðsins*. Morgunblaðið. Reykjavík 2004. Sótt af Netinu. Slóðin er www.mbl.is
- Gander, J. & Riepke, A. How Relevant is Transaction Cost Economics to Inter-Firm Relationship in the Music Industry? *Journal of Cultural Economics*, 28 (1), 2004.
- Gísli Baldvinsson. *Upplýsingar um karlakóra, 2004*.
- Gjaldeyrstekjur*. Samtök ferðaþjónustunnar. Reykjavík 2004. Sótt af Netinu. Slóðin er www.saf.is
- Guðmundur Ólafsson. *Verð eða skattheimta*. Erindi á fundi Viðskipta- og hagfræðideildar. Reykjavík 6. apríl 2004.
- Gunnar Guðmundsson. *Upplýsingar í tölvubréfi 5. mars, 2004*.
- Gunnlaugur A. Júlíusson. *Upplýsingar úr ársreikningum sveitarfélaga*. Reykjavík 2004.
- Gylfi D. Aðalsteinsson & Helga Björg Ragnarsdóttir. Iceland. Í *Behind the Music. Profiting from Sound: A Systems Approach to the Dynamics of the Nordic Music Industry*. Nordic Industrial Fund. Kaupmannahöfn 2003.
- Gylfi Blöndal. Aðstöðumál tónlistarmanna. *Morgunblaðið*. Reykjavík 18. júlí 2004.
- Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*. Hagstofa Íslands. Reykjavík 1997.
- Hagstofa Íslands. *Ýmsar óbirtar tölulegar upplýsingar frá Hagstofu Íslands*. Reykjavík 2004.
- Hagtíðindi*. Hagstofa Íslands. Reykjavík, 89 (14), 2004.

- Handbook of Creativity*. R.J. Sternberg (ritstjóri). Cambridge University Press. New York 1999.
- Haukur F. Hauksson. Reykvísk tónlistarmenntun í alþjóðlegu samhengi. Í *Tónlistarmenntun á 21. öld. Hvert stefnir?* Málþing Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Reykjavík 21. febrúar 2004.
- Haydon, B. Cultural Statistics within a Developed Statistical System (Australia and Canada). Í *World Culture Report*. Highlights. Part Five. Methodology: Building Cultural Indicators. UNESCO. París 2000.
- Heilbrun, J. & Grey, C.M. *The Economics of Art and Culture. An American Perspective*. Cambridge University Press. Cambridge 1993.
- Heilbrun, J. Baumol's cost disease. Í R. Towse (ritstjóri), *A Handbook of Cultural Economics*. Edward Elgar Publishing. Cheltenham 2003.
- Held, D., McGrew, A., Goldblatt, D. & Perator, J. *Global Transformations. Politics, Economics and Culture*. Polity Press. Cambridge 1999.
- Hjálmar H. Ragnarsson. Hvert stefnir? – vangaveltur um gildi tónlistarmenntunar, stöðu hennar og framtíðarhorfur. Í *Tónlistarmenntun á 21. öld. Hvert stefnir?* Málþing Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Reykjavík 21. febrúar 2004.
- Icelandic National Group of IFPI (FHF). Reykjavík 2004.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir & Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. Um gildi tónlistarnáms fyrir íslensk ungmenni. Í *Tónlistarmenntun á 21. öld. Hvert stefnir?* Málþing Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Reykjavík 21. febrúar 2004.
- Jackson, W.A. Cultural Materialism and Institutional Economics. *Review of Social Economy*, 54 (2), 1996.
- Jón Ásbjörnsson. Upplýsingar byggðar á gögnum frá Seðlabanka Íslands, 2004.
- Jón Garðar Hreiðarsson & Ingi Geir Hreinsson. *Íslensk tónlist — tækifæri til útflutnings*. KPMG Ráðgjöf. Reykjavík 2000.
- Kapur, D. The Common Pool Dilemma of Global Public Goods: Lessons from the World Bank's Net Income and Reserves. *World Development*, 30 (3), 2002.
- Kaul, I., Grunberg, I. & Stern, M.A. (ritstjórar). *Global Public Goods. International Cooperation in the 21st Century*. Oxford University Press. London 1999.
- Konráð Ásgrímsson. Upplýsingar um karlakóra, 2004.
- Kostnaður og tekjur þjóðfélagsins vegna áfengisneyslu árin 1985–1989*. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Reykjavík 1991.
- Kostnaður vegna reykinga á Íslandi árið 2000*. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Reykjavík 2003.
- Kvikmyndaiðnaðurinn á Íslandi*. Aflvaki. Reykjavík 1998.
- Landshagir*. Hagstofa Íslands. Reykjavík 2003.
- Magnús Árni Skúlason. Vinnureglur um fjárveitingar Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla. Í *Tónlistarmenntun á 21. öld. Hvert stefnir?* Málþing Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Reykjavík 21. febrúar 2004.
- Margrét Bóasdóttir. Upplýsingar um tónleikahald, 2004.
- Margrét Pálmadóttir. Upplýsingar um kvennakóra, 2004.

- Margrét S. Sigurðardóttir. *Umhverfi sköpunar, Smekkleysa sm/sf*. MS-ritgerð. Viðskipta- og hagfræðideild. Reykjavík 2003.
- Marshall, L. The Effects of Piracy upon the Music Industry: A Case Study of Bootlegging. *Media Culture & Society*, 26 (2), 2004.
- Menning. Menntamálaráðuneytið. Reykjavík 2002.
- Niðurstöður úr könnun á starfi tónlistarkennara, þjónustu og umfangi tónlistarskóla. *Skólaárið 2002–2003*. Félag tónlistarskólakennara. Reykjavík 2003.
- OECD in Figures. OECD. París 2003.
- Papadoulous, T. Copyright. Parallel Imports and National Welfare: The Australian Market for Sound Recording. *The Australian Economic Review*, 33 (4), 2000.
- Peacock, A. & Rizzo, I. (ritsjórar) *Cultural Economics and Cultural Policies*. Kluwer Academic Publishers. Dordrecht 1994.
- Porter, M.E. *Competitive Strategy*. The Free Press. New York 1980.
- Porter, M.E. *The Competitive Advantage of Nations*. The Free Press. New York 1990.
- Ragnar Karlsson. Upplýsingar frá Hagstofu Íslands, 2004.
- Rodrigues, J.P. & Fernandez-Blanco, V. Are Popular and Classical Music Listeners the Same People? *Journal of Cultural Economics*, 24 (2), 2000.
- RÚV. Fréttir 16. apríl 2004.
- Saga Músiktilrauna. Tónabær og Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur. Reykjavík 2004. Sótt af Netinu. Slóðin er www.musiktilraunir.is
- Samtíðarmenn. Vaka-Helgafell. Reykjavík 1993.
- Schulze, G. International Trade in Art. *Journal of Cultural Economics*, 23 (1–2), 1999.
- Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir. Upplýsingar um kvennakóra, 2004.
- Sigurgeir Sigmundsson. *Tónlistariðnaðurinn á Íslandi með tilliti til þátttöku Íslendinga í EES fyrr, nú og í framtíðinni*. Kandiðatsritgerð í Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Reykjavík 1993.
- Sinfóníuhljómsveit Íslands. Reykjavík 2004. Sótt af Netinu. Slóðin er www.sinfonia.is
- Stanfield, J.R. The Scope, Method and Significance of Original Institutional Economics. *Journal of Economic Issues*, 33 (2), 1999.
- Steenkamp, J.-B. The Role of National Culture in International Marketing Research. *International Marketing Review*, 18 (1), 2001.
- Stefán Hermannsson & Stefán Eggertsson. *Reykjavík City Theatre Conversion Style*. Atrec Consultants. New York 2003.
- Stefán Hjörleifsson. Viðtal í Viðskiptablaðinu. Reykjavík 14. maí 2004.
- Stefnumörkun um rekstur tónlistarskóla og skólahljómsveita í Reykjavík. Skýrsla verkefnastjórnar um rekstur tónlistarskóla í Reykjavík og skólahljómsveita grunnskóla Reykjavíkur. Fræðsluráð Reykjavíkur. Reykjavík 1999.
- Storm, E. Cultural Policy as Development Policy: Evidence from the United States. *International Journal of Cultural Policy*, 9 (3), 2003.

Styrkir til menningarmála árið 2002. Viðskipta- og hagfræðideild. Reykjavík 2003.

Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Stefánssonar um styrki til útrásar íslenskrar dægurtónlistar. Alþingi, 128. löggjafarþing, þskj. 862. Reykjavík 2003.

The World Health Report 2001. World Health Organisation. Genf 2004. Sótt af Netinu. Slóðin er <http://www.who.int/whr2001/2001/main/en/chapter2/002e2.htm>

Throsby, D. The Production and Consumption of the Arts: A View of Cultural Economics. *Journal of Economic Literature*, 32 (1), 1994.

Torfi Jónsson. *Æviskrár samtíðarmanna*, 1.–3. bindi. Skuggsjá. Reykjavík 1982–1984.

Towse, R. Introduction. Í R. Towse (ritstjóri), *A Handbook of Cultural Economics*. Edward Elgar Publishing. Cheltenham 2003.

Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð. *Nýtingar og hagkvæmismat*. VSÓ Ráðgjöf. Reykjavík 1998.

Tónlistarkennsla í grunnskólum skólaárið 2002–2003. Menntamálaráðuneytið. Reykjavík 2003.

Tónverkaútgáfan Ísalög. Reykjavík 2004. Sótt af Netinu. Slóðin er <http://www.isalog.info/isalog/index.html>

Upplagseftirlit. Pricewaterhouse Coopers/Samband hljómplötuframleiðenda. Reykjavík 1995–2001.

Upplýsingaveita um íslenska músík. Reykjavík 2004. Sótt af Netinu. Slóðin er www.musik.is

Útflutningur á íslenskri dægurtónlist. *Samantekt af ráðstefnu Útflutningsráðs 2. maí*. Útflutningsráð. Reykjavík 2002.

Vantar alltaf góða tenóra. Morgunblaðið. Reykjavík 31. ágúst 2004.

Vilborg Jónsdóttir. Upplýsingar um lúðrasveitir, 2004.

World Culture Report 2000. UNESCO. París 2002.

Þorvaldur Gylfason. *Almannahagur*. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík 1990.

Þorvaldur Gylfason. *Hagfræði, stjórnmál og menning*. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík 1991.

Þorvaldur Gylfason. Tannlækningar og tónlist. *Lesbók Morgunblaðsins*. Reykjavík 3. janúar 2004.

Þórir Þórisson. *Þróun tónlistarfræðslu á Íslandi á 20. öld*. Erindi á afmælistálfingi Félags tónlistarskólakennara. Reykjavík 3. maí 2003.

Þórólfur Þórlindsson, Kjartan Ólafsson, Viðar Halldórsson & Inga Dóra Sigfúsdóttir. *Félagsstarf og frístundir íslenskra unglinga*. Æskan. Reykjavík 2000.

Þröstur Ólafsson. Upplýsingar um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 2004.



Hagræn áhrif tónlistar

„Hagræn áhrif tónlistar“ eftir Dr. Ágúst Einarsson prófessor er fyrsta bók sinnar tegundar á Íslandi. Í ritinu lýsir Ágúst því hvernig tónlist er umtalsverður þáttur í hagkerfi þjóðarinnar, auk þess sem hún er ómæld uppspretta ánægju þeirra sem hlusta á hana. Í bókinni er greint frá mismunandi sviðum menningar í hagkerfinu og hvernig hinar skapandi atvinnugreinar verða sífellt umfangsmeiri. Lýst er tölunum á bak við einstaka þætti tónlistar. Jafnframt eru birt stutt æviágrip 50 einstaklinga sem hafa sett svip sinn á íslenskt tónlistarlíf síðastliðin 100 ár. Mikill fengur er að þessari bók fyrir alla sem láta sig menningu, og þá sérstaklega tónlist, varða.

Ágúst Einarsson er prófessor við Háskólann á Bifröst og fyrrverandi rektor skólans. Hann nam rekstrarhagfræði í Pýskalandi og varði doktorsritgerð við Háskólann í Hamborg. Ágúst hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum og sat meðal annars á Alþingi. Hann var um árabíl prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og var þar skorarformaður og deildarforseti. Ágúst hefur gefið út margar bækur og skrifað greinar í vísindatímarit um rekstrarhagfræði, sjávarútveg og menningu sem og kafla í bækur og ráðstefnurit.

